rett a stag fyr sletta
sceiþr en skelcþut brvþir
Scan[ey Donom nanar].[1]

### *Fra fvndi Magnvs konvngs oc Harallz. *3 b

Nv er þar til sogo at taca er fyrr var fra horfit. er þeir finnaz i Danmorc Magnvs konvngr oc Haralldr foþorbroþir hans. oc heimtaz nv a ta(l)enir vitrosto menn oc hafa tal milli sin. spyrr Haralldr hverso Magnvs konvngr mon þa iafna vilia rikit milli þeira. Magnvs konvngr svarar[2] bliþliga frenda sinom oc letz þat gera vilia eptir raþi stormennis oc fysi lanzmanna. Siþan ero til heimtir rikismenn oc vpp borit af Magnvsi konvngi hvers Haralldr beiddiz. Þa svaraþi Einarr þambarscelfir fyrst rikismanna. Fiarri vartv þa Haralldr er ver vnnom land af Knytlingom. oc ecki fysomz ver at tvisciptaz milli hofþingia. hofvm ver iafnan einom senn þionat. oc sva mvn enn vera meðan Magnvs konvngr heldr rikino oc lifi sino. Eptir þessi roþv hneigiaz allir rikismenn i sinom svorom. oc þo at a sina lvnd høfi hverr sitt mal. þa com þo i einn stað niðr vm annsvor at þeir vilia hafa Magnvs konvng einn saman ifir riki.

Scilsc nv Haralldr fra við vsømþ. vicr nv aptr oc stefnir fvnd við Svein iarl Vlfs son. oc gera nv raþ sin oc felagscap a þa lvnd at Haralldr leggr Noreg til af sinni hendi. en Sveinn Danmorc. scolo nv baþir vinna beþi lavnd af Magnvsi konvngi. Eflaz nv meþ scipom oc liþi oc fara viþa vm Siolond. heria þar viþa oc brenna bøi oc taca folc mikit. sem Valgarðr segir.

Haralldr gørva leztv heriat
hnyggr þv annscotvm tiggi
hvatt rann vargr at vilia
valfallz Selond alla:

[1]) [ ] *Hul paa Pergamentet.* [2]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

gece a Fion en feccat
fiolmeþr konvngr hialmom
brast rikvla ristin
rit erfiþi litit.

Brann i bø fyr svnnan
biartr elldr Hroiskeldo
ravnn let ręsir nenninn
reycvell ofan fella:
lago lanzmenn gnogir
lo hel svmom frelsi
drosc harmvesallt hysci
hliott til scogs til flotta.

Dvolþo daprt of scilþa
drifo þeir er eptir lifþo
ferþ en fengin vrþo
fogr sprvnd Danir vndan:
láss hellt liki drosar
leiþ firir yðr til sceiþa
bitv fikvla fiotrar
flioþ mart horvndbiarta.

Þa er Haralldr oc Sveinn vnno þvilict sem nv var fra sagt. þa spyrr þat Magnvs konvngr oc vinir hans at þeir baþir geraz nv a hendr honom. oc letr nv misraþit er þeir reþv honom þat at vikia Haralldi af hendi. qveþr þetta rikino vendiligan hasca vera mono. (gera) nv þat raþ at senda eitt leyndarbref a fvnd Harallz oc segia[1] at þat se vili Magnvs konvngs at þeir hittiz i griþom. oc mętti semia malit með ser. Oc er sendimenn como a fvnd Harallz oc sogþo honom þa villdi hann þetta oc leitar ser raðs vm bravtferþina fire sacir vinmęla þeira Sveins. at eigi virþi menn honom þetta til lavsvngar. Oc einn morgon er Haralldr la i lyptingo. þa com or i fotafiolna. oc þvi nęst onnor. Haralldr la vt við borþit. en tredrvmbr einn la i rvmino hans. oc þar breitt ifir cleþi dyrlict. oc við þetta spratt Haralldr vpp oc melti. Þar megit er nv sia svic þeira Dana viþ mic. oc þetta var mer etlat. oc mon meira rað at sia við oc eigi er glicliet at þeir se mer trvir. er þeir svico Magnvs konvng. Oc þegar vm morgoninn qvaddi hann þings. oc segir nv a þingino at ber ero orþin svic við sic af raþom Sveins iarls oc mest van at við þetta scriþni vart felag. oc mon ec eigi hafa hamingio til sem liclict er þars hann svarþi trvnaþareiþ Magnvsi konvngi oc ravf þann. Sveinn iarl spyrr þessi orþ Harallz. oc qvez etla at hann mondi rangt sagt hafa a hendr ser. oc man hann sialfr hafa þetta raþ til lagit. oc þarf hann fyr þvi eigi avðrom at kenna. en þar er mikit til haft at ec hellt eigi vel eiþonom við Magnvs konvng. en eigi lęt ec at þat scyli opt i moti bera. þotti mer þar til vera noccor varkvnn vm ettleifð mina. er vtlendir hofþingiar settvz a hana en ec hafþa eigi. Hann sendir nv þav orþ meþ Norþmonnom at Haralldr hefir hann fyr logno vm þetta oc eigi letc hann hversdagliga scolo þat syna at hann megi við svikin kenna. oc biþr sva segia Haralldi at hann

[1]) s. Cd.

www.libtool.com.cn

hyggr at sialfir myni þetta rað gort hafa. oc myni Haralldr syna scipt scaplyndi sino i þesso. oc myni hann sialfr valdit hafa. Oc nv scipta þeir liþino. siglir Haralldr vtleiþ norþr til Noregs. sem Valgarðr segir.

Jnn var í sem brynni
iðglict sio miðian
elldr þar er yðrom helldoð
orms mvnn scipom svnnan:
sceið bar scolpt enn ravþa
scein af gvlli hreino
dreki for dagleið micla
dvfo bravt vnd hvfi.

Lavðr var lagt i beþi[1]
lec sollit haf golli
enn herscipom hrannir
høfoþ ogorlig þogo:
ręðr þv en resir øþri
rict alldri sio kalldan
sveit tør sinom drotni
snioll Noregi ollom.

Her visar til at a þessa lvnd com Haralldr til velldis oc i land or vtferþinne.

Oc þa er hann com avstr í Vic. letr hann þar eptir scipin. oc flyz þa a Vpplond a oþol sin oc beiddiz þar ęttar nafns at bendr scyldo kalla hann konvng sem heitit hofðo hans firemenn. en þa diorfvng þorþi engi maþr þar at gøra fire riki Magnvs konvngs at lata heita annan mann konvng at honom lifanda. Þa com Haralldr norðr i Gvðbranzdali. oc atti þar þing oc beiddiz konvngs nafns. Þar varþ til einn maðr af bvondom. er þat gørþi. en þat var Þorir a Steig. er siþan var mikill hofþingi. en þa var Þorir .xv. vetra gamall er hann gaf Haralldi konvngs nafn. En Haralldr gaf honom þa mavsvrbolla oc var girþr meþ silfri. oc ifir kilpr gylldr af silfri. hollinn sialfr var oc fvllr af brendo silfri. Hann gaf honom oc .ii. gvllhringa. oc stoþo baþir saman morc. oc scickio sina. þat var brvnn purpuri. oc her með (het) hann honom miclom metorþom ef hann yrþi raþandi rikissins. Siþan for Haralldr með flocci vm Vpplond. oc var þa callaðr konvngr af bvondom. Sveinn iarl for þa viþa herscilldi með scipa her vm Smalond i Danmorc.

Oc oll þessi tiþindi er nv er fra sagt spyrr Magnvs konvngr. oc meþ raþi hofþingianna snyr hann flotanom norðr í Noreg. vill Magnvs konvngr nv hitta Haralld konvng oc forvitnaz hvat vill. hvart hann vill nv settaz við hann eþa vill hann vfrið. oc vill Magnvs konvngr þat landit þa fyrst veria er hans ęttiorþ er. Kømr nv i Vikina oc spyrr þar oll tiþindi hvat Haralldr frendi hans hafðiz at.

[1]) bebi *Cd.*

www.libtool.com.cn

Haralldr konvngr søkir ofan í moti honom meþ liþi. Oc nv coma við beggia vinir oc frendr. oc bera i milli settarboþ oc kømr sva þvi mali at þeir frendr scolo finnaz i griþom. Var þa stefnd veizla ric þar sem heitir a Scialdaracre. scylldi Magnvs konvngr veita .iii. daga Haralldi konvngi oc meþ honom .lx. manna Oc enn fyrsta dag er Magnvs konvngr veitti oc borþ voro ofan gecc Magnvs konvngr vt or stofvnni. oc litlo siþarr com hann inn oc gengo menn firir honom oc eptir með storom byrþom. Menn Harallz konvngs scipoðo annan pall. oc gecc Magnvs konvngr þar at yzta manne Harallz. oc gaf honom sverþ gott. oðrom sciold. þa kyrtil. þa klęþi eþa gvll eþa vapn. letr sva fara innar eptir becnom. gefr hueriom manne. oc þeim størrom avallt er tignari voro. oc siþan cømr hann fyr frenda sinn Haralld konvng oc hafþi i hendi ser .ii. reyrteina fagra oc melti. Haraldr frendi. hvarnn reyrtein vilit er [þiggia][1] af oss at giof. Haralldr svaraþi[2]. Þann herra er aðr er nerri oss. Þa melti Magnvs konvngr. Með þessom reyrsprota gefom ver yþr halft Noregs [konvngs] veldi með ollom scatti oc scvlld oc allri eign. með þessom formala at þv scallt vera iafnrettr konvngr i ollom stoþom i Noregi sem ec. oc þa er ver erom allir saman. scal ec vera firemaðr ockarr i heilson oc þionkon oc seti. oc ef .iii. ero tignir menn scolo ver i miðio vera. ver scolom hafa konvngs legi oc konvngs bryggior. þer scolot oc styðia oc styrkia vart riki i þann stað er ver hofom gert (yþr) þann mann í Noregi er ver hvgþom at engi skyldi vera meðan varr havss veri fyr ofan iorþ. Oc þa stoð vpp Haralldr konvngr oc þaccar vel frenda sinom þessa tignargiof. Oc sitia nv allir saman oc ero katir.

Oc at liðnom [.iii. dogom þa hefir][1] Haralldr konvngr veizlo bvna með ollo sino liþi. byðr Magnvsi konvngi til sin með .lx. manna oc veitir nv af cappi Magnvsi konvngi. [Oc enn fyrsta dag hans] veizlo velr Haralldr giafar ollom monnom Magnvs konvngs. þeim er þar voro.
*4 oc com þar inn margr fasenn gripr *er gefinn var. oc þa er ollom var gefit nema konvngi einom. þa let Haralldr taca stola .ii. setzc a annan en bað Magnvs konvng scipa annan. oc sva gørir hann. setzc niþr a stolinn. Þa voro bornar inn i stofona toscor beþi margar oc storar. oc var breitt niðr cleþi i halminn. oc siþan let Haralldr konvngr vpp lvca fehirzlonom. oc melti siþan til Magnvs konvngs. Þer veittoþ oss fyrra dags riki mikit er þer hofþvt aðr vnnit með sømþ af vvinom yðrom oc varom. oc tokot oss til samlags við yðr. oc var þat vel gort. enda hofðvt er mikit til. Nv er her í annan staþ at sia. Ver hofom verit vtanlendis oc þo í noccorom mannhettom aþr

¹) [ ] *Hul p. Perg.* ²) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

en ver hafim þesso gvlli saman comit. oc scolo ver nv scipta þesso í tva staþi ollo. oc scolo þer nv frendi eignaz halft gvllit við oss. þar er þer villdvt at ver ęttim[1] halft landit með yðr. Letr nv Haralldr konvngr bera vpp gvllit oc bera til reiðlor. oc scipta milli sin. oc þiccir þetta mikil furða hveriom er ser. er i Norðrlond scal sva mikit gull vera comit i einn stað. en þetta var þo reyndar Griccia konvngs avðr sem allir menn segia. at þar se ravtt gvll ner hvsom fvllom. Oc nv ero konvngar katir. Oc þa com vpp eitt gvllstavp sva mikit sem mannz hofvð veri. oc toc Haralldr konvngr vpp stavpit oc melti til Magnvs konvngs. Frendi. hvar er nv þat gvll er þv reiþir nv her .i gegnn þessom knaphofða. Magnvs konvngr (svarar). Sva hefir oss gefiz ofriþrinn at allt gull oc naliga allt silfr gefom ver þat er ver tocom i landscylldir oc a varri varðveizlo er. oc eigi er nv meira gvll eptir en sia hringr er ec hefi a hendi. Oc toc af henndinni hringinn oc fecc i hond Haralldi konvngi. Hann leit a oc melti. Þetta er litit gull frendi segir hann. þess konvngs er a .ii. konvngriki. oc meiri von at svmir menn ifisc i hvart þer eigvð þenna hringinn eþa eigi. Þa svaraþi Magnvs konvngr ahyggiosamliga. Ef þenna hring hofvm ver eigi rettliga fenginn. þa veit ec eigi hvat þat er [er ver[2] hafim rett fengit. þvi at Olafr helgi konvngr gaf mer hringinn at enom efsta varom[3] scilnaði. Satt segit er herra. Olafr konvngr hefir yþr gefit hringinn. en þenna sama hring toc hann af feþr minom fyr ecki micla soc. oc eigi var þa gott smakonvngom i landino er faþir þinn var sem rikastr. Oc fell nv niþr þetta hial. Scilþv nv meþ þvi veizlvna at .xii. menn enir rikvstv af hvars liþi vnno settareiþa milli þeira. oc sciliaz nv með vinatto oc styra rikino vm vetrinn. voro baþir i Noregi. oc hafði sina hirð hvarr.

Með þessom hętti sagþi[4] Þorgils vitr maðr. oc qvað ser segia Goðriþi dottor Gothorms Steigarþoris sonar. oc hann letzc sia mavsvrbollann oc mavttvlinn er Haralldr konvngr gaf Þori. oc var þa scorinn[5] i alltara kleþi. Þessi mal sannar Bolvercr scald.

Heimil varþ er ec heyrþa
hoddstriþir þer siþan
grøn er gull bavtt hanom
grvnd er Magnvs fvndoþ:
endisc yðvar frenda
allfrilliga a milli
sętt en siþan vetti
Sveinn romolldo einnar.

Oc er a leið vetrinn oc svmarit eptir. þa er þess viþ getiþ et nesta havst. at sva barsc at þa er Magnvs konvngr oc Haralldr kon-

[1]) ęttit *Cd.* [2]) [ęver *Cd.* [3]) vaRom *Cd.* [4]) s. *Cd.* [5]) scoRinn *Cd.*

www.libtool.com.cn

vngr foro meþ liþi sino avstan or Vic oc lago i hofnn einni. at vm daginn eptir varþ Haralldr konvngr fyrri bvinn at sigla. enn Magnvs konvngr oc hans menn voro enn eigi bunir. Nv siglir Haralldr konvngr firir. oc er þeir como til hafnar þa leggr Haralldr i konvngs legit. Magnvs konvngr sigldi siþarr vm daginn. oc coma sva til hafnar at Haralldr konvngr oc hans menn hofþo tialldat. oc sia menn Magnvs konvngs at Haralldr konvngr hefir lagt i konvngs legit. oc sogðo Magnvsi konvngi. Oc þa melti konvngr er þeir hofðo hlaþit seglino. Taci menn nv sagþi hann oc setiz við roþr meþ endilongom borþom. en þeir er eigi þarf til roþrar brioti vpp vapn var. oc með þvi at þeir vili eigi brot leggia fire oss. þa scolo ver beriaz. Sv(a) er nv gort. Nv er sagt Haralldi konvngi at Magnvs konvngr rør at með alvepni. oc ero þeir alscialldaþir oc lata ecki friþliga. Þa melti Haralldr konvngr. Hoggvi landfestina oc latom sla scipino or legino. reiþr er frendi nv. Oc sva gera þeir. oc reðr þegar scipino or konvngs legino. en Magnvs konvngr leggr nv sino scipi i lęgit. Oc þa er hvarirtveggio hafa vm bviz. þa gengr Haralldr konvngr a scip Magnvs konvngs með nocqvǫrom monnom. Magnvs konvngr bað hann vera vel cominn. Þat hvgðom ver sagþi[1] Haralldr at nv verim ver comnir meþ v(i)nom. en þo grvnaþi oss aþan vm hriþ hvart er mvndot sva etla. oc er þat satt er menn męla at braðgeþ er bernsca. oc viliom sva virþa frendi at þetta veri øscobragþ. Þa melti Magnvs konvngr. Þetta var ettarbragþ en eigi øscobragþ. þo at ec metta mvna hvat ec gaf yðr eþa hvat ec bannaþa. Ef þessi litli lvtr veri nv tekinn fyr lof mitt. þa mondi vera bratt annat. en alla sętt viliom vęr hallda er gor var oc allt þat er ver gafvm yþr. en þat sama viliom ver hafa af yþr er ver eigom scilt. Þa svaraþi Haralldr konvngr oc stoþ vpp. Þat er fornt mal at enn vitrari scyli vegia. Gecc a brot siðan oc aptr a scip sitt.

Oc i þvilicom viþrsciptom konvnga fannz þat á at vant var til at geta. oc gera sva at baþom licaþi vel. Kolloþo nv menn Magnvs konvngs at hann hefþi rętt at męla. en þeir er ovitrari voro colloþo Haralld i þesso nacqvat svivirþan. En Harallz menn sialfir męlto þat at eigi veri scilt a aðra leiþ en Magnvs konvngr scyldi legit hafa ef þeir qvemi baþir senn til. en Haralldr veri eigi scyldr at leggia i brot ef hann kømi fyrr. oc tolþo þeir at Haralldr hefþi af þesso vel oc vitrliga. en þeir er verr villdo vm røþa tolþo at Magnvs konvngr villdi rivfa settina. oc hann villdi gera vsømþ oc rangt frenda sinom Haralldi konvngi. Oc þvilicar greinir gerþvz bratt a vmrøþvm manna.

[1]) hvgsagþi *Cd.*

www.libtool.com.cn

oc hafa verit fleiri þeir lvtir er nocqvor grein hef(ir) a orþit með þeim frędom. oc heldo nv landino vm vetrinn. oc var friþr oc mikil gøzca i landino fyr arferþar sacer oc annarra lvta.

## *Vm rog Þorkels*[1].

Sa maþr var borinn í rog við Magnvs konvng er var syslomaðr[2] hans oc het Þorcell dyðrill. oc var honom kent at hann hefþi eigi vpp greitt sva mikit af lanzscylldom sem hann atti. oc ferr Magnvs konvngr nv þangat a veizlo oc kømr a vvart. Konvngr var fiolmeþr. oc vissi Þorcell ønga van til. en konvngr for þvi sva at hann villdi at Þorceli yrþi veizlofoll. en þat fannz ecki á. oc toc Þorcell it bezta við konvngi. oc for veizla scoroliga fram. Konvngr var fалatr. Oc einn dag er borþ voro brotto gecc Þorcell fyr konvng oc melti. Herra þyccir yþr nocqvot gaman at havggva oxn eþa hafra er slatra þarf til veizlonnar. Konvngr svarar[3]. Hvat mon varþa at ver reynim. Oc litlo siþarr cømr Þorcell þar oc leiddi eptir ser hafr einn oc fyr konvng. En konvngr stoþ vpp oc hio til hafrsens a halsinn. en sverþit beit litt. en þo var sva at ner þotti monnom kyniom viþ bregþa. þar hrvto or silfrpenningar nacqvarir. Konvngr varþ viþ þetta reiþr mioc oc melti. Þat er þo sannast i Þorkell at mioc villtv mic vvirþa beþi i smam lvtvm oc storom. oc er þetta gort til spotz viþ mic. Þorkell sagþi[3]. Eigi villda ec herra at þat sannaþiz er menn męla fyr þer at ec svika þic. Ec hefi nv verit meþ nocoorom konvngom oc þionat þeim af minni kvnnvstv. Fyrst með Olafi konvngi Tryggva syni er ec vnna mest allra manna. Siþan var ec meþ feþr þinom. oc mondi hann eigi þess til min geta at ec monda svikia son hans. Oc þa herra er ifir oss com riki Alfivo oc sv en illa olld er i vfriþi var hvers mannz fe. vgþa ec at eigi mynda ec fa gett konvngs eigna þessa er ver varþvęittom oc vissom at þer attoð at retto at hafa. tocom þa þetta raþ fylldom hafrstocona af silfri oc fengom sva til gett at ver heldom feno. oc tac nv her herra landscylldir þinar. oc þicciomc ec eigi *hafa mer i sioþ borit. Oc nv ser konvngr oc aðrir menn at þetta er mikit fe oc hann hefir drengiliga með farit sem van var at honom. oc þaccar konvngr honom nv oc qvaþ[4] eigi vilia at hann leti sitt vmboþ. qvaþ[4] osynt at þat myndi iafnvel scipat. oc ero þeir nv menn sattir. Þicciz konvngr sia at Þorcell mon *røgþr hafa verit fire lognar sakar. Þorcell var þa gamall maðr er *4 b þetta var.

[1]) *Overskriften sees ikke i Codex.* [2]) syrlom Cd. [3]) s. Cd. [4]) q. Cd.

www.libtool.com.cn

*Fra Magnvsi konvngi.*

Sva barsc at eitt sinni at einn mikill maþr oc nacqvat alldrønn gek fyr Magnvs konvng oc bað ef hann villdi gefa honom fe nocqvot með þvi at hann var callaþr maþr milldastr. Hvat vanda er mer a við yðr segir[1] konvngr. Maðrinn svarar[1]. Ecci herra vilgis mikill nema fire konvngdom yþarnn. Konvngr biþr taca halfa morc vegna oc fa honom. Þa melti sia maðr. Vel er þetta gefit herra. en til meira hvgða ec a Hlyrscogs heiþi. Konvngr melti. Ertv sa maþrenn er mer gaft raþit. Hann let at sva veri. Konvngr melti. Þigg af mer þa hring. oc dro af hendi ser oc villdi fa honom. En hann melti. Konvngliga er gefit herra segir[1] hann. en eigi berr mer navþsyn til at þiggia. oc dro af hendi ser .iii. hringa agetliga. oc vilda ec herra at þer þegit at mer þessa hringa. oc lavna ec yðr þat hverso vel oc litillatliga þer tocot raþin. er ec gaf yðr nacqvat meþ beryrþom. en ec hafða lengi verit með feðr þinom i hernaði. oc vnna ec honom sem sialfom mer. oc nv heyrþa ec margan dag þitt nafnn. oc fystomc ec þvi til þin at vita hverso mikit þv hefþir af hans scaplyndi. villda ec vera i þinni vinatto oc synir minir. en fe scortir mic ecki. Konvngr toc bliþliga hans malom. oc let honom heimillt myndo vera sitt vinfengi. oc qvaþ hann í morgom lvtom þess macligan at sva veri. oc scilia þeir vel oc sømiliga sem gliclict var.

*Fra þvi er Magnvs konvngr gaf Ormi iarlldom.*

Þar af ma noccot marca gefo oc gøzco Magnvs konvngs. at sva barsc at eino sinni er þeir Sveinn iarl borðvz at sva nęr var styrt Sveini iarli at hann hliop fyr borð oc a scip þess hofþingia Magnvs konvngs er Ormr het oc var son Jngibiargar dottor Haconar iarls. oc bað Sveinn hann Orm griþa ser til handa. oc Ormr qvez mvndo gefa honom grið. Oc þat var bratt sagt Magnvsi konvngi sem glicligt var. oc spurþi konvngr Orm hvi honom yrþi þat fire. Hann svaraþi. Herra þat var annat happit mest. þat fyrst at hialpa[2] þer viþ ef þess þyrfti. oc þetta þvi nest. Konvngr melti. Kom þer ecki þat i hvg at her myndi min reiþi a liggia. Hann sagþi[1]. Ecki var þa firir þvi set herra. Nv scolom ver oc lavna þer segir[1] konvngr sem oss þiccir vert. Gaf honom siþan iarlldom oc kallaþi hann goþan dreng. Oc er þvi fra þesso sagt at þar ma marca af. hve vlict þat var oþrom monnom at snva sva dyrliga til. at virþa meira manncavpit. en hitt þo at ovingan veri þeira í milli.

[1]) s. *Cd.* [2]) hliapa *Cd.*

www.libtool.com.cn

*Fra greinum konvnga.*

Sva er fra sagt. at vm alla þa menn er mycþvz til Magnvs konvngs. þeim var hann ollom linr. en hinom er i mot brvtvz þeim var hann grimmr. Þrandr het maþr vpplenzcr[1] frendi Calfs Arna sonar. maþr friþr oc avþigr. Magnvs konvngr for a veizlor vm Vpplond oc atti þar þing viþa. oc sagþi a þingonom at hann villdi ollom fyr gefa þat et micla mal er com til foþor hans. ef menn villdi nv til hans vikiaz með astvð oc alhvga. Þa er þess við getið at Þrandr stoþ vpp a þingino a svaraþi konvngs ørendi oc melti. Herra sagþi[2] hann. kvnnict er monnom þat at frendr varir voro ovinir yþarra frenda. en ver hofom ecki við verit þav en miclo tiþindi er þer hafit viþ hataz frafall favþor yþars. oc var ec þa eigi i landi. en til þin viliom ver vel gera. oc reyna villda ec litillęti þitt i einom lvt. ec villda at viþ sciptim ifirkleþom. Konvngr svarar oc qvez þat gera myndo at viso. Þat var pellzscickia dyrlig er konvngr hafþi af honom. scipto þeir oc vapnom eptir bøn Þrandar. oc var þetta eigi minni mvnr. Siþan bavþ Þrandr konvngi til veizlo. oc toc hann þvi vel. oc hefir konvngr goþa veizlo at Þrandar.

Oc er noccor stvnd liþr fra veizlonni. þa spurþi Haralldr konvngr þetta. þotti Þrandr bratt hafa a litit oc synt sic i þvi at hann vildi meira soma gera Magnvsi konvngi en ser. oc licar honom illa. oc leggr til Þrandar mikinn oþocca. Sveinn gerzci het maþr. hann com i land með Haralldi oc hafþi þegit af honom nocqvot len. var hann oc bvinn til slics sem Haralldr villdi gera lata. hann var mikill fire ser. Nv sendir Haralldr konvngr Svein a Vpplond með .xii. mann. þeir hofþo allir svort kleþi. oc letoz vera mvnkar. como snimma vm morgon a bø Þrandar. Þar voro menn a acre i þrimr stoþom. spurþi Sveinn þa menn er hann hitti fyrsta hvart Þrandr veri heima. Þeir sogþo[2] at hann veri eigi heima. Siþan foro þeir oc hitto aþra acrmenn. oc spvrþi[2] Sveinn ens sama. oc leysto þeir slict or sem enir fyrri. Þa melti Sveinn viþ menn sina. Þetta mal ferr kynliga. þeir segia allir eitt til. en mer þiccir sva sem þeir myni eigi satt segia. nv mvno ver reyna til framarr viþ þessa menn. En þetta voro feþgar .ii. Þeir taca nv enn yngra mannenn oc hyþa vm stvnd. þangat til er þeir segia at Þrandr er heima. Oc þa bar sva til er þeir hyddo vercmenn at Sigurðr fostbroþir Þrandar gecc vt oc ser þetta. kømr inn aptr oc segir Þrandi at menn voro comnir þar í mvnkacleþom oc borþo mann a acrinom. Þeir mvnv biþia segir[2] Þrandr til heilagra staþa. Vera ma þat segir[2] Sigvrþr. en kynliga þickia mer þessir

[1]) vtlenzcr *Cd.* [2]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

mvnkar hatta. Þat cann oc vera segir Þrandr at þat se niosnarmenn. oc scolo ver nu gera til ravn. Her coma þeir bratt a bøinn. oc ef þeir ero mvnkar. þa mono þeir ganga hingat til scemmonnar oc biþia fiar. en ec mon mela at þeir gangi inn. oc biþi þess er meirr mornar. oc ef þeir ero niosnarmenn mvno þeir eigi þat vilia. oc mono þeir bera at hvsino konvngs lyccil. en ec a her iarþhvs. oc mon ec þa þangat ganga. en þess er annarr endi i scalanom. en þv scallt stiga upp at hurþarbaki. en ec get at þeir gangi allir inn hverr sva sem til er scipat. oc ef sva verþr þa scalltv sciotaz vt oc reca aptr hvrð. oc þar mon ec þa coma. oc metti vera at eigi ettim viþ þa siþr vald a þeim. en þeir a ocr. Þetta gengr eptir sem Þrandr gat at þeir coma a bøinn. oc snva þeir at scemmvnni oc biðia fiar. oc er þeir Þrandr leto seint vpp hvrþina. var firir rent littat locum. þa melti Sveinn at þeir myndi bera at konvngs lykyl ef eigi veri vpp lokit. Kappsamliga fara mvnkar þessir segir Þrandr. oc viliom ver heldr lata vpp hvrþ en brotin se. Sveinn scipaþi til vm inngongona. oc baþ vti vera svma. en þat er sem ecki męli. oc ganga allir inn. En siþan comz Sigvrþr vt hia þeim oc recr aptr hurþina. oc þa com Þrandr þar. oc ero þeir Sveinn nv allir a hans valldi. Siþan letr Þrandr hyþa þa alla foronavta oc letr þa hafa scapnaþar ørendi. oc fara þeir brot siþan. en Svein sialfan letr hann vera eptir með ser vel haldinn. en hann var þo hlioþlyndr oc þetti vistin verri en var.

Oc þetta spyrr Haralldr konvngr. oc ĥcar honom allþvngt. Magnvs konvngr spyrr oc oc ĥcar honom meginvel tiltekia Þrandar. oc gørir nv ferþ sina a Vpplond meþ liþi miclo. oc komo viþ seoga noccora í nand bygðom Þrandar. oc dvalþiz þar oc villdi reyna hvat Þrandr tøki til. Nv var sagt Þrandi at liþ mikit var comit at bø hans. oc hyggiom ver at vera myni Haralldr konvngr. oc þegar samnar Þrandr ser ĥiþi oc sendir orþ vm alla bygþ er i nand var. oc allir voro bvnir at veita honom. sva var hann vinsęll viþ bøndr. oc com þar saman mikit liþ oc vel bvit. Nv er sagt Magnvsi konvngi at Þrandr hefir fiolþa liþs oc bvit sem til bardaga. Oc þa melti konvngr. Ec veit hvi vm gegnir. geri nv menn til bøiarins oc segi at þetta ero friþmenn. Oc er þeir Þrandr vito hvat titt er kastar þar hverr niþr sinom vapnom sem þa var hann cominn. oc gengo i moti Magnvsi konvngi með fagnaþi. oc toc konvngr þar veizlo. Nv sagþi konvngr Þrandi at Haralldr konvngr hafþi þvngan hvg a honom. oc hann mondi þar eigi mega viþ halldaz. oc byþr honom til sin. en konvngr mondi scipa iarþir. Oc (er) þetta raþa tekit at Þrandr

www.libtool.com.cn



ferr til Magnvs konvngs oc er með honom. en Haralldr konvngr sitr vm hann oc vildi na honom. en eigi gøraz føri a þvi berliga. Oc er vara toc melti Magnvs konvngr viþ Þrand* at honom þiccir vm vsynt * 5
hvart hann fer halldit hann innanlandz fyr Haralldi. Hefi ec nv latit scip bva til handa þer af lavnvngo oc vil ec at þv haldir vt til Grønlandz. Sva er nv til etlat. oc sva mikinn va(v)rþ helldr konvngr a honom. at hann sialfr fylgir Þrandi til scips. oc scilsc sva viþ hann. at þeir lata fra landi. Oc er þeir Þrandr logþo vt vm eyiar oc hofþo nęr nysciliz við Magnvs konvng. þa er þar firir Haralldr konvngr oc leggr at þeim oc tecz þar bardagi. Oc nv ihvgar Magnvs konvngr oc þiccir eigi orvent at hann hafi of snemma við scillz. oc þiccir við raðgan vm at eiga þar er frendi hans er. oc leggr nv til aptr oc ser at þeir beriaz. taca nv atroþr harþan. oc vill hann veita Þrandi. Oc er hann ser atroþr Magnvs konvngs. þa leggr hann þegar fra. oc sciliasc þeir nv. Ferr Þrandr or landi sem etlat var oc vt til Grønlandz oc er þar nockora vetr. Konvngar ero nv baþir i landi oc verþr mart til svndrþyccis með þeim sem optliga ma heyra er fra þeim er sagt.

### *Fra konvngum.*

Nv er fra þvi sagt at bvondom þiccir Haralldr konvngr heimta scatta at ser helldr frecliga eþa landscyldir er hann heimtir ser til handa. oc þiccir þvngt vndir at bva. en allir menn vnna meira Magnvsi konvngi oc vildo helldr honom greiþa. Oc a eino þingi var mart vm røtt. var Haralldr konvngr þar oc beiddiz alaga. Enn Einarr þambarscelfir verþr þess varr. oc segir Magnvsi konvngi. oc mon þer vant verþa at geta til rikissins fyr Haralldi konvngi. segir flardratt hans oc liþs. En konvngr qvez etla at vera mon qvittr manna oc ovina mal. at Haralldr myni ser meira eigna af riki en hann a at retto. Ec mon forvitnaz segir Einarr hvat titt er. Oc nv er þingit er sett sem fyrr var sagt. þa com Einarr þar meþ .lx. manna oc hafþi verit aðr með eckio nacqvarri rikri er Ingibiorg het. oc fecc hon honom liþit. Þar stoþ vpp einn gamall maþr a þingino er Toki het oc melti. Þat hofvm ver heyrt segir hann ef maðr beiþiz konvngs nafns oc se annarr aðr i landi oc til konvngs tecinn a Eyraþingi. etlom ver þat at sa mon mest valld a oss eiga þegnom sinom. vil ec þess biþia at ver biþim allir orþa Magnvs konvngs oc gerim hans soma vm alla lvti. Einarr stoð vpp oc þaccaþi honom orþ sin. oc ollom þeim bvondom er þingit sotto oc Magnvsi konvngi vildo mestan soma gera. Þa melti Haralldr konvngr. Hatt berr

www.libtool.com.cn

þv nv hialminn Einarr. oc mioc synir þv þic í motgongo viþ mic nv sem fyrr. oc goþr veri sa dagr er þinn ofsi steypiz. oc sva sem nv ertv hofþi heri en aþrir. scyldir þv bratt hofþi legri. Þeir scilþo nv þingit viþ sva bvit.

Nv er þat fra sagt at þeir konvngar Magnvs oc Haralldr voro baþir at einni veizlo. oc veitti sa maðr er Aslacr het. Sat Magnvs konvngr oc sumir hans menn vm pallinn. en Haralldr konvngr sat a langpallinn annan. en Þorir broþir Magnvs konvngs sat a annan pall gegnt Haralldi konvngi. Þorir var maþr famalogr oc ecki orþhittinn. Haralldi konvngi þotti svivirþing at sitia fyr hans adryccio oc qveþr þetta at honom Þori

Þegi þv Þorir
þegn erþv ogegn
heyrþa ec at heti
Hvinngestr faþir þinn.

Þorir var maðr scapmikill oc þotti honom illr qviþlingrinn. oc reiddiz hann mioc. en þottiz engv kvnna at svara. oc beit a hann mioc. oc var hann vkatr. Einnhvernn dag hittaz þeir brøþr oc Magnvs konvngr. oc spurþi konvngr. Hvi ertv sva hlioþr broþir oc okatr. Þorir segir honom[1] sem farit var. oc qvez ill þiccia flimton Harallz oc hrop hans. en qvez engo kvnna svara. Konvngr melti. Ec set þar raþ í mot. qveþ þv þetta i mot at honom ef hann castar a þic.

Gørþi eigi sa
garð vm hestreþr
sem Sigurþr syr
sa var þinn faþir.

Oc vm morgoninn eptir er þeir fvnndvz Þorir oc Haralldr konvngr. oc kastar konvngr a hann sem hann var vanr iafnan. Þorir þegir nv eigi við. oc qveþr i moti þat sem honom var til kent. Haralldr konvngr reiddiz viþ. oc bra sverþi oc villdi havggva til Þoriss. En Magnvs konvngr hleypr til oc biþr þa hetta. oc þicciz þo vita at eigi er vist at hlyþi at Þorir siti lengr gegnt Haralldi. oc scipar hann honom nv it nęsta ser. Oc nv er røtt vm siþan mal konvnga þat sem Einarr forvitnaþiz a þingino oc vm vma þann er lec at Haralldr myndi taca vilia frecara en maldagar stoþo til. oc var þar vitnisbvrþa til leitat. oc er sagt at Aslacr sa er veizlona veitti beri vitni með Haralldi konvngi. Oc er Magnvs konvngr heyrþi þat þa melti hann. Vist villda ec at þeim yrþi þvi misraþit ef ec mętta raþa er livgvitnin bera í moti mer. Oc scilþv at þvi sinni.

[1]) k'm *Cd.*; *feilskrevet for* h'm *d. e.* honom.

www.libtool.com.cn

*Fra Þorsteini Hallz syni.*

Sva er sagt at eitt sinni er Þorsteinn Hallz son com or cavpferþ af Dyflinni. oc var þat ecci at konvngs vilia ne leyfi er hann hafþi farit. sva oç hofþo þeir eigi golldit landavra ær gialdkerinn atti at heimta. oc heimt hafþi hann. en Þorsteinn lezc eigi scyldr at gialda er hann var konvngs hirþmaðr. oc þottiz heimillt eiga oc vm þa .xiiiii. menn er honom fylgþo at gefa vpp gialdit. oc varþ fyrir þvi eigi fast eptir gengit. Hann for vt vm svmarit oc til bvs sins. Konvngr spyrr þetta allt oc letzc veitt myndo hafa Þorsteini sialfvm landavra enn eigi monnom hans. qvez oc ecki mvna[1] at hann hefþi þvi heitit. en qvaþ ser hitt þiccia þo meira vert er hann toc Dyflinnar (ferþ) a sic. sva at hann hafþi ecki konvngs leyfi til. oc gerir nv Magnvs konvngr Þorstein fyr þetta vtlagan. oc lezc sva scolo leiþa oþrom lagabrotið þo at mikils se verþir. Oc annat svmar com Þorsteinn vtan oc hefir stoðhross ageta goþ. como norþr i Þrandheim. oc stygþvz menn nv við Þorstein fyr sakir vmmęla konvngs. sat hann iafnan einn i herbergi með sinom monnom. Stoþhrossin voro i haga fyr ofan bøinn a Ilovollom. for Þorsteinn þangat til at sia. Þeir voro þa i bønom feþgar[2] Einarr oc Einriþi. Oc einn dag gengr Einarr vm bøinn oc vt a Ilovollo. cømr at hrossonom oc ser oc lofar mioc. oc er þeir etla brot at snva oc røþa vm með ser hverr eiga myni hrossin. þa cømr Þorsteinn at oc heilsar Einari. oc spyrr ef honom þicci goð hrossin. en hann svarar oc qvez vel alitaz. Þa vil ec at þv þiggir segir Þorsteinn. En Einarr letzc eigi þiggia vilia. Þat veit ec segir Þorsteinn at þv mont þiggia giafar at slicom sva monnom. Satt er þat segir Einarr. en mikit liggr nv a þino mali. oc beriom ver nv þar avgom i. Sva verþr þa at vera segir Þorsteinn. Oc sciliaz nv. Oc litlo siþarr gec Einriði at sia hrossin. oc lofaþi mioc. oc spyrr hverr eiga myndi. qvaþ eigi set hafa venligra hest. Þorsteinn cømr þa at oc heilsar honom vel. oc segir at hann vill giarna at hann þiggi hrossin. Einriþi toc viþ oc þaccaþi honom giofna. Oc nv sciliaz þeir. Oc er þeir feðgar finnaz segir[3] Einarr at mikit mondi hann til hafa gefit. at Einriþi hefþi eigi tecit viþ hrossonom. Einriþi svarar. qvez þat ecki sva synaz. qvaþ þiccia gott manncavpp i manninom. Einarr segir. Eigi veiztv allgloct capp fostra mins Magnvs konvngs. ef þv etlar þat avðsott at settaz við hann. en þo montv mega þat.

Einriþi byþr Þorsteini til sin. oc for hann þangat oc sitr et nesta Einriþa vm vetrinn i goþo ifirleti. Magnvsi konvngi licar þvngt.

[1]) mina *Cd.* [2]) føþgar *Cd.* [3]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

oc mela menn þat fyr hǫnom at eigi se allsømilict. sva micla sem hann gerþi þa feðga yfir ollom Þrandheimi at nv scyli þeir hallda þa menn. er lagabrot gøra oc hann hefir reiþi a[1]. Konvngr svarar þeim fam orþom. Þat er fra sagt at Einarr let ser fatt vm finnaz vm Þorstein vm vetrinn. oc segir at Einriþi mon goða sętt bioþa fyr hann. oc qvaþ þętta nv ecci til sin coma. Þeir feðgar drvccv iafnan iol með Magnvsi konvngi. oc segir Einriþi foþor sinom at hann mon enn sva gera. Þv røþr segir Einarr. en heima mon ec sitia. oc raðligra syniz mer at þv gerir sva. Eigi bysc Einriþi at siþr. oc Þorsteinn meþ [hǫnom oc][2] voro saman .xii. oc komo a einn litinn bø. oc voro þar vm nottina. Oc vm morgoninn hafþi Þor-
* 5 b steinn seþ vt oc [com inn][2]* oc sagþi[3] Einriþa at menn riþo þar at garþi. oc er allict feðr þinom. Oc sva var. cømr Einarr þar oc melir til Einriþa. Allkynlig er þin etlon. søkia heim Magnvs konvng. oc Þorsteinn meþ þer. far heim heldr a Gimsar. en ec mon hitta konvng. oc mon ec allz viþ þvrfa at settir verþi tecnar. en ec cann hvarnntveggia yccarnn konvng. at ecki mondot it sva stilla yccrom orþom at þat mondi hlyþa. oc er mer ecki þa betra vm at røþa.

Sva gera þeir nv at Einriþi ferr heim. en Einarr cømr til bøiarins. Konvngr tecr viþ honom bliþliga. hiala mart. sitr Einarr et nęsta konvngi. Oc enn .iiii. dag iola vecr Einarr viþ konvng vm malit Þorsteins. oc letzc villdo sęttom viþ coma. oc callar gott manncavp i Þorsteini. qvaþ ecki vilia til spara. Konvngr segir. Ecki þvrfv viþ vm þat at røða. mer þiccir mikit at gera þic reiþan. Hęttir Einarr þesso. oc er konvngr þegar catr er þeir tala annat. Liþr nv til atta dags. þa vecr Einarr oþro sinni et[4] sama mal. oc ferr a somo leið. Oc cømr enn .xiii. dagr iola. Þa biþr Einarr at konvngr taki sęttom. oc vetti ec segir hann. at þv monir virþa orð min til þess. Konvngr segir. Ecki er þar vm at tala segir hann. oc kynlict þicci mer er þer heldvt þann mann er ec hafþa reiþi á. Ec etlaþa segir Einarr. at þer mondot stoþa min orð vm einn mann. oc þina virþing viliom ver gera i ollo. oc sva þicciomc ver iafnan gort hafa. oc var þetta meirr Einriþa rað en mitt. en þvi trvi ec at mikit mon a liggia fyrr en hann se drepinn. oc em ec þa herra vannt við cominn. er þit eigvt saman sonr minn oc þv. oc villtv eigi taca fe fyr Þorstein. oc beriaz helldr viþ son minn en eigi mon ec þo beriaz moti þer. oc eigi þicci mer þv nv mioc a þat minnaz er ec sottac þic avstr i Garþa oc styrcþac riki þitt oc gørþvmc fostrfaþir þinn. hygg ec at þvi hveria stvnd. hverso ec mac þina sømþ

[1]) h' *d. e.* hann *Cd.* [2]) [ ] *Hul paa Pergamentet.* [3]) s. *Cd.* [4]) en *Cd.*

www.libtool.com.cn

mesta gøra. en nv scal ec fara a bravt or landi oc veita þer alldri siþan. mvno svmir menn mela at þv vinnir þer litit i þesso ollo saman. Einarr sprettr nv vpp reiþr oc snyr vtar eptir hollinni. Konvngr riss vpp oc eptir honom oc leggr hond a hals Einari oc melir. Kom heill oc sell fostri segir hann. þat scal alldregi verþa at occra vinatto scili. oc tac mann i friþ. sva sem þer licar. Oc sefaz Einarr nv. en Þorsteinn er i settom við konvng.

### *Fra konvngom.*

Nv er getiþ eitthvert sinn er konvngar baðir sato i einni holl ifir matborþom. at þar var þa cominn Arnorr[1] iarlascald oc hefir ortt sitt qveþi vm hvarnn þeira. oc þa er scaldit brędi scip sitt. þa coma sendimenn konvnga oc biðia hann ganga at føra qveþin. Hann for þegar. oc þo ecki af ser tiorona. Oc nv er hann com at stofonni. þa melti hann við dyrvorðo. Gefit rvm scaldi konvnga. Gek inn siþan. oc firir þa Magnvs konvng oc Haralld konvng oc melti. Heilir allvalldar baþir. Þa segir[2] Haralldr konvngr. Hvarom scal fyrr føra qveþit. Hann segir[2]. Fyrr enom yngra. Konvngr spyrr. Hvi hann fyrr. Herra segir[2] hann. þat er męlt at braðgeþ verþa vngmenni. En þat þotti hvaromtveggia virþiligra. er fyrr var qveþit ført. Nv hefr scaldit vpp qveþit oc getr i fyrsto i qveþino iarla fyr vestan haf. oc yrkir vm ferþir sinar. Oc er þar er comit. þa melir Haralldr konvngr til Magnvs konvngs. Hvat sitr þv herra ifir qveþi þesso. þo at hann hafi ort vm ferþir sinar eþa iarla i eyiom vestr. Magnvs konvngr segir[1]. Biþom enn frendi. mic grvnar aðr en lokit se at þer þicci lofit mitt ørit mikit. Þa qveþr scaldit þetta.

Magnvs hlyððv til mattigs oþar
mangi ueit ec fremra annan
yppa raþomc yðro cappi
Jota gramr i qveþi flioto.
Høcr rettr ertv Horþa drottinn
hverr gramr er þer storo verri
meiri verþi þin en þeira
þrifnvðr allr vnndz himenn rifnar.

Þa melti Haralldr konvngr. Lofa konvng þenna sem þv vill segir[1] hann. en lasta eigi aþra konvnga. Oc nv qveþr scaldit it sama sitt. kømr vpp þetta ørendi.

Otti kvnnvð elgiom[3] hętta
øþi veþrs a scelfþan grøþi
fengins gullz eþa føþit ella
flestan alldr vnd drifno tialdi:
lican berr þic hvossom havki
hollvinr minn i lypting innan
alldri scriþr vnd fylki fręgra
farlict eiki visvndr snarla.

[1]) ARNOR *Cd.* [2]) s. *Cd.* [3]) elglom *Cd.*

www.libtool.com.cn

Eigi letvþ iofra bagi
yþro nafni mannkyn hafna
hvarki flyrþo hlenna þreytir
hyr ne malm i broddi styriar:
hlvnna er sem ravþvll renni
reiþar bvningr vpp i heiþe
hrosa ec þvi er herscip glęsir
hlenna dolgr eþa vitar brenni.

Þa svaraþi Haralldr konvngr. Allacafliga yrkir sia maþr. oc eigi veit ec hvar cømr.

Mavnnom litzc er milldingr rennir
meita hliþir sęvar' sciþi
vnnar iamt sem osamt renni
engla fylki himna þengils.
Eyþendr fregn ec at elsca þioþir
inndrott þin er hofþ at minnom
grøþi lostins gvþi it nęsta
geima vals i þessom heimi.

Oc nv eptir þetta þa er qveþino er lokit. hefr scaldit vpp Harallz qveþi. oc heitir þat Blagagladrapa. gott qveþi. Oc er draponni var lokit. þa var Haralldr konvngr spurðr hvart honom þøtti[1] betra qveþit. En hann sagþi. Sia kvnnom ver hverr mvnr qveþanna er. mitt qveþi mon bratt niþr falla oc engi' kvnna. en drapa þessi er ort er vm Magnvs konvng mon qveþin meþa(n) Norþrlond ero bygð. Haralldr konvngr gaf skaldino spiot gvllrekit. en Magnvs konvngr gaf honom þa fyrst gvllhring. oc nv gecc hann sva vtar eptir hollinne. at hann dro gvllhringinn a falinn spiotzins oc melti. Hatt scal bera hvaratveggio konvngs giofna. Þa melti Haralldr konvngr. Kom sia til nacqvars longom orþinn segir hann. Þvi hafþi scaldit heitit Haralldi konvngi at yrkia vm hann erfidrapo ef hann lifþi lengr. Magnvs konvngr gaf honom siþan knorr með farmi oc gerþiz mikill astvþarvinr hans.

### *Heilreþi Haralls konvngs.*

Sa lvtr barsc at vm son einnar gofograr cono at hann misti minnis sem hann veri hamstoli. Moþir hans com a fvnd Harallz konvngs oc bað hann leggia til noccot rað. Konvngr segir. Hitt Magnvs konvng. eigi veit hann ser betra i landino. oc þat mon hollt oc heilt er hann leggr til. Hon ferr a fvnd Magnvs konvngs oc biðr hann leggia til hialprępi. Hann segir. Hittir þv Haralld konvng. Hitta ec segir hon. hann visaþi mer til yþar. Oc segir hon vmmeli hans. Magnvs konvngr svarar. Engi maðr er Haralldi konvngi vitrari i landi þesso. oc mvn hann kvnna rað til at leggia ef hann vill. Siþan ferr hon oc hittir annat sinni Haralld konvng. oc segir honom

[1]) þtti *Cd.*

www.libtool.com.cn



vmmeli Magnvs konvngs. Haralldr melti. Til scal nv oc nacqvat leggia. sia þicciomc ec hvat syni þinom er. hann er dravmstoli. en þat hlyþir øngvm manni. oc er ecki øðli til þess at menn dreymi ecki. oc at þat megi hlyþa. Gacc nv þar til er Magnvs konvngr hefir tekit lavgar. oc lat sveininn svpa af handlavginni. siþan lattv hann syngia. oc þo at hofga slai a hann eþa geispa þa lattv hann eigi na at sofna. en eptir þat far þv með hann þangat er konvngr hefir hvillt. oc lat sveininn þar sofna. oc meiri van at honom birtiz dravmr. Nv ferr hon sva með ollo sem henni var til kent. oc søfr sveinninn vm hriþ. oc þa er hann vacnaþi hlo hann oc melti. Dreymþi mic nv moþir. at konvngar kømi at mer Magnvs konvngr oc Haralldr konvngr. oc melti i sitt eyra mer hvarr þeira. oc melti þetta Magnvs konvngr. Ver þv sem beztr sagþi[1] hann. en Haralldr konvngr melti. Ver þv sem nęmstr oc minngastr. En þessi sveinn varþ siþan merkiligr maðr oc dvgþi honom sia lecning er Haralldr hafþi til gefit. Þessa viso orti Magnvs konvngr.

Margr qveþr ser at sorgom
sverþrioþr alinn verþa
vggi ec allitt seggia
otta bvkarls dottor.
enn ef einhver bannar
elldgefn fyr mer svefna
vist velldr siclings systir
svinn andvoco minni.

### *Fra Magnvsi konvngi oc Margreto.*

Lendr maðr agetr bio i Vic austr. hann het Þrandr. bør hans er nefndr a Stoccom. hann atti dottor er het Margret. hon var qvenna vitrvst oc vęnst. oc gørþiz mikit orþ a vm þat viþa hennar vascleic. Sigurþr het maðr er kallaþr var konvngs frendi. oc hafþi syslo scamt a brot fra Þrandi. hann var venn maþr oc scyldr mioc Magnvsi konvngi. Þess er viþ getið * eitthvert havst at boð fiolment var * 6
at Þrandar. oc komo þar saman margir bøndr. Þat var vanði Þrandar at hann qvaddi dottor sina naliga at ollom malom. Oc einn dag veizlonnar voro menn vti staddir a havgom noccorom þar sem viðsynt var oc hofþo margsconar leica. oc er a leiþ daginn. sa þeir scip eitt. þat var glesiliga bvit[2] meþ spanom oc veþrvitom alscialdat allt með stofnom.[3] oc er þat nalgaz inn at bønom þa sø þeir at þat var scipat voscom monnom. oc hofþo cvrteisligan roþr. oc er nv vmrøða mikil hverir vera mono. Þrandr ferr a fvnd dottor sinnar. oc segir[1] henni þessa nylvndv. vitom ver nv ængar vanir Magnvs

[1]) s. *Cd.* [2]) bvinn *Cd.* [3]) stopnom *Cd.*

www.libtool.com.cn

konvngs. en þo sciliom ver þat at þetta mono vera tignir menn. Hon svarar.[1] Þat veri þo vvent segir[1] hon. at Magnvs konvngr myndi vera. oc kynnim ver micla þocc at hans qvama frestaþiz hingat. Þrandr segir.[1] Hvi melir þv þetta. þars allir menn leggia astvð til hans. oc scolo ver honom vel fagna. Þv røþr þvi segir hon. en et sama hefi ec hvgboþ her vm. at mer þiccir betr at hann comi eigi. Scipit com i legit oc ganga menn at moti. oc var þar cominn Magnvs konvngr. drifa menn til bøiarins. oc þar bvinn inn mesti fognoþr. Konvngr er catr oc veitir þessi enn lendi maþr honom með fvllri avlvþ. Oc er konor ganga i scalann. þa gecc Margret firir oc qvaddi ecki konvng. En konvngr spurþi Þrand hver sv veri en friþa kona er firir gecc. Þrandr segir[1] at sv var dottir hans. Konvngr melti. Oc ecki vill hon oss qveþia. vist letr hon vel. enda er hon friþ cona. oc hia henni vil ec reckia i qveld. Eigi samir yþr þat herra segir[1] Þrandr. Þat mon fram fara segir[1] konvngr. Þrandr segir[1] dottor sinni etlon konvngs. en hon qvaþ ser þat ecki a (v)vart coma. oc veit ec segir[1] hon at konvngr bysc við þvi eino vm. er i moti er minom vilia. oc þicci mer þat þvngt at leggia fyrst ast við hann. oc tyna honom bratt. Þessi orþ henna(r) segir[1] Þrandr Magnvsi konvngi. en hann svarar. Ecki em ec kendr viþ vdrengscap af flestom monnom. en bvasc ma sva vm at henni verþi gefa at þesso. oc engi hefindi mono a oðro verþa en ec raða fyrir. Oc er Þrandr ser hvar comit er. þa letr hann bva eina scemmo vandliga. oc er þar gør reccia. oc var henni þangat fylgt siþan. en ecki scyldi þa vera fleira manna. Hon var okát mioc. Þannoc var til farit. at hvsit var tvidyrt. oc er hon la þar ein. þa var qvatt annarra dyranna .ii. oc et .iii. sinn gecc vpp hvrþin. oc gengr þar inn maðr oc hefir hott a hofþi. oc spurþi ef þar veri noccot manna. Hon svarar øngo. en sa maþr leitar þa til rekionnar oc gripr þar a henni oc melir. Hyggr þv illt til raþa við konvnginn. Vist er þetta ecki at mino raþi segir hon. Villdv eiga við mic cavp þa segir[1] hann. at ec coma þvi a leiþ at konvngr eigi ecki viþ þic þat er þer mislici. oc vil ec þa eiga vald ifir þer. Þat etla ec segir[1] hon at helldr vilia ec þat. Þa er vel sagþi hann. Hann tøcr siþan a briosti hennar. oc varþ henni viþ callt noccot. oc mercþi hana ser. oc melti. Þa er konvngr cømr í reckiona hia þer. seg þv honom at þv hafir (set) Sigurð frenda hans. oc vitom þa hvers hvgar honom ler. sva mon ec til snva at eigi mvn meira við þurfa. Maþrinn gecc i brot eptir þetta. oc konvngr com litlo siþarr. Oc er hann var i reccio comenn hia henni. biþr hann menn i brot ganga oc siþan snysc hann til hennar oc melir

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

viþ hana bliþliga. oc qvez etla at hann scyldi eigi litinn soma gera til hennar. ef hon villdi viþ hann sǫma. Hon svarar. Þat er með noccorri hętto at sva dyrligr maþr sem þv ert oc vel at þer. þa scaltv þat vita at ec hefi set Sigvrþ frenda þinn. Konvngr svaraþi þa reiþvliga oc spratt vpp. Eigi mon þa hǫfa segir hann at byggva þessa[1] recciona. Gengr vt siþan oc þar til er Þrandr svaf inne. oc berr a loptit. Þrandr gecc til dyranna. oc ser þegar at konvngr er reiþr mioc. oc spurþi hvat veri vm at vera. Þat er mer tiþast segir konvngr at farit se eptir Sigvrþi. Þegar fęr Þrandr menn til þess. oc melti konvngr (at) þeir scyldi sva segia honom. at hann mondi fara verþa hvart er hann villdi eþa eigi. Sendimenn fara oc koma a fvnd Sigurþar. oc biðia hann bvasc sem tiþast oc fara með þeim. segia honom frecliga orðsending konvngs. Hann letzc sva gera myndo. oc qvaz venta at sia mondi goð verþa hans for at hitta þvilican frenda sinn sem konvngr var. Ferr Sigurþr með þeim oc finnaz þeir konvngr. oc var konvngr reiþr mioc oc spurþi hvar fvndi þeira hefþi saman borit oc Margretar. Sigvrþr svarar.[2] Verit hefi ec at veizlom herra segir hann með Þrandi. oc hefi ec set hana. en talat fatt við hana[3]. en vm þat em[4] ek bvinn at sveria. at engi scipti hefi ec viþ hana att. Þa let konvngr Margreto þangat calla. oc spurþi hana inniliga hve farit hefir. oc segir hon nv vm qvamo mannzins oc hans tillavgor oc sva markit. Konvngr melti. Lat mic sia þat marc. Hon gørir sva. oc er konvngr sa briostit. þa syniz þar þvi licast sem legi a silfrpenningr. Þa melti konvngr. Er sva farit segir[2] hann. at faþir minn vill eigi at ec tøka þessa kono til lags viþ mic. faþir minn hefir sa maþr verit. oc þvi varþ mer sva mikit i scapi oc sciott a litit. at gvð oc enn helgi Olafr konvngr villdi eigi þetta. oc scaltv nv Sigvrþr fa þetta rað. oc þar með mina vinattv. Oc nv for þetta fram sem konvngr melti. at Sigurðr fecc Margretar. oc gerþiz hann ricr maðr oc goþr drengr. Hon þotti oc agetlig kona at viti sino oc morgom goþom lvtom. En konvngr for i brot er veizlo var lokit. sva sem hann atti ferþir til. oc lycr þesso sva.

### *Fra Hreiþari heimska.*[5]

Þorþr het maðr. hann var Þorgrims son Hreiþars sonar þess er Glvmr va. Þorþr var litill maþr vexti oc venn. hann atti ser broþor er Hreiþarr het. hann var liotr maþr oc varla sialfbiargi fyr viz

[1]) þetta *Cd.* [2]) s. *Cd.* [3]) h' *d. e.* hann *Cd.* [4]) hefi, *med Antydning til Rettelse, Cd.* [5]) *Overskriften kan nu ikke længer sees i Codex.*

www.libtool.com.cn

socom. hann var manna fravastr oc vel at afli bvinn oc hogverr i scapi. oc var hann heima iafnan. en Þorþr var i forom oc var hirðmaþr Magnvs konvngs oc mazc vel. Oc eitt sinni er Þorþr bio scip sitt í Eyiafirþi. þa com Hreiþarr þar broþir hans. oc er Þorþr sa hann. spurþi hann hvi hann veri þar cominn. Hreiþarr svarar.[1] Eigi nema ørendit veri. Hvat villtv þa segir[1] Þorþr. Ec vil fara vtan segir[1] Hreiþarr. Þorþr melti. Ecki þicci mer þer fallin forin. vil ec helldr þat til leggia við þic at þv hafir foþorarf ockarnn. oc er þat ha(l)fo meira fe en þat er ec hefi í forom. Hreiþarr svarar.[1] Þa er litit vit mitt segir hann ef ec tec þenna fiarscacca. til þess at gefa mic sva vpp sialfan oc lata þina vmsia. oc mon þa hverr maþr draga af mer fe occat. allz ec kann engi forreþi þav er nyt ero. oc era þer þa betra lut i at eiga. ef ec ber a monnom eþa geric aþra oviso þeim er vm fe mitt sitia at locca af mer. en eptir þat se ec barþr eða meiddr fyr minar tilgerþir. enda er þat sannast í at þer mon torsott at halda mer eptir. er ec vil fara. Vera kann þat segir[1] Þorþr. en get ecki þa vm ferþ þina fyr oþrom monnom. Þvi het hann. Oc þegar er þeir brøþr ero scilþir. þa segir Hreiþarr hveriom er heyra vill at hann etlar vtan at fara með broþor sinom. Oc firna allir Þorþ vm. ef hann flytr vtan afglapa.

Oc er þeir ero bvnir sigla þeir i haf. oc verþa vel reiþfara. coma viþ Biorgyn. oc þegar spyrr Þorþr eptir konvngi. oc var honom sagt at Magnvs konvngr var i bønom oc hafþi scommo aþr comit. oc villdi eigi lata køia sic samdøgris. þottiz þvrfa hvildar er hann var nycominn. Bratt lito menn Hreiþar. at hann var afbragþ annarra manna. hann var mikill oc liotr omallatr viþ þa er hann hitti. Oc snemma vm morgoninn aþr menn veri vacnaþir stendr Hreiþarr vpp oc kallar. Vaki þv broþir. fatt veit sa er søfr. ec veit tiþindi oc heyrþac aþan lęti kynlig. Hverio var licast segir[1] Þorþr. Sem ifir kycvendom segir[1] Hreiþarr. oc þavt við mioc. en alldri veit ec hvat latom var. Lat eigi sva vndarliga segir[1] Þorþr. þat mon verit hafa hornnblastr. Hvat scal þat tacna segir[1] Hreiþarr. Þorþr svarar.[1] Blasit er iafnan til motz eþa til scipdrattar. Hvat tacnar motit segir[1] Hreiþarr. Þar ero dømþ vandamal iafnan segir Þorþr. oc slict talat sem konvngr þicciz þurfa at fyr alþyðo se vpp borit. Hvart mon konvngr nv a motino segir Hreiþarr. Þat etla ec vist segir Þorþr. Þangat verþ ec þa at fara segir Hreiþarr. þvi at ec vilda þar coma fyrst er [ec seia sem flesta menn][2] i senn. Þa scytr í tvav hornn meþ ocr segir Þorþr. mer þøtti þvi betr er þv kømir þar siþr er fiolment

[1]) s. *Cd.* [2]) [ ] *Hul paa Pergamentet.*

www.libtool.com.cn

veri. oc vil ec h[vergi fara. Ecci tiar sl][1]ict at mela segir Hreiþarr. fara scolo viþ baþir. mvna þer betra þiccia at ec fara einn. en ecki før þv mic lattan [þessarrar farar].[1] *Hleypr |Hreiþarr a brot. en *6 b Þorþr ser nv at fara mvn verþa. oc ferr hann nv eptir er Hreiþarr ferr hart vndan. oc er mioc langt milli þeira. Oc er Hreiþarr ser at Þorþr for seint. þa melti hann. Þat er þo satt at illt. er litill at vera. þa er aflit ner ecki. en þo metti vera fraleicrinn. en litit etla ec þic af honom hafa hlotit. oc verea þer verri venleicr minni oc kømiz þv meþ avþrom monnom. Þorþr segir[2]. Eigi veit ec mer verr fara vknaleic minn. en þer afl þitt. Handkrǫcio(m)sc þa broþir segir[2] Hreiþarr. Oc nv gera þeir sva. fara vm hriþ. oc er sva at Þorþi tecr at dofna hondin. oc lętr hann lavst. þiccir eigi verþa vinveitt at þeir halldiz a við alpvn Hreiþar(s). Hreiþarr ferr nv vndan sva við fot. oc nemr stað siþan a hęð nacqvarri. oc er allstarsynn. ser þaþan fiolmennit þangat sem motit var. Oc er Þorþr cø(m)r eptir melir hann. Forom nv baþir saman broþir. Oc Hreiþarr gerir sva.

.x. scip er Hacon hafþi. ferr nv oc hittir Harelld konung oc byþr honom liþ sit. þaccar konungr honom oc letz heyrt hava getið hans harþfengi. Haralldr konungr stefnir nv saman avllo liþi sino oc melti sidan a þessa lund. Nv er Sveinn konungr kominn at oss sem þer vitvð oc þo at hann hafi micið lið þa hefir hann þo smeri scip en ver oc ventir mic at liþ hans mvni vera otravstara. en ver havfom heriat vida oc tekið mikit fe. hyggit at þa segir[1] hann hvat til fregðar er ordit allz ecci nema stranðhavgg oc er þat litil fregð en hittan ekci konung. meira mindi þat vert þiccia ef ver ynnim nv sigr oc sęmð eða land undir oss. kunnom nv þavcc at þer segið ef yþr er þetta at scapi at beriaz en leita bravtt at sigla ef þer vilit eigi beriaz. Hacon segir[1]. Ecci hofom ver til ydar þionat herra hingat til en beriaz viliom ver með yþr oc vil ec hafa scip min lavss i atlavgunni en ekci i tengslom. Þar var oc meþ konungi Scialgr Erlings son Þorolfr mostrarscegg var þar með Magnusi konungs syni Vlfr stallari. þessir voro allir scipstiornarmenn oc margir aþrir agetir menn. Konungr var þa katr oc melti. Dreymþi mic i nott segir[1] hann. mer þotti sem vit Sveinn konungr fyndimc oc helldim a einni havnc oc togaþim oc dro hann af mer havncina. Þar reddo menn misiafnt of dravm konungs oc reþo sva flestir at Sveinn konungr mindi þat hafa er þeir sviptvz vm. Vera kan herra segir[1] Hacon at sva se sem þeir raþa en uenna þetti mer at Sveini konungi mindi a hancaz.[2] Þat þicci mer licligra segir[1] konungr at sva se oc þannig er betr raþit. Siðan bra konungr sverþi oc hio fram i loptit firir sic a vindinn þrysvar i avndverþo liþino. Hacon segir.[1] Hvi setir þetta. Konungr svarar.[1] Þetta kalla þeir sigrbacn i utlavndom at konungr bendi þannig reiþi sina. Haralldr konungr eggiar nu menn sina af nyio[3] oc qvaþ þo micit ofrefli at beriaz við halfv meira lið. eþa veri þer fusari segir[1] hann undan at hallda. Allir baþo nv hann raða oc savgdv þo at þeim þotti þo naliga ufert fyr lids sacir. Se ec nv segir[1] konungr at þer vilit heyra vart atqveþi oc sva scal vera. ver havfom sva micit lið oc fritt at engom costi viliom ver flyia helldr scal nv liggia hverr várr of þveran[4] annan. Sva segir Steinn Herdisar son er þa var a scipi Ulfs stallara.

Sagþi hit er hugþi
havclyndr vera myndo
þer qvaþ þengill eirar
þrottna van fra hanom.

helldr qvaþ hvern varn scylldo
hilmir fregr en vęgia
menn brvto vp of annann
avll vapn þveran falla.

[1]) s. *Cd.* [2]) hanc̄ *Cd.* [3]) nynio *Cd.* [4]) þverar *Cd.*

www.libtool.com.cn

Hann qveþr oc a hverso micit lið hvarir havfþo i viso þessi.

Hitti hersa drottinn
hvgstrangr scipa langra
hinn er við half(t) beið annat
.c. Dana fvndar.
nest var þat er reð rista
reiðr at seti Hleidrar
þangs laþ mavrom þangat
þrimr hvndrvþom svnda.

Nv let Haralldr konungr blasa til samlavgo sciponom oc let at vicia i moti sciponom Sveins konungs. oć let fyrstan fara dreca sinn. Þa kallaþi Ulfr stallari a sina menn. Leggit fram vart scip nesta konungsscipino. Sem her visar til.

Het a oss þa er uti
*13 Vlfr hakesior scvlfo
roþr var greiddr a greþi
grams stallari alla.
vil baþ scip með scylia
*sceleggiaðr[1] fram leggia
sit en seggir iattv
sniallz landreca spialli.

Oc nv letr Haralldr konungr saman tengia scipastafna sina oc þa roa Danir at oc gengo þa luþrar með opi oc eggian. oc þicciaz nv Danir hava allt ualld a Nordmavnnom. Þetta var Laurentius messo aptan oc var siþ of aptaninn tekit at beriaz oc barz of nottina. oc var Haralldr konungr i firirrumino oc scavtt þadan af almboga. sem Þioðolfr segir.

Alm dro uplenzcr hilmir
alla nótt inn snialli
hremsur let a huitar
hlifr oduiti drifa.

Nu verþr orrosta in harþasta. leggr Sueinn konungr fram sina sveit oc sit (scip) moti Haralldi konungi. Þar var oc Fiþr Arna son i þeira liþi oc leggr a annat borð Sveini konungi oc veitir honom liþ. Eggiar nv Sveinn konungr menn sina oc biðr þa minnaz hverso mart illt þeir Haralldr konungr hava gort i þeira rici oc hverso þungt er at liggia undir þeira vfriþi oc miclom vveg. oc latom þat spyriaz at ver gangim vel fram oc drengiliga. ero nv her með oss margir tignir menn oc godir drengir oc latom nu vm scipta með oss. oc verom siþan iafnan i friþi oc miclom veg. Nv goriz siþan snavrp[2] orrosta oc varþ gnyr micill af vapnom manna oc calli. Hacon leggr framarrla i herrinn oc leitar ser micils agetis. Eigi

[1]) *Saaledes skrevet over Linien af første Haand; i Linien* scilleggr *med anden Haand.* [2]) spavrp *Cd.*

www.libtool.com.cn


havfþu Haralldz konungs menn scemri atlavgur scipa en Sveinn konungr þui at þessi voro scip stęrri. en scip Haconar leco lavs i teng(s)lom oc rendo sva milli scipanna oc a beþi borð. þat liþ var oc eincom bezt buit. hafþi Hacon verit aþr i uicingo oc vanit liþ sit. Þat er fra sagt at ecci fiarri landi veri orrostan. þa fiaraþi uppi scip Scialgs Erlings sonar. oc voro þeir þegar allir drepnir af landherinom þeim er Sveinn konungr hafþi eigi mátt koma a scip sin. Falla menn nv þyct meþ borþom oc verþa mavrg tiþindi a scamri stundo. Nv verþr þo orrostan annan veg scavcc en Danir hvgþv oc stoþo Norþmenn þyct of Haralld konung oc bavrþuz snarpliga. sem Steinn segir.

Vnðr er ef eigi fundo
avrmotz viþir giavrfa
bavrþumc ver þeir er vavrþo
viþa grund of siþir.
hvar herscilldi selldo
hrafns fec gnót i óttv
nás fyrir Nizar osi
Norðmenn Haralld forþom.

Nv vicr mannfallino a Dani oc falla þeir en sumir flyia undan oc þvi nest ganga þeir vp a sialft konungs scipit oc ryþia meþ borþom. sem Þioðolfr[1] segir.[2]

Flest var hirþ með .h.

Her segir oc þat at Sveinn konungr flyþi a land up með scuto einni er flotit hafþi við lyptingina. oc i þessom þyss havggva Danir teng(s)linn oc leggia fra. varþ þvi hverr fegnastr at fyrst qvemiz fra. eftir liggia þar .vii. tigir sceida Dana er hroþnar varo. sem Þiodolfr qvaþ.

Savngs quoþv gram gengin
glest .vii. tigi it nesta
senn a svipstund einni
Sveins þiodar scip hr(i)oþa.

Þetta qvaþ Arnnorr.

Hialm aro letz þu heyra
hiz er ravtt fyr Nizi
tiggi tyrfin(g)s eggiar
tvęrr aþr manfall veri.
naþrs borþ scriþv nordan
nys at allvalldz fysi
hlavt til Hallandz sciota
hrafn þarfr konungr stafni.

[1]) .þ. *Cd.* [2]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

Hravd sa er hvergi flyþi
heidmęirr Dana sceidir
glaþr vnd[1] gvlli roþnom
geirialm konungr hialmi.
sc(i)aldborg ravþz enn scufar
scavtt hoddglavtuþr oddom
bragna brynior gavgnom
buþlvngr of na songo.

En segir[2] hann hve miavc aþr var þravngt costi Sveins konungs aþr hann flyþi.

Geccat Sveinn af sneccio
saclavst inn forhravsti
malmr com harþr viþ hialma
hugi minn er þat sinni.
farscostr lavt at fliota
fliotmeltz vinar Jota
aþr en avþlingr flyþi
avþr fra verþung davþri.

Nv flýr bravt allr Dana herr. en Norðmenn secia nu eftir þeim oc minnaz nv hverso Danir kendo þeim roþrinn i Jotlandzhafi reca nv flottann a haf vt. Verþr þa sva micit manfall en engi fęr talt oc allt naliga af Davnom.

Fidr Arna son oc Hacon havfþo scilit favroneyti sit þa er Hacon reþz til liþveizlo við Haralld konung. Jarllinn Fiþr verðr nv hanðtekinn af þeim Haralldi konungi oc var naliga blinðr. hann settiz þa niþr i lypting sinni er[3] flottin brast var þa tekin oc leiddr firir Haralld konung. Sva er sagt[2] at Sveinn konungr hefþi með ser til orrosto .vi. iarla. sem her visar til.

Sveinn at sigr at lavna
sex þeim er hvot vexa
innan eina gunni
avrleics Dana iarlom.
varþ sa er villdit forda
vigbiartr snavro hiarta
i fylcingo fenginn
Fiþr Arna son miþri.

Oc nv er iarllinn Fiðr setr niþr i firirrumit firir Haralld konung. Var konungr þa alkatr oc melti. Her fundumc ver nu Fiðr en nestom aþr í Noregi. hvart hefir hirþin sv en dansca eigi allfast staþit firir þer. oc hafa Norðmenn nv illt at verci at draga þic blindan eftir ser. oc vinna þat þer til lifs. Jarlin segir.[2] Mart verþa Norðmenn illt at vinna oc þat flest er þu leggr firir þa. Villtv[4] hava grið nu segir konungr þott þat se omacligt. Eigi af hundi þinom segir[2] iarl. Villtv þa segir[2] konungr at Magnús frendi þinn gefi þer grið. Magnus son konungs styrþi þa scipi oc var þo a vngom alldri. Þa svarar[2] iarl. Hvat muni hvelpr sa[5] raþa griþom. Þa þoti konungi gaman at

[1]) vnd und *Cd.* [2]) s. *Cd.* [3]) oc *Cd.* [4]) þv *tilf. Cd.* [5]) gridom *tilf. Cd.*

www.libtool.com.cn

erta iarlinn oc melti. Villtv taca griþ af Þoro frendkono þinni. Þa spurþi iarllinn. Er hon her. Her er hon segir[1] konungr. Þa melti Fiðr iarl ordscravc þat er siþan er vppi haft oc fra segir[1] hverso reiþr hann var er hann fecc eigi stillt orþom sinom. Eigi er nv undarligt at þv hafir vel bitiz er merrinn er með þer. Nv voro Finni iarli griþ gefin þo at hann iatti þvi ecci oc hafþi Haralldr konungr hann með ser of hrið.

Sveinn konungr flyþi nv a lanð vp oc var viþ annan mann. komo siþan er morna tok til kotbeiar nocqvers firir þa savcc at Norþmenn ransavcodo of þorpit[2] oc storbeina. Þa(r) var firir ein gạvmvl husfreyia oc spvrþi hvat mavnnom þeir veri. Sa hefir meirr orþ firir þeim (er) favronautr er oc segir[1] kerlingo. Vit erom nv farandi menn oc þurfom beina yþarn. Þa segir[1] kerling. Þit latið miciliga[3] segir[1] hon oc mvno þit segia kvnna tiþindi nọcqvor. hvart hava konungar þessir nocquað barþz i nott eþa hvi hefir gegnt op þetta eþa hlamm er verit hefir i nott er ver hofom eigi fengit ró fyrir ne svefn. Meiri van etla ec segir hann at konungar mvni barþz hafa. Þa melti kerling. Hvarr hefir betr haft. Hann svarar.[1] Norþmenn hafa betr haft. Þa melti kerling. Hvart er konungr varr drepinn. Hann svarar.[1] A flotta er hann cominn. Þa melti kerling micið folscomál. Vesol erom ver konungs oc ę vei verþi oss. ver eigvm konvng hvartveggia halltan oc ragan. Þa sagþi[1] sa maþrinn er aþr hafdi fera męlt. Etlom hit kerling segir[1] hann er licligra er at konungr mvni vera eigi ragr enda ecci sigrsell. Nv of morginin aþr þeir eti dagverþ fecc kerling þeim handlavg. oc þoz sa fyrri er siþarr gecc oc toc þegar ducin miþian oc þerði. Kerling þreif dvkinn oc toc fra honom oc melti. Tac endan handcleþisins oc gor eigi allt senn vatt. Þa sagþi[1] sa inn micli maþr. Þat ma enn vera kerling segir[1] hann ef gud vill at ver faim sva micinn metnað at ver þerrim oss a miþiom duc.

Þetta er gamans frasavgn oc eigi savguligt einscostar nema fyr þa savc at her er lyst grein speci oc ovizco. oc i annan staþ er sagt[1] var aþr fra orþa vidsciptom þeira Haralldz konungs oc Fins iarlls. þar licnaþi sa er valldit atti oc vegr var þat en eigi litilreþi. en iarllinn syndi þat hverso ohreddr hann var. hann matti þa ekci gora annat en mela þat er i scapi bio oc syndi i þui iafnlyndi *melti ecki til *13 b
Sveins konungs nema þat er væl var er hann hafþi honom aþr þionat. en melti hermiliga til Haralldz konungs er hann hafdi moti

[1]) s. *Cd.* [2]) þorp̄ *Cd.* [3]) micvliga *Cd.*

www.libtool.com.cn

verit. en Haralldr konungr uirþi þat allt sem barns orð oc hava sva allir siþann virt.

Hacon Jvars son fecc þar micils agetis oc framgavngo oc hafþi sino scipi lagt fram hia konungs scip(i)no a annat borð. oc var engi honom fremri oc hans framganga virþiz honom einna bezt fecc hann oc mesta virþing oc ageti. þvi at hann leitaþi ser fregdar. Nv melti Haralldr konungr. Getom nv vandliga til sigrs vars at þeir uinni nv engi svig a oss heþan i fra. oc seciom nv heim meþ soma. Oc of nottina er þeir voro i svefni Haralldr þa lavgþv fra flotanom konungs leyniliga .ii. scip. annat var scip Þorolfs mostrarsceggia. en annat Magnus konungs sonar. þeir lavgþo til landz oc renna a land up oc villdv leita ser fregdar oc agetis. Þar c̄om at þeim Dana herr oc bavrþuz þeir. urdo þeir bornir ofrliþi[1] oc drepit af þeim f(i)olldi manna. Þorolfr comþz vndann með Magnus konungs son oc bar hann i kiltingo til Vicrinar. Oc i annann staþ sacnar Haralldr konungr þeira oc biþr þar nocqveria hriþ oc koma þeir eigi. Oc þav havfþo loc orþit orrosto at Sveins konungs scip hafþi tekit Haralldr konungr vel flest at herfangi oc allan fiarrlvt þan er a þeim var. Scrin þat er i var heilagr domr Vincencius. fundv þeir i lyptingo[2] a scipi Sveins konungs oc havfþo með ser. Oc nv vill konungr eigi biþa lengr þeira Magnus sonar sins oc þiccir eigi olicligt at drepnir se. fara nv meþ feng sinn vndz þeir coma i Vicina oc let Haralldr konungr[3] þar setia tiǫlld[4] oc gora ellda a landi vppi oc sa konungr sar manna oc ge(n)gr milli elldanna oc ser sarin. Þa kemr þar Þorolfr mostrarsceggi at gangandi oc hefir Magnus a baci. oc er konungr þeccir at sveinninn er heill. þa verdr hann vid þat glaþr oc kat(r) oc qvaþ sigr þeira meiddan af vangeymslo[5] manna. let þat verit hafa oforsialigt er þeir .iii. havfþo til tekit enda hafþi illa gefiz. Binda menn nv sarinn oc reþa vm hverir betz hafþi fram gengit i bardaga oc var þat alþyþo romr at Hacon mindi hverr heita vilia. Haralldr konungr sagþi þa. Sigr hafom ver þo en fengit segir hann at Hacon hafi eigi viþ verit. Þorolfr var moþr miǫk af gavngo oc þrecaþr oc fan konungr þat oc spurþi hvart þeir Danir gefi sic vp fyr þeim. eþa hvgþu þer at þeir mindo eigi treystaz at bera vapn a yþr oc var þat eigi varliga buiz þegar at sciliaz viþ oss oc ganga a land vp með famenni oc mattv þer vel hlita þeim sigri er ver unnom allir saman oc hefir nu þetta e(i)no mincat vara semþ en þo ma nv ecci at hafa. Haralldr konungr þaccar mavnnom vel liþveizlo oc eincom Haconi bavð honom at koma til sin of vetrin

[1]) ofrliþo *Cd.* [2]) lyptingi *Cd.* [3]) h' *Cd.* [4]) tǫðr *Cd.* [5]) vangiymlo *Cd.*

www.libtool.com.cn

at iolom oc quaþ þa van mindo vera lavna af ser firir liðveizlo. a ec her mavrgom gott at lavna oc þo þer bezt. Hacon þaccaþi honom boþ oc het at koma oc var hann of vetrinn at bvvm sinom þar i Vikinni. en konungr ferr leið sina nordr með landi vnz hann kemr heim.

Oc of vettrin at iolom ferr Hacon norþr i land oc sekir heim konung. oc þat er fra sagt at konungr sialfr gengr ut i moti honom oc toc við honom meþ miclom veg. setr hann ið nesta ser. oc ero lavngom á tali. Þar var þa með hirð Haralldz konungs Ranghilldr dottir Magnus konungs goþa quenna friþutz oc vittrust. Haralldr konungr spyrr Hacon eithvert sinn of iolin. Hvat scal at hafaz er varar. Þat etla ec herra segir[1] hann at ec muna leggiaz i vicing. Konungr melti. Þat er abyrgþar raþ oc samir ecci vel cristnom mavnnom i heiþni samþi mavnnom þat vel þa er menn visso ecci til guþs þvi fylgir micil niðrbrotning cristninnar firir agangs sacir við cristna menn. Hacon segir[1]. Davfligt þicci mer herra heima i landino en þarf ec storra viþrfanga of feit. þvi at fiavlmenni er micit. Konungr segir[1]. Hvi qvangast þu eigi. Þvi herra segir[1] Hacon at ec veit at tig(inn)a manna dǫttrvm mun þiccia litils of mic vert en ec vil ecci girnaz einnhueria lendz[2] mannz dottor. Konungr melti. Sva metti til bera at ec launaþa þer liþueizlona med þui quanfangi er bezt er i Norregi sem er Ranghilldr dottir Magnus konungs þvi at margr konungr er svagi vel sem þv ert manaþr. Gerit eigi herra meþ spotti til var segir[1] hann. oc er þetta mer of hátt. oc fa mer helldr iarls dottor nocqueria þina frendkono oc fenga ec þar með fe mikið. þvi at mer mvn verþa fefrect ef ecci aflaz i hernaþinom oc hetta ek þvi. Konungr segir.[1] Eigi þicci mer synt at þu tacir annarstaðar meira fe vp en meþ þessi kono oc þessa mals mvn ec leita við hana ef er vilip. Hacon svarar.[1] Ecci raþ mvnda ec helldr vilia en þetta oc gott ef þessi reþa verþr vel en a yþro valldi mvn vera of fe hennar. Nv hittir konungr hana a avþro bragþi oc tiar firir henni scavrungleic Haconar oc hvatleic oc hverso vel hann er mannaþr. Hon svarar.[1] Ecci gruna ec þat segir[1] hon at Haconi se mart vel gefit. Konungr melti. Þat syndiz mer macligt raþ at þit byggit saman þvi at hvartveggia[3] er agetismaþr[4]. Konungs dottir segir.[1] Vera ma þat herra at yþr syniz sva en eigi mindi faþir minn þat etla at ec scyllda otignom manni gipt vera. Konungr melti. Þat er undir mer at gefa honom tignarnafn oc þat eitt scortir hann til tignar. en þer samir þat at taca eigi þit einreþi oc gora eftir raþi frenda þinna. Hon

[1]) s. *Cd.* [2]) landz *Cd.* [3]) hvartevggia *Cd.* [4]) agetil m̃ (r) *Cd.*

www.libtool.com.cn

svarar.[1] Ef þv ert einnraþinn til þessa at gipta mic eigi konungbornom manni eþa tiginbornom. þa veit ec eigi hvat mer mun annarr bettri en sia. Konungr melti. Ec scal sva vm bua frendkona at þu scallt eiga iarllmann. Hon segir.[1] Ekci scal þa(t) nafn en þacca yþr herra buit við at se en tom til þess. Konungr segir[1] nv Haconi hial þeira konungs dottor oc let hana eigi allovent tekit hafa hann. Hacon segir.[1] Eigi scylldi þetta gort til vár með spotti oc gabbi herra. þvi at ecci þicciumc ec til þess við yþr unnid hava. Konungr svarar.[1] Ecci vicr þetta sva við oc a mino valldi er tign þin hver vera scal. Nv ihugar Hacon malit oc grunar at konungr mvni satt segia oc muni hann ret hafa firir henni malit sem hann segir[1] oc spyrr nv hvernig orð feri með þeim konungs dottor. Ec tiaþa malit þitt fyr henni segir[1] konungr hverso þer uar farit of scavrungscap oc alla framqvemþ oc hverso vel þv ert manaþr en hon svaraþi.[1] letz eigi mindo otignom manni gipt ef fadir hennar lifþi. en ec sagdac þat vera a mino forraþi at gora þic tiginn oc gefa þer iarldom. Hacon segir.[1] Ef ec scal vera sva giptomicill at fa hennar þa samir þat at þer latit nafnbotina fram coma oc eigi lioti hon þa ovirþing af mer at eiga otiginn mann þvi at þat er eigi við hennar hefi. Siðan var hon favstnuð Haconi með uingan konungs oc var þat þo sva fremi gort at[2] konungr het Haconi fastliga iarlldominom. þa leggr hon leyfi til oc er nv eftir iolin drvckit brvþcavp þeira þar meþ konungi. Oc er þvi var locit ferr Hacon heim með Ragnhilldi kono sina i Vic avstr oc rennir hon astarhvg til hans. er þo ecci mart of með þeim i avþro lagi en hon letz vel mindo við vna ef hann veri iarll.

Nv ferr þvi fram þav misseri oc er kemr at iolum annan vetr
*14 þa ferr Hacon a fund konungs oc þicciz þa eiga *at vitia iarlldomsins at þvi sem konungr hafþi heitið oc tekr konungr nv vel við honom oc spyrr[1] hvi konungs dottir feri eigi. Hacon qvaþ henni sva gegn þiccia til. oc aþr en þeir konungr sciliaz þa vecr Hacon til of iarllsnafnit oc rici þat er fylgia scylldi henni heiman sva sem heitid hafþi verit. Konungr spurþi þa i moti. Hvart[3] var Jvarr faþir þinn iarll eþa hans forellri. en þo er avþsett segir[1] konungr at þv ert betrfeþrungr. Nv ser Hacon hverso horfir malit at undan dregs tignarnafnit. tecr nv vapn sinn oc vill a bravt fara oc melti siþan. Hvat er nv tit of iarlldomsgiavfina við oss eþa lendur þer er ver scylldom eignaz af yþr oc samir þat eigi at hon missi sins soma oc se henni svivirþing at mer oc er þat konungligt at

[1]) s. *Cd.* [2]) er *Cd.* [3]) Oc *Cd.*

www.libtool.com.cn

hallda vel orþ sinn. Konungr svarar.[1] Hitt er nv sannast i Hacon segir[1] hann konungrinn at ec etla (at) ecc(i) þurfi dra(ga) þat firir þer at ecci mvni verþa af vm iarlldomin þinn. Hacon ferr nv heim avst(r) i Vic við sva buit oc gecc konungs dottir i moti honom oc melti oc hlo við. Heill iarll minn segir[1] hon. Hann svarar.[1] Ecci em ec iarll. en ef þer þiccir velreþi við þic gǫr fyr minom savcom þa tac þu vp fe mitt allt oc eign en ec mun fra raþaz. (Hon svarar). Ecci mvn ec fyrst þesso iata oc þo fór iafnt sem mic varþi at konungr mindi þetta undan draga. Liþr nv a vettrinn oc er fatt vm með þeim. oc er varar segir[1] hann Hacon konungs dottur. Nv scalltv vita etlan mina. ec hefi fengit .vi. langscip oc micit liþ mvn ec fara or landi oc coma her alldri siþan. þvi at eigi villda ec at þer yrþi ovirþing at mer. Hon segir.[1] Enga þavcc kann ec firir þat at þu farir i bravt oc ecci ero af þvi ocrir faleicar at mer se astlavst viþ þic oc encis a ec þicc at kunna mvntv raþa vistafari ocro. en ecci hirþi ec at byggva iarþir þinar ef þu ert sialfr fra þo at þv bioder þat. Nv binda þav þat raþ saman at hann selr iarþirnar til lavsafiar oc byzc nv a bravt með miclo fe oc þeim .vi. langscipom. Oc aþr en þav fari gorir Hacon til oc drepr armann konungs oc tekr vp buit allt. fara þav nv siþan með allt sitt.

Nv er sagt[1] konungi drap armanzins oc tiaþr[2] firir honom scaþinn allr saman. En konungr svarar[1] þesso. Micið er þat vist segir[1] hann en meira þicci mer þat of sva vaskan mann sem Hacon er. er hann hefir gengit af viti sino. oc iþrvmc ec miavc er honom er gipt dottir Magnus konungs. Nv er þat fra sagt[1] at konungr leggr sina eign a iarþar þer er Hacon hafþi att. þo at seldar veri[3] oc toc leigor oc scylldir af þeim iorðom.[4] En Hacon var eigi lang(t) i bravt lagiþr oc kemr hann til oc drepr menn þa er konungr hafþi til sett at varþveita iarþinnar. en siþan leggr hann elld i bøina oc brennir vp gorvalla. oc eftir þat lata þav Hacon i haf oc spyrr konungs dottir þa hvat hann etliz firir vm sumarit. Þat etla (ec) segir[1] hann at ec muna leggiaz (i) vicing. Þat vil ec eigi þo segir[1] hon þui at eins manz fiavr hefir þv þo at þv ser maþr frecn en þa em ec vpgefin ef þer verþr nocqvaþ oc er meiri van at leggi vikingar mic hia ser en þat samir mer ecci firir sacir ettar minnar. nv er þat mitt raþ at þv farir helldr a fund Sveins konungs þvi at hann er drengr godr oc tac her eitt fingrgull er faþir minn gaf mer oc syn þat Sveini konungi. oc firir þat er Sveinn konungr hellt eigi malom við favþur minn þess letr hann nv niota hans frendr oc

[1]) s. *Cd.* [2]) tiarþ' *Cd.* [3]) vera *Cd.* [4]) oc scylldir *tilf. Cd.*

www.libtool.com.cn

virþir þa nv alla micils. Hacon segir.[1] Ecci mun ec min niota við Svein konung sva lavcz varr fundr firir Nizi. en illa ert þv gefin ef mer vex þetta (i) avgo oc þora ec eigi at hitta Svein konung. Hallda þav nv til Danmercr. Oc siþan ferr Hacon með nocqueria menn oc kemr fyrir Svein konung oc qveþr hann. Sveinn konungr segir.[1] Hui fortv hingat slict illt sem þv hefir oss gort. Herra segir[1] Hacon Ra(g)nhilldr konungs dottir sendi mic til yþar með gvlli þesso. Oc synir honom gullit oc segir siþan allan malava(v)xt oc scipti þeira Haralldz. Þa segir Sveinn konungr. Eigi gorþi (Haralldr) konungr þa vel eþa macliga er hann gipti frendkono sina sva vandom manni sem þv ert. en vel scal hon her komin með oss. en þo mun henni eigi virþaz til fvllz ef þv ferr eigi með henni. Nv scalltv niota Magnus konungs oc hennar at þer scal gora þria costi þa er mer synaz allir m(i)ok venligir en ovenna at þv hefdir lifit ef ec neþa þer ef ei nytir þu þeira. Nv er sa einn costr at ec vil bioþa þer til min viþ .xii. menn oc ser þu asamt viþ kono þina en liþ þit se annarstaþar. þa er sa kostr at þv þiggir at mer bv .iii. at giavf oc scalltv þo scylldr landvarnar með mer. hinn er enn þriði kostr at þv scallt fara a fund Asmundar Biarnar sonar broþur sonar mins er nv gorir mer micinn vfriþ oc beiþiz Hallandz. fǫr mer hann oc ver siþan iarll yfir Hallandi ef þv kemr þesso a leiþ oc þo vil ec at þu hafir her fridland þo at þv gorir eigi þetta oc ser i ǫngu[2] bundinn vid mic firir sacir konungs dottor. Hacon segir.[1] Of miavcc sannaz þat þa herra er þer meltvð at omacliga veri set firir konungs dottur ef ek treystumc eigi at beriaz vid Asmund. en ef ec fell herra þa muno þer fa henni nocqvaþ virþiligt giaforð þo at þetta se með litlo moti. Konungr melti. Ec mvn fa þer lið til fararinnar. Nei segir[1] hann þat muno þeir segia þa Danir ef ver fám gagn at þeir hafi unnid siggrinn oc ann ec eigi þess oc scolo þvi minir einir menn fara.

En þannig voro vphavf of mal Asmundar oc Sveins konungs at Svein Guþina son hafþi vegit Biornn favþur hans i þingamanna liþi vestr a Englandi. Sveinn konungr Ulfs son hafþi vp feddan Asmund oc fengit honom .iii. scip at hann hefndi favþur sins. Haralldr konungr var þa konvngr i Englandi[3] en andaþr Sveinn broþir hans. Asmundr reþ þat or at heria a Dani oc varþ þrysvar handtekinn oc ferþr Sveini konungi. en hann gaf honom hvert sinni griþ oc let hann fara i friþi. enn hann letr alldrigi af at helldr at gora ofrið rici hans.

[1]) s. *Cd.* [2]) ungv *Cd.* [3]) *Ordene* þa konvngr *ere af første Haand skrevne over* i Englandi.

www.libtool.com.cn

Nv er þar til at taca at Ragnhilldr konungs dottir ferr til Sveins konungs oc tekr hann við henni baþom havndom oc ero þav Hacon þar beþi vndz hann vill bvaz a fvnd Asmundar. hann byr .vi. scip til þeirar ferþar oc ferr siþan meþ þesso liþi oc helldr frettom til Asmundar oc fęr spurt hvar hann er oc hefir .x. scip. Þat er fra sagt[1] at fundr þeira varþ i Slesmynni. oc aþr en scipin rendvz[2] at sva at til bardagans veri tekit. melti hann Asmundr. Vel a sa maþr fram at ganga er iarlldomi er heitið. en missyni var Sveini konungi at mela þat oc eigi mintiz hann þa miavk Nizar orrosto. Hacon segir[1]. Satt var þat Asmuñdr at ec var fyr Nizi með Haralldi konungi oc þat samdi mer eigi illa at veita konungi minom. en hitt cǫmr verr við er þv villt avallt svicia þinn frenda Svein konung oc lanardrottin oc i dag s[calltv] þat finna at vitt havfom fundiz oc ec scal at þer secia. Oc nv tekz *orrosta með þeim oc verðr *14 b harþr bardagi oc gecc Hacon vel fram oc liþ hans. falla menn þyct með bordom oc þo en meirr Asmundar liþ. oc þar kemr at þeir Hacon oc menn (hans) na upgavngo. oc kemz Hacon a scip Asmundar oc havggr a beþi borð secir at firirrumino með sinom mavnnom oc falla menn Asmundar miavcc oc þar kemr at Asmundr er handtekinn af Haconar mavnnom oc hallda menn a honom. Þa melti Hacon. Alldrigi etla ec oþarfari forn ferþa Sveini konungi en þetta ið vanda hofvð er þv berr eftir Asmundr. Leypr eftir honom oc drepr hann. Oc eftir þetta fara þeir Hacon heim með herfang nocqvaþ oc sigr oc kǫmr með þetta allt saman firir Svein konung er þeir havfþo at syst. Oc i þvi bili kemr Hacon fyr konung oc qvaddi hann. en konung setti dreyrravþan a at siá oc melti. Far þv til setis. Oc var þat með ǫngom letta. Hacon segir[1]. Þat þicci mer nv a finnaz herra at þer kunnið minni þavcc firir sigrinn várn en ec hugda en þat hygg ek at þessi maþr Asmundr mundi en eigi spara at sitia of lif þitt ef hann hefði undan gengit oc þvi drap ec hann villda ec nv herra hafa af yðr þat er heitið var. (Konungr segir.) Þat vętti ek at þer gengi til þessa engi ouingan við mic oc helldr góþvili en ekci mattv þo at sva buno vera minn avlǫþarvin en haf þat af rici mino er herscazt er. Nv er þo þat sagt[1] at Sveinn konungr gorir hann iarll yfir Hallandi oc reþz hann þangat til þess ricis með liþ sit oc kono oc tacaz af nyio[3] astir goþar meþ þeim. Hacon er manna hvatastr. hann for i Uicina oc heriaþi er hann spurþi at konungr var nordr i landi oc lagþi hann þetta i vanda iafnan of svmrom at fara sva með.

[1]) s. *Cd. Cd.* [2]) rendiz *Cd.* [3]) nynio *Cd.*

www.libtool.com.cn

Ok a eno[1] þridia ari eftir Nizar orrosto þa settiz friþr milli Haralldz konungs oc Sveins konungs með raþi allra Nordmanna oc sva Dana. oc var með þeim hétti gǫrr at hvarr þeira scylldi hava i frelsi[2] sit rici þaþan i fra Haralldr Noreg en Sveinn Danmorc botalavsa. scylldi þar leggiaz hernadr sem hafiz hafði. en sa happ hava er hlotið hafdi. sa friþr scylldi standa meðan þeir veri konungar. sem Þiodolfr segir.[3]

Fęrþi fylkir Havrþa  renðr bito stál fyrir stravndo
friþr namz ar ið þriðia  starf til crocs at hvarfi.

Oc nv eftir þetta er fridr er milli Danmercr oc Noregs. þa tekr Haralldr konungr þat raþ at hann heriar a rici Steinkels Svia konungs i Gavtland. Steinkell konungr ferr a fund Sveins konungs oc biðr hann liþs. Sveinn konungr segir honom sét þeira Haralldz. oc vil ec eigi a hana ganga segir[3] hann. enda varþ mer torsott við Haralld konung at eiga en rað mun ec til leggia með[4] þer. Hacon iarll Jvars son er i ovingan við Haralld konung oc er iñn mesti orrostomaþr oc allra manna hvatastr. hann er nv minn maðr. þv scallt gefa honom til Gavtland i(t) vestra at hann raþiz i moti Haralldi konungi. en hann er giarn a mannvirþing oc mvn honom lica vel ef hann hefþi þar annat iarls rici. en þo at hann latiz fer þu iþgiavlld þui at hann er[5] ecci þinn maþr. en þer er osynn sigrinn ef hann fér eigi. Nv ero menn sendir eftir iarllinom oc kemr hann þar oc (er) þetta mal borit vp firir hann. Hacon segir.[3] Hvernig er Sveini konungi vm gefit segir[3] hann. mvn en vera sem fyrr miǫc micil manravn at beriaz við Haralld konung oc eigi mvn ec til þes raþa nema þu leggir oc niþr fęþ þina við mic oc verir með fullri bliþo til min Sveinn konungr. Nv ma ec þat vel gǫra segir konungr en þa gatt ec þat eigi at mer. Oc nv raþa þeir þetta með ser at Hacon scal fara oc vera firir liþino en liþ scal fa honom af Gavtlandi hvarotveggia af mavnnom Steinkels konungs. Oc eftir þat ferr Hacon heim [oc segir Ragnhilldi[6] hvat vm er títt. oc er hann byz til ferðar þa melti konungs dottir. Nv kann vera segir[3] hon at þu komir i gillda manravn oc scal ec vel við vna þo at þv latiz firir Haralldi konungi. en litið ma ec veita þer en merci þessi vil ec gefa þer er faþir minn hefir átt. oc þessi hafþi hann þa er hann barþiz

[1]) eino *Cd.* [2]) fresli *Cd.* [3]) s. *Cd.* [4]) mer *Cd.* [5]) ec *Cd.*
[6]) [ *tilf. i Randen af første Haand med Henvisningstegn hid.*

www.libtool.com.cn

við Scotborga ǫ. oc þessi merci villdi Haralldr konungr giarnsamliga hava oc hefir en eigi nat hingat til. Þav voro avll gvllsavmuð.

Nv ferr Hacon með liþ sit þa er hann er buinn up a Gavtland oc samnar þar liþi. oc er liþ kemr saman þat (er) honom var etlat[1] þa stefnir hann þing oc talar firir liþino. Þess vil ec biþia segir[2] hann at er gefiz nv vel ef fundr várr Haralldz konungs ve(r)þr oc hafa scolo þer nocqvoþ briost af havfþingianom oc hans liþi fyr yþr. oc ekci etla ec at stęplaz við hǫtt Haralldz konungs. oc þo er mer grunr a at þessi samnaþar herr mvni litill vera i moti liþi Haralldz konungs oc scolo þer herþaz við sem bezt oc mun þa vel duga. oc þo at ec siacc otignari at nafni en Steinkell konungr þa ma yþr þo vera at mer eigi minna fulting. þui at hann er vanr miǫk sel(i)vi en ec emc vanr bardavgom oc vesǫlld mavrgo sinni. Sva var farit sem hann sagþi[2] at Steinkell konungr var maþr feitr oc þungr a ser. var hann drycciomaþr micill oc var hann her ecci[3] viðriþinn. þotti honom gott at vera kyrrom. þo at menn hans feri nocquerir með Haconi iarlli. Haralldr konungr spyrr nv þetta oc verdr glaþr við oc scemtir ser of sumarid i landi oc byr .lx. scipa er a liþr oc valldi ser lið oc hernað með bryniom oc hialmom oc voro þav scip agetliga buinn. hann lysir ecci ferþinni hvert hann etlaþi at fara. ferr sidan nordan með landi leggr fyrst scipunom vp i M(i)ǫrs. eftir þat ferr konungr sciponom vp i Veni eftir Elfinni. Oc er þeir lago þar við land scamt fra þvi er lið Haconar iarlls var. þa gecc maðr ýt of nott or tialldi oc spurþi Haralldr konungr at veþri er sa com inn. en hann sagþi[2]. Stendr undir bacci sa. Halldi at fyrst sva segir[2] konungr. Oc avþro sinni spyrr konungr en at veþrino er maþr hafdi vt set. oc segir sa at snęr var kominn. Konungr melti. Þa er iafnt ordit sem ec minda ęscia oc metti þeir Gavtarnir eigi fera fe sit vndan hernaþinom er ver scolom veita þeim. Oc en ið þridia sinn spyrr konungr at veþrino. þa sagþi maþr at hor(f)þiz akafliga á of vettrinn. Konungr melti. Vel koma nv oc frostin.

Nv er at segia fra Haconi iarlli at hann hefir at ser dregit liþit oc ferr siþan oc etlar til fvndar við Haralld konung. kemr iarllin siþan at dal nocqueriom divpom oc stavþvar þar liþit a dalsbrvninni oc vill þar biða konungs. þui at hann veit þa at scamt er i milli þeira. Liþit Haconar iarlls var mart kleþiátt sem þeir ero iafnan Gavtar. en þat allt er honom hafþi heiman fylgt var vel við bvit beþi at vapnom oc cleþom. Þorfiðr het maðr lavgsavgomaðr

[1]) *tilføiet i Margen af første Haand.* [2]) s. *Cd* [3]) l *tilf. Cd.*

www.libtool.com.cn

þeira Gavta oc var i liþi iarlls. hann hafþi hest kornfe(i)tan oc tiodraþi batt við hel nocqvern þar hia þeim er þeir sęttvz við dalinn. En þat er at segia[1] fra Haralldi konungi at hann hefir þing of morgininn oc veit hann oc farar iarlls. oc melti a þingino sagþi[1] mavnnom sinom at bratt mvndi saman bera fvnd þeira iarls oc scolo ver vera eigi of snertobraþir þvi at ver hofom vidrbuning goþan fyrir vapną sacir oc kleþa. en þetta er kallt veþr oc þo at Hacon se hravstr maþr oc lið hans sialfs oc vel við bvit. þa veit ec þo of bvanda liþit af Gavtlandi at þat mvn vera clett illa oc hravkkva saman miavc oc þola illa kvlldann. Siþan fara þeir Haralldr konungr undz þeir koma avþrom megin at dalnom. Þa melti
* 15 konvngr. Nv scolvm ver her nidr *setiaz fyrst segir[1] hann oss er orþit héitt undir hercleþom oc vita ef þa kali nocquaþ Gavtana oc mvno þeir hava harcað saman liþi sino oc kan vera at oss se eigi oheggra at vega at oss se eigi iafnheitt en ovist hvernig þeir þola kulldan[2]. Þeir setiaz nv niþr við dalin avþrom megin oc voro með hercleþom allir oc allir bunir til bardagans. Nv stenðr hann up Þorfiðr lavgsǫgomaþr i liþi Haconar iarls (oc melir). Ver verþom at tala meðan ungmennit sciallar. gott lið hofom ver oc fritt oc er oss scylt at leggia[3] eigi a flotta. en ef verþr scal eigi lengra en til [havgsins. en[4] ef sva ve(r)þr þa scal eigi lengra en til becsins. ver hofom hravstan iarll at beriaz með. O(c) i þvi er hann melti þetta kipiz hestrin við oc hleypr vp hellinn er hann var bundin við oc kemr við eyra honom Þorfinni. en hann leypr ner vp við oc melti. Sciot allra manna armastr. Oc snyr þegar a flotta oc leggr a bravt.

Oc nv metaz þeir við dalinn[5]. villdi Hacon at Haralldr gǫrdi fyrri athlavpit oc þottiz þa hava breccomuninn. en Haralldr sparir þat Haconi. Oc er þeir hafa setid þannig of hrið. þa ser Hacon at liþino hans svmo ma eigi endaz firir kvllda savcom oc stendr vp siþan oc melir. Ver munom nv verþa til at raþa. oc hafþa ec þo konungi etlat athlavpit. verðr nv annann veg breccomunrinn en ec hugþac til. Eggiar nv lidit oc reþr i dalinn oc vp at þeim Haralldi konungi. oc teczþ nv orrosta oc er en sem fyrr at Hacon synir af ser micla hreysti oc allt hans liþ sialfs. en konungs liþit er beþi meira oc betr buið oc fell þegar miavc liþit Haconar en sumt leggr a flota. allir Gavtarnir þeir er up stoþo þa helldvz litla hriþ við. oc þo varþ þeim tionsamt meðan þeir bavrþuz. oc er nv þat eitt liþit eftir er Haconi iarli hafði heiman fylgt oc dugir þat et bezta. Jarll-

[1]) s. *Cd.* [2]) kualldan *Cd.* [3]) liggia *Cd.* [4]) [heygsins ef *Cd.* [5]) *tilføiet i Margen af første Haand med Henvisningstegn.*

www.libtool.com.cn

inn ber(s)c vel oc viþr mavrg fregþarverk oc kennir Haralldr konungr merkin er borin voro firir iarlinom oc villdi giarna fa þav. Ok þvi nest verþr nv sva fast at iarlinom sott. at merkismaþrinn fellr oc var þegar tekið merkit af konungs monnom. Oc þa flyr iarll oc þat liþit er með honom var oc hallda i scoginn. Þa qvaþ Þiodolfr viso.

Avlld er sv iarli villdi
ognteitom liþ veita
sterkr olli styr stillir
Steinkels gefin helio.
en þvi at illa reynduz
aflván þaþan hanom
firir let Hacon havrfa
hvat segr hinn er þat fęgrir.

Oc nv melti Hacon er hann flyþi at konungs dottor mindi[1] hann lavst þiccia a hava halldit merkino Magnus konungs er hon hafþi gefit honom. Haralldr konungr recr nv flottann oc melto menn hans at Hacon hefþi vart lavnað iarlldominn Steinkeli konungi oc hann kynni eigi sia efnitre sitt. mindi honom vera ofrefli at beriaz við konung sialfan. sumir kavlloþo hann vascan mann oc hafa drengliga bariz. Konungr let bera fyr ser merkin þegar er i hans valld komo oc kallaþi þat mestan sigr er hann hafþi þav fengit. Oc er þeir riþo scogargavto oc þeim var min(z)t ván hleypr maðr of þuera gavtona or scoginom fram oc þrifr merkit annarri hendi af þeim er bar en annarri hendi leggr hann þan með spioti. leypr þegar i scoginn avþrom megin gavtunnar oc hafa þeir ekci hans. en hinn déyr er lagþr var. Þa melti Haralldr konungr. Þar mvn Hacon verit hafa oc var þetta ecci margra manna at fara sva. oc er þat vist at eigi þicci mer honom minni sigr i þessi ferþ en mer var i orrostunni. enda kan ec eigi scaplyndi Ranghilldar frendkono ef honom yrþi avþvellt at komaz yfir reckiostokcinn hennar ef hann hefþi latið merkin. en nv muno þav settaz.

Fara þeir nv til scipanna oc var konungr a scipi oc mart liþit en sumt a landi oc sva havfþo matsveinar elldstoar a landi. Oc of kvelldit er þeir sneddo er a landi voro. þa kom at þeim ęinn fatecr[2] maþr oc baþ matar oc var alltavtrvgr[3]. en þeir gafo honom. hann spurþi hvart konungr veri a landi eþa a scipi. þeir sogþo[4] at hann var a scipi. Þat ueri skyllt goðir menn segir[4] hann at ek lavnaþa yþr þenna beina en þar se ec einn lut til. ec veit hvar þeir Hacon iarll ero scamt a bravt heþan með fa menn oc kan vera at konungr lavnaþi miavcc vel ef þer fengit drepit hann eþa hanðtekit oc mun ec segia yþr leið þangat. þvi at ec var þar aþr firir litlo. Þeir

[1]) mindo *Cd.* [2]) fetecr *Cd.* [3]) allstavtrvgr *Cd.* [4]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

foro nv m(i)ǫk margir oc hlyddv fortavlom hans. en hann ferr oc er gangan hans helldr hrumlig. fara nv i scoginn eftir divpri gavto oc dregsc helldr vndan oc vilia þeir aptr hverfa. en hann qvaþ þo scamt til undz þeir mindo finna Hacon oc þvi nest koma þeir at þar er tre micid liggr of þvera gavtona oc fara þeir þar yfir oc sia þa menn nocqveria firir ser. honom verþr seint [enom fatekia manni[1] at komaz yfir treit oc biþr þa secia eftir þeim mavnnom er þeir sei firir sek fram oc qvaþ menn Haconar þat. Oc er þeir koma yfir treit þa kastar sa af ser tavtronom oc leypr vp a treid oc bre(g)þr sverþi oc havggr sem ma. oc hava þeir þa fundit Hacon iarll. Þa drifa at þeim menn beþi or scoginom oc framan af gavtunni oc secia þa vapnom en þeir veriaz oc finna at eigi er svicalavst oc villdo vndan hallda oc er þeim mein at treno oc verda flestir drepnir en svmir comaz til scipanna aptr við illan leic oc segia[2] konungi of morgininn favrna. en hann segir[2]. Þa for iafnt sem liclict var. eigi mvno þer iaf(n)raþgir oc Hacon oc foro þer vvarliga oc af litlom alitom.

Konungr var þar nocqveria stund þui at eigi matti scipin brot flytia fyrir isom oc liopo þeir vp iafnan konungs menn eftir strandhavggom. en hvert sinni lago eftir .v. eþa .x. sva var yrmt fyrir a landino af vmsatom[3] Haconar. Þat er nv þvi nest at Hacon kemr qvitt þeim til eyrna Haralldi konungi oc monnom hans at Hacon iarll veri farinn til Sviðioþar eftir liþi miclo oc þeir Steinkell konungr mindo þar[4] koma scams bragþs með her mikinn. en Sveinn konungr mvni koma vtan i arosinn með scipaher. Oc þesso trvir Haralldr oc taca nv oc havggva is fyr scipom sinom. Oc er þeir voro at þa melti (maþr). Engi dvgir sva sem Koþrans bani. Þat melti sa til Hallz Otryggs sonar er vegit hafþi Koþran Gvþmvndar son. en Hallr var þar með Haralldi konungi. Oc þa liop at Þormoðr Eindr(iþ)a son oc hio Hall banahavgg. þvi at hann stoþz eigi er hrosat veri vigino Koþrans. Þormoþr var manni firnari en systrvngr Gvþmvndar Eyiolfs sonar favþvr Koþrans. Oc er liþit þravngþis at oc villdi drepa hann Þormoþ þa brast niðr issinn vndir þeim oc varþ þa micid svarf oc var við svaþ vm at mart manna mvndi drvcna. Magnvs son Haralldz konungs veitti Þormodi oc bad honom griþa oc bavð sęttir þui at Þormoðr var a hans scipi oc varþ setz a malið. Oc siþan for Þormodr svdr til Danmerkr oc þaþan vt i
*15b Grikland oc villdi a mala (ganga) *en (Garðs)konungr sagði hann vera of litinn vexti til þess. oc einn dag er konungr sa vt of svalar nocqveriar sa hann at griþvngr einn akafa micill var leiddr a mot

[1]) [ einom fatekia enom fatekia *Cd.* [2]) s. *Cd.* [3]) k *tilf. Cd.* [4]) þeir *Cd.*

www.libtool.com.cn

oc hio Þormoþr af havfvð. þa melti konungr at hann mindi fleira stort havggva en navtt eitt oc toc konungr þa við Þormoþi oc gengr hann a mala oc var þar. En þeir Haralldr konungr flotoðo[1] scipom sinom oc foro eftir ǫnni Elfi til sefar oc sidan heim norðr i Norreg við svabuit. oc fello nocquerir menn af Haralldi konungi er þeir foro ofan eftir anni Elfi þvi at Gavtar scvto a þa. En Hacon iarll þotti vera in mesti ravsnarmaðr oc het dottir hans Svnefa en sonr het Hacon er atti dottor Sveins konungs Vlfs sonar. oc var þeira son Eiricr lamb Dana konungr. Oc lycr nv her at sinni fra Haconi iarlli oc Haralldi konungi.

## *Fra Sneglohalla.*

Eitt svmar kom scip af Jslandi oc var þar a Sneglohalli. hann var nordlend(z)cr at ett[1]. honom var sva farið at hann var scalld oc foryflldiz helldr faz i orþom sinom. Þeir komo við Agþanes oc helldo in eftir firþinom oc brvnoþo i moti þeim langscip oc stoþ maþr vp a drecanom er firir for i ravþom kyrtli oc melti. Hverr styrir scipino eþa hvar voro þer i vetr[2] eþa hvadan yttv þér eþa hvar komo þer við lanð. eþa hvar voro þer i nótt. Halli svaraþi[4]. Sigurþr heitir styrimaþrinn. en ver vorom i vetr a Jslandi en ytom fra Gasom en komom við Hittrar oc voro(m) i nott við Agþanes. Maþrinn melti. Sarþ hann yðr eigi þa Agði. Halli svarar[4]. Eigi enna. Maþrinn melti. Var þo nocqvoþ til raþs vm. Ja herra segir[4] Halli beið hann at bettri manna. venti þin þangað i quelld. Þar var Haralldr konungr er orþom scipti við Halla. Nv koma þeir i beinn oc fert Halli a fund konungs oc qveþr hann. oc villdim ver herra segir[4] hann til ydar fara. Konungr segir[4]. Vant verdr þat vtlendom monnom oc abyrgs þic sialfr en eigi spari ec mat við þic. Nv for Halli þangat oc var með hirþinni. Þar var oc Þiodolfr scalld með konungi oc þotti vera nocqvoþ avfvndsivcr við þa menn er quomo til hirþarinnar. Oc einn dag er Þiodollfr gecc at streti með konungi komo þeir firir lopt nocquor oc heyra deilld manna òc þvi nest aflog. þar var scinnari oc iarnsmiðr. Gavngom bravt heþan segir[4] konungr. yrc nv Þiodollfr of deilld. Hann melti. Vscyllt er þat herra. Gǫr sem ec meli segir[4] konungr. oc er nocquerio meiri vandinn[5] á en þv ętlar. þv scalt gora af þeim nocqvaþ aþra menn en þeir ero. látt annan vera Geírroð iotvn en annan Þór. Hann qvaþ viso.

[1]) flotiðo *Cd.* [2]) vͬ *Cd.* [3]) eitt *Cd.* [4]) s. *Cd.* [5]) vandann *Cd.*

www.libtool.com.cn

Varp or þreto þorpi
Þórr smiþbelgia stórra
hvatt elldingom havlldnom
hafra kiǫtz at iǫtni.
hlioðgreipom tok hvda
hravccvi scafls or afli
glaþr við galldra smiþio
Geirrǫðr siǫ þeiri.

Konungr melti. Þessi visa er góđ oc vel ort. Oc nv scalltv yrcia aþra. lat nv vera annan þeira Sigurþ Fafnis bana en annan Fafni en kenn þo hv(a)r(n) til sinnar iþnar. Hann qvaþ enn viso.

Sigurþr eggiaþi sleggio
snac valigrar bracar
en scafdreci skinna
screið of leista heiði.
mann sasc orm aþr ynni
ilvegs buinn kilio
navtaleþrs a naþri
neflangr konungr tangar.

Konungr melti. Gott scalld ertv Þioðolfr. Oc gaf honom þegar eitt fingrgvll. Oc of kvelldit var tiðrett of visornar. oc savgþo[1] þeir hirþmenn at Halli mindi eigi yrci(a) slicar visor. Hann sagþi[1]. Eigi er iafngott scalld sem Þioðolfr. en þa mun mer first[2] of fara ef ec emc eigi við staddr. Sa maþr var með Haralldi konungi er Tuta[3] het friscr maþr oc var þar til synis. hann var lagr sem dvergr oc digr. oc eitt qvelld let konungr hann taca vapn sin bryniona Emmo oc hialm oc sverþ oc bað hann ganga firir hirþina i drycciostofo þa er menn sato undir borþom. kom hann inn með þessom bvnaþi oc hleia menn at honom oc þotti maþr vndarligr. Þa melti konungr. Sa maþr er nv yrkir vmb hann þar sem hann stendr scal þiggia af mer knif þenna oc belti. Þat var gǫrsimar. Þa qvaþ maþr viso a beckinn. oc var þar Halli.

Fęrþr syndiz mer frendi
Frisa kyns i brynio
gengr með hirþ i hringom
hialmfalldin kurfalldi.
flerat elld i ari
v́tlavpi vanr Tvta
sek a siþo leica
sverþ rvghleifa scerþi.

Vel er þetta queþit segir[1] konungr oc sendir honom giavfna. Þiodolfi fandz fatt vm. Nocquerio siþarr gecc konungr at streti oc hirþin með honom. var þa Halli i favrrinni oc er þeim voro minztar vanir þa liop hann Halli fram firir þa. Konungr melti.

Hvert stillir þv Halli.

[1]) s. *Cd.* [2]) fyrst *Cd.* [3]) cuta *Cd.*

www.libtool.com.cn

Hann svarar[1].

Hleyp ec fram at scyrkavpi.

Konungr melir.

Gravt mvndv gǫrfa lata.

Halli svarar[1].

Górr matr er þat smiavrvan.

Leypr sidan i garþ einn af stretino oc þar sem kona hafþi vppi ketil oc var i gravtr. Hann tekr ofan ketilinn oc gengr vt með oc setz nidr vti hia loptino oc ętr gravtinn. Oc er konungr sacnar hans i fyll(g)dinni þa melir hann. Nv ero eigi gods efni i nv er hann Halli bravt lavpinn. favrom nv oc leitom hanş. Þeir scipa til sidan oc voro .vi. hvarir oc finna hann sidann þar er hann sat oc hof gravtinn. Þa melti konungr við hann styggliga. Hvat skylldir þv fara vtan af Jslandi til ricra manna oc gǫraz sva at vndrom. Ver eigi reiðr herra segir[1] Halli þiggia viliom ver fagnað er i hendr berr. oc iafnan se ec yþr a kvelldom ecki drepa hendi við goþom sendingom. Konungr gekc i brot en Halli stod vp oc kastar nidr katlinom oc scall haddan. þa qvaþ Halli þetta.

Haddan scall en Halli
hlavt of fylli gravtar.
hornspano qveþ ec hanom
hlyþa betr en pryþi.

Konungr er reiðr Halla oc þiccir Þiodolfi þetta hlegligt er Halli hefir til tekid. oc of kvelldit letr konungr setia[2] firir Halla gravtar trog oc biþr hann or eta. Halli letz eta mvndo gravtt oc let ser hann þiccia megingoþan. mataz hann oc hettir þa er honom þiccir fallit. Konungr biþr hann eta en. Nei herra segir[1] Halli þat gori (ec) eigi. kost attv at lata drepa mic ef þv vill en eigi scal ec af þesso liota bana. Oc nu of kvelldit let konungr taca af bordi sino gris einn steiktan oc fer i hendr Tuto oc melti. Fer þetta Halla segir[1] hann oc seg honom at hann hafi ort viso aþr en þv kemr firir hann. oc mel þat þa er þv kemr a mitt golfit. oc ef eigi er þa ort ser hann bana sinn. Tvta segir[1]. Herra eigi villda ec þetta gora. Konungr

[1]) s. *Cd.* [2]) sitia *Cd.*

www.libtool.com.cn

segir[1]. Goþ þicci þer visan muntv oc gorla heyra kunna. Sidan tok hann við grisinom oc gecc a mitt golf oc melti. Yrc viso scalld segir[1] hann at boþi konungs oc lat sem lif þit liggi við. Oc er Tvta[2] kemr firir Halla. þa rettir hann Halli hendr i moti grisinom oc qveþr viso.

Gris þa greppr at ręsi  
grvntravþustom[3] davþan  
niavrþr ser bavrg a borþi  
bavglandz firir ser standa.  
rvdna siþur lit ec ravþar  
reþ ec sciott gorfo qveþi  
rana hefr seggr a svini  
send heill konungr brenddan.

Þa melti konungr. Vp mvn nv gefin savcin við þic Halli segir[1] hann oc er allgod visa.

Hann er nv með hirþinni vel halldinn. oc er kemr iola aptann
*16 gengr Halli firir konung oc qveþr hann. Konungr toc *vel mali Halla. Þa melti Halli. Herra qveþi hefi ec ort of yðr ec villda at þer hlyddit. Konungr melti. Hefir þv nocq(va)þ qveþi fyrr ort. Hann svarar[1]. Ecci herra. Konungr melti. Þat mvn þa sumra manna mal at þu takiz micit i fang fyrsta sinni slic scalld sem of mic hafa ort. eþa hvat syniz þer rað Þiodolfr. Hann svarar[1]. Ekci kan ek þer raþa raþin herra segir[1] hann. hit mvn nerr fara at ec kvnna raþa Halla heilreþi. Konungr segir[1]. Hver ro þav. Þioðolfr segir[1]. At hann livgi eigi at yþr. Konungr melir. Hvat lygr hann. Þat þa herra at hann hafi ecki qveþi ort. en ek etla hann ort hafa. Hvert er þat segir[1] konungr. Þiodolfr segir. Þat heita kollo visor er hann orti of kyr ýt a Jslandi er hann gétti. Þa melti konungr. Er þat satt Halli er hann segir[1]. Satt er þat segir[1] Halli. Konungr melti. Hvi sagdir þu þat at þv hefdir ekci qveþi ort fyrr en of mic. Þvi herra segir[1] Halli at ec venti at mavnnom muni litil qveþismynd a þvi þiccia ef þat quemi[4] a lopt. Queþ þat fyrst þa segir[1] konungr. Halli segir[1]. Scemta mvn þa fleira scolo herra. Hverio þa segir[1] konungr. Qveþa scal Þioðolfr soptrogs visor er hann orti vt a Jslandi. Konungr segir[1]. Hvernig er þat qveþi. Halli segir[1]. Þioðolfr hafði þat verc er hann var heima at hann bar ýt avsco með oþro vngmenni oc þotti til enkis annars fęrr. oc varþ þo at at hyggia at eigi veri elldr sva at meín yrþi at. Er þat satt Þioðolfr segir[1] konungr. Sat er þat herra segir[1] Þioðolfr. Konungr melti. Hvi hafdir þv sva ovirþiligt verc. Þat bar til herra segir[1] hann at ver vorom mavrg bavrninn oc tok ec undir með þeim of verkið oc flyttac þeim sva til

[1]) s. *Cd.* [2]) tvti *Cd.* [3]) davþom *tilf. Cd.* [4]) quemc *Cd.*

www.libtool.com.cn


Þvi nest riþo fram .xx. riddarar. oc fire fylking Norþmanna. oc voro allir bryniaþir oc sva hestarnir. Þa melti einn riddarinn. Hvart er Tosti iarll i liþino. Hann svarar[1]. Ecki er þvi at leyna at þer monoð hann her finna. Þa melti riddarinn. Haralldr konvngr broþir yþarr sendir[1] yðr qveþio oc þav orþ með at þer scolot hafa griþ. oc eignaz Norþimbraland allt. oc helldr en þer vilit eigi til hans hneigiaz. þa vill hann gefa yþr þriþivng rikis allz með ser. Tosti iarl svaraþi. Boþit er þa nacqvat annat en svivirþing ein oc vfriþr sem fyrra havst var. veri þa þetta boþit sem nv er. þa veri sa margr með lifi er nv hefir mist heimqvamo. oc betr mondi þa standa riki Engla konvngs. Nv takim ver þenna cost. hvat vill broþir minn þa bioþa Haralldi Norþmanna konvngi fire sitt starf. Riddarinn svarar. Sagt hefir konvngr þar nacqvat fra hvers hann vill honom vnna af Englandi. hann scal hafa .vii. feta rum eþa þvi lengra sem hann er hęri en flestir menn aðrir. Þa melti iarllinn. Farit nv oc segit sva Haralldi konvngi brøþr minom at hann bviz til orrosto. annat scal satt vera at segia með Norþmonnom en Tosti iarl føri fra Haralldi konvngi oc i fianda flocc hans þa er hann scylldi beriaz i Englandi til rikis. helldr scolo ver taca allir eitt raþ. deyia her með soma eþa vinna England með sigri. Þa riþo þeir aptr riddararnir. Oc eptir þat melti Haralldr konvngr Sigurþar son til iarlsins Tosta. Hverr var sia enn sniallraddaþi maþr. er viþ yþr melti. Jarllinn svarar[1]. Þar var sialfr Haralldr konvngr Goþina son. Þa sagþi[1] Haralldr konvngr Sigurþar son. Of lengi var ec þesso leyndr. þvi at comnir voro þeir sva fire liþ vart. at eigi mondi nafni minn kvnna at segia banorþ varra manna. Jarlinn svarar[1]. Sam ver þat herra at ovarliga for þvilicr hofþingi. oc verþa matti þetta sem þer segit. for hann með þvi at hann villdi bioþa griþ brøþr sinom oc mikit valld. vist vera ec þa sannliga kallaðr verri hofþingi ef ec biþa sva elli. at ec vera banamaþr broþor mins. oc betra er at þiggia bana af brøþr sinom en veita honom bana. Þa melti Haralldr konvngr til sinna manna. Litill maþr var þessi sveinar. oc stoþ þo steigurliga i stigreip sin.

Þat segia menn at Haralldr konvngr qvaþ viso þessa.

| | |
|---|---|
| Fram gongom ver | hialmar scina |
| i fylkingo | hefkat ec mina |
| bryniolavsir | nv liggr scrvþ vart |
| vnd blar eggiar. | at scipom niþri. |

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

Emma het brynia hans. hon toc í mitt bein honom. oc sva sterc at alldri hafþi vapn a fest. en merki hans het Landeyþa sem fyrr gat ec. oc hafþi þat sva viþa verit sem þat het til. Oc nv melti Haralldr konvngr. Ecki er sia visa vel gor er aþr qvoþom ver oc scolo ver gøra aþra betri. Þa qvaþ hann þessa viso.

Krivpvm ver fyr vapna
valteigs brocon eigi
sva bavð hilldr at hialldri
halldorþ i bvg scialldar:
hatt bað mic þar er mettvsc
menscorþ bera forþom
hlaccar iss oc havsar
hialmstall i gny malma.

Nv veita Englar atreiþ Norþmonnom. oc verþr viþrtacan horþ.
*19b voro sva settar kesiornar[1] *at ecki fecc við comiz með hestana. beriaz nv hvarirtveggio með eno mesta magni. oc reðsc seint mannfallit. nv var sva mikill liþsmvnr at fiolþanom[2]. at Englar riþlvþv sveitirnar. oc kringia allt vm þa. oc ganga at þeim ollom megin. oc geriz nv sva sem dømi finnaz til at a ortiz vm mannfallit i hvarntveggia stað. losnar fylking oc riðlaz. oc fellr mioc lið Harallz konvngs. Oc er konvngr finnr at fast er at sott merkionom. þa spennir hann baþom hondom meþalkafla sverzins. oc høggr a tvęr hendr. biþr ecki merkianna ryðr sva stiginn fire ser. oc veitir morgom manne bana. Þat segia allir menn a eina lvnd at eigi hefþi set drengiligri framgongo. oc haþa með iafnmikilli hvgpryþi. hafþi hann baþar hendr bloðgar. oc gecc sva milli ovina sinna naliga sem hann øþi vind. oc syndiz at hann hreddisk hvartki elld ne iarnn. Sem Stufr segir.

Gecc sem vind sa er vętki
varþandi fior sparþi
geira regns í gegnom
glaþr orrostor þaðra:
gramr flyþit sa siþan
søm ef þess ero dømi
els vnd erkistoli
elld ne iarnit fellda.

Oc þetta segir Arnorr i sino qveþi.

Hafþit briost ne bifþisc
bavðsnart konvngs hiarta
i hialmþrimo hilmir
hlitstyggr fyr ser litit:
þars til þarfar hersa
þat sa menn at scatna
bloþogr hiorr ens barra
beit davglinga hneitis.

[1]) at *tilf.* *Cd.* [2]) flioþanom *Cd.*

www.libtool.com.cn

Nv fęr Haralldr konvngr lag framan í ostinn sva at þegar com bloðboginn vt í mvnninn. Þetta var han(s) banasár. oc þvi nęst fell hann til iarþar. Oc nv er þessi tiþindi ero orþin. þa søkia Englar sva fast. at nv fellr liþit allt þat er nest hefir staþit konvngi. var þa op mikit af Englom.

Oc er Tosti iarll verþr varr at konvngr er fallinn. þa vikr hann þegar þangat til sem hann sa merkit Landeyþo. oc eggiar fast liþit. biðr enn þat sama merki fyr ser bera. oc verþr enn snorp orrosta. fire þa soc at allir Norþmenn þa eggiar hverr annan. oc alldri vilia þeir flyia. Þa let Haralldr konvngr Goþina son kalla hatt. byðr þa Tosta brøðr sinom griþ. oc ollo liþi þvi sem eptir var. en þeir øpþo allir senn vpp í moti oc sogðo at alldri villdi þeir griþ hafa. qvoþoz vilia sigraz a ovinom sinom eþa liggia þar allir vm konvng sinn. Sem Arnorr iarlascalld segir.

Eigi varþ ens øgia
avþligr konvngs davþi
hlifþvt hlenna søfi
hoddom recnir broddar:
helldr kvro meirr ens millda
milldings en griþ villdi
vm folcsnaran fylki
falla liþsmenn allir.

Hefsc nv orrosta oþro sinni meþ þvi at Tosti iarl var þa fyr liþino. oc í þessi dvol aðr en saman sigi fylkingar oþro sinni qvaþ Þioþolfr viso þessa.

Avlld hefir afrað golldit
illt nv qveþ ec her stilltan
bavþ þessa for þioðom
þarflavst Haralldr avstan:
sva lavc siclings efi
sniallz at ver rom allir
lofþvngr fecc ens leyfþa
lifs grand i stað vavnndvm.

Varþ nv þessi orrosta horð oc eigi long. oc reðsc nv mannfallit. falla Norþmenn mioc. Jarlinn bersc vascliga oc fylgþi merkionom. oc aþr en letti fell hann þar með mikilli pryþi oc goþom orðztír.

Oc i þvi bili com Eysteinn orri með þvi liþino er at scipom hafþi verit. oc voro þeir allir albryniaþir. oc verþr nv orrosta et .iii. sinn. oc fęr Eystein(n) Landeyþo merki Harallz konvngs. Þessi orrosta var einna snorpvst af ollom þessom atlogom. falla nv mioc Englismenn. oc var við sialft at enir enoco myndi flyia. Nv verþa þeir Eysteinn oc hans (menn) sva oþir. at þeir søkia í akafa. oc i annan staþ moþir er þeir hofþo gengit mioc langa leið vndir hringabryniom. en veþrit var heitt af scini. oc voro þeir nv naliga vførir fyr

www.libtool.com.cn
møþi socom. oc steypa nv af ser brynionom. oc þess getr Þorcell hamarscalld er hann orti vm Eystein orra. Þeir borþvz nv vm hriþ. oc logðo sic sva til. at nv scylldo þeir fa sciott annathvart bana eþa sigr. En sia orrosta for sem von var. at þeir hofþo meira lvt sem fiolmennari voro. Fell þar Eysteinn orri i þessi hrið er siþan var colloþ orra hriþ. Þar fell naliga allt stormenni Norþmanna. oc var þa enn øfri lutr dags. Þar voro enn eigi allir iafnsceleggir. þa er hofþingiarnir voro latnir oc allt stormennit. var oc svmom avþit lengra lifs. oc komoz af þvi vndan.

Styrcarr stallari comz vndan oc var hann enn fregsti maþr. Með þeim hetti comz hann i brot at maþr scavt vndir hann hesti. oc reiþ hann sva i brot vm kveldit. oc gerþiz a vindr noccorr en lokit solarhitanom. en hann var i scyrto einni kleþa. oc hafþi hialm a hofði. oc bert sverþ i hendi. þa svalar honom er af toc møþina. Þar kømr i moti honom vagnkarll einn. oc var i cavsvngi siþvm. Þa melti Styrkarr. Villtv selia cavsvnginn bvandi. Hann svarar[1]. Eigi þerna þv mont vera Norþmaþr oc kenni ec þess a mali þino. Þa melti Styrkarr. Ef ec em Norþmaþr. hvat villtv þa bvandi. Hann svarar[1]. Ec villda þa drepa þic. en nv er þo sva illa at borit vm fvnd occarnn. at ec hefi ekki vapnit þat er nytt er. Styrkarr melti. Ef þv matt eigi mic drepa bvandi. þa scal freista ef ec mega þic drepa. Reiþir til hans sverþit oc setr a hals honom sva at af favc hofvþit. toc ser þar kavsvng oc for í. hliop siþan a hest sinn oc for til scipa ofan. Þetta qvaþ Arnorr iarlaskalld enn vm þessa orrosto er Haralldr konvngr haþi efsta sinni oc hans menn.

Vitt for Vavlsvngs heiti
varþ marglofaðr harþa
sa er scavt or Niþ nytla
norþan herscips borþi.

Oc enn qvaþ hann.

Myrct er hverr meira orkar
mer allz greppr ne serat
harþr er i heimi orþinn
hrafngrennir þrec iofnom
ert gat vslett hiarta
elivnfims vnd himni
mest hefir milldingr costot
minni hvers grams vinnor.

Oc enn.

Haralldr vissi sic hveriom
harþgeþr vnd miðgarþi
dyrlingr reþ til davþa
dyrð slicri gram rikra;

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn


hefir afreka ens ofra
ettstyrvndom dyri
hnigrat hilmir fregri
heilog folld til molldar.

### *Vestanfor Olafs Haralls sonar.*

Eptir þessi[1] en miclo tiþindi. þa gerisc Olafr sonr Harallz konvngs hofþingi firir liþino þvi sem eptir var[2]. oc lifs varð avþit. oc bio sic þa til bravtferþar. Leggia þa scipin vt til hafs. oc þvi nest fra landi. sigla vm havstit norþr til Orcneyia. oc var Olafr þar vm vetrinn. Þat segia menn at þann sama dag er Haralldr konvugr fell. þa andaþiz Maria dottir hans vestr í Orcneyiom. oc mela menn at þav hafi eins mannz fior haft beþi. hon var oc allra qvenna vitrost oc friþvst syndvm oc vinhollost. Et nesta svmar eptir for Olafr ollo liþino til Noregs. sem Steinn skalld Herdisar son segir.

Fylkir let en flioto
flavst er leiþ at havsti
scavt i haf þar er heitir
Hrafnseyrr konvngr stafni:
traþo borþveg breiþan
brimsgangr scipa langra
oþr fell sér vm svþir
sic beztan gram miclo.

Oc enn segir hann.

Avstr hellt Engla þrystir
otvin liþi sino
storan bravt vm styri
stravm se konvngr Ravma:
glaþr toc herr þa er heþra
hringlestir com vestan
allr viþ avflgom stilli
Olafr borinn solo.

Olafr toc þat sama svmar konvngdom í Noregi með brøþr sinom Magnvsi. voro þeir baþir konvngar vm hriþ aþr Magnvs fecc banasott. oc var hann aþr vanheill nocqvora hriþ. oc hafþi þesskonar mein sem menn kalla reforma. Hann atti son þann er Hacon het er fostraþr var vppi i Gvþbranzdolom meþ Steigarþori. Magnvs hafþi haft enn nęrþra lvta lanz enn Olafr enn eystra. Oc eptir andlat Magnvs konvngs þa var Olafr einn konvngr i Noregi. Sva segir Steinn.

Helldr sizt hari folldo
heiptbraþr iofvrr naþi
ętt þreifzc Egþa drottins
olavst konvngr stoli:
metr hilmir verr malmi
man ec sciolldvngs lof kolldom
Ravma grvnd oc ravndo
riclvndaðr veit vndir.

[1]) þesso *Cd.* [2]) ervar *Cd.*

www.libtool.com.cn

Þa qvomo þeir í Noreg með Olafi konvngi Sculi sonr Tosta iarls * 20 Goþina sonar oc Ketill *crocr norþan af Halogalandi. fecc Olafr konvngr honom þar qvanfang gott. oc gaf honom lendz mannz rett norþr þar. oc er fra Catli comit mart stormenni. En Sculi var vitr maþr oc scavrvngr mikill manna friþastr sionom. oc sniallr i mali. hann gerþiz forstiori i hirþ konvngs oc talaþi a þingom. oc reþ ollom landraþom með konvngi. hann var callaþr konvngsfostri. Olafr konvngr bavð at gefa Scula fylki eitt í Noregi þat er honom þøtti[1] bezt með ollom teckiom oc landscylldom þeim sem konvngr atti. Sculi þaccaþi konvngi vel boð sitt. oc lezc þo villdo beiþaz helldr af honom annarra lvta. fyr þvi ef konvnga scipti verþr segir[2] hann. þa kann vera at rivfiz giofin. Ec vil helldr þiggia herra nocqvorar eignir ner cavpstaþ þeim er þer erot vanir at sitia oc taca iolaveizlor. Konvngr iataþi honom þesso. oc sceytti honom iarþir avstr viþ Konvngahello. oc við Oslo. viþ Tvnsberg. oc norþr við Niþaros. oc voro þat naliga enar bezto eignir i hveriom staþ. oc hafa þęr eignir haft siþan hans ęttmenn. Sonr Scula konvngsfostra var Asolfr faþir Gothorms a Reini foþor Barþar foþor Jnga konvngs oc Scula iarls.

Eigi miclo eptir fall Harallz konvngs for Sculi vestr til Englandz. oc beiddiz at na lici Harallz konvngs. oc þat fecc hann avðvelliga. oc com aptr í Noreg. oc hafþi þar fire virþing micla. en nv liggr hann at Elgesętre. þvi at þat þotti fallit at hann fylgði þeiri kirkio er hann sialfr hafþi latit gera. en Eysteinn erkibyscvp let þangat føra hann hreinlifismonnom vndir hendr. oc aflaþi til þar með mikilla eigna. oc avkaþi mioc staþarins gøþi með þeim eignom er hann sialfr hafþi þangat gefit. Oc þa .xii. manvþr er Haralldr konvngr var vestr oc þeir Olafr feðgar. þa reð Magnvs sonr hans fyr Noregi. oc var enn friþasti maþr.

### *Fall Harallz konvngs Goþina sonar.*

Eptir fall Harallz konvngs fysisc Haralldr Goþina son svðr a England með her sinn fyr þvi at iarll af Norðmandi var cominn svnnan vm se með her mikinn. oc lagþi vndir sic allt land þar sem hann for. Sia iarll er nefnd(r) Vilialmr son Rotberz langaspiotz. Roþbert var broþir Emmo moþor Jatvarþar konvngs. oc talþiz Vilhialmr sømiligri at taca arf Jatvarz konvngs. en Haralldr sa er sic hafþi svarit af rikino. En þannoc barsc at vm svardagann. at þa er Jatvarþr goþi var konvngr i Englandi. oc var maþr barnnla(v)ss þa

[1]) þti *Cd.* [2]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn


sendi hann Roþbiart erchibyscvp af Cantarabyrgi til Vilhialms frenda sins i Norþmandi. oc villdi hann gera konvng eptir sic. oc i annat sinn sendi hann ens sama ørendis til Vilhialms Haralld iarl son Goþina oc Gyþo Þorgils dottor. oc var Haralldr með Vilhialmi vm hriþ. oc melto menn at hann legþi hvg a cono Vilhialms. oc veri þeira ast mikil. oc grvnar nv iarll af vmreþvm manna. toco þat raþ at Haralldr festi ser dottor hans. oc ferþi sic sva vndan þvi ameli er Vilhialmr iarll hafþi hann firir. oc a þat ofan svarþi Haralldr iarl Vilhialmi iarli eiþa at scrini Odmarus at hann scylldi alldregi vera i moti honom. Oc eptir þat for Haralldr iarl aptr til Jatvarðz konvngs oc var með honom. oc toc konvngdom eptir hann. oc þvi þotti Vilhialmi hann ganga a eiþana. þars Jatvarþr konvngr hafþi honom gefit konvngdominn eptir sina daga. Oc nv er þar til at taca er Vilhialmr er cominn svnnan a England. oc leggr vndir sic þar sem hann cømr. Oc þat segia menn aþr Vilhialmr riþi heiman. at cona hans gecc hia hesti hans. oc baþ hann eigi beriaz viþ Haralld konvng Goþina son. Vilhialmr svaraþi[1] styggliga. oc let at henne gengi ecki goþir lvtir til þessar bønar. oc keyrir hestinn meþ sporanom. oc kømr sporinn i hofvþ henne oc hefir hon bana. oc røddo menn ogorliga vm þenna atbvrþ. Vilhialmr svaraþi. Vist er atburþr ogorligr. en vera kann at eptir macligleicom se. oc hafi hon svicit mic. Hann let binda viþ merki sitt scrin Odmarus. þat sama er Haralldr hafþi svarit at. Þeir Haralldr konvngr oc Vilhialmr atto orrosto mikla er þeir fvnndvz. oc var þat .xii. manoþom eptir fall Harallz konvngs Sigurþar sonar. oc veitir Harralldi þvngt orrostan. oc þa melti hann. Hvat er bvndit viþ merkit Vilhialms. Oc er honom sagt. Þa kann vera sagði Haralldr konvngr at eigi megi vndan comaz. Þar fell Haralldr konvngr Goþina son oc Gyrþr broþir hans. Vilhialmr varþ konvngr oc varþ sottdavðr í Norðmandi. Eptir hann var konvngr Vilhialmr ravþi son hans .xiiii. ar. hann varþ sottdavðr. Þa var Heinrecr broþir hans konvngr annarr sonr Vilhialms konvngs ens fyrra.

### *Saga Olafs konv(n)gs kyrra.*

Olafr konvngr sonr Harallz konvngs var mikill maþr a voxt. oc þat er allra manna sogn at engi hafi set fegra mann eþa tiguligra syndom. hann hafþi gvlt har oc biartan licama. eygðr manna fegrst. limaþr vel. famalvgr optast. oc litt talaþr a þingom. glaþr viþ avl. oc

[1] s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

fagrmęlltr viþ vini sina. oc hofsmaþr vm alla lvti. Oc eptir fall Harallz konvngs talþi Sveinn Dana konvngr at slitit veri friþi milli Norþmanna oc Dana. talþi eigi lengr hafa settan verit en meðan þeir lifþi baþir Haralldr konvngr oc Sveinn konvngr. Voro nv vtboð i hvarotveggia rikino. hafþi Olafr konvngr almenning vti firir Noregi at liþi oc scipom. sem Steinn segir.

Sin oþol mon Sveini
socnstrangr i cavpangi
þar er heilagr gramr hvilir
hann er ricr iofvrr banna:
ett sinni mvn vnna
Olafr konvngr hala
Vlfs þarfat þar arfi
allz Noregs til kalla.

Þess minniz Steinn. er Olafr konvngr ferr land sitt með leiþongrom oc herscipom. er hann qvaþ þetta.

Metr hilmir ferr malmi
man ec scioldvngs lof kavlldom
Ravma grvnd oc ravnndo
riclvndaþr veit vndir.

Oc enn.

Avll biþr Engla stillir
eggdiarfra liþ seggia
svnd firir sino landi
socnavrr stica davrrom:
iorþ mon eigi verþa
avþsott Fila[1] drottins
socnherþir veit sverþa
sic beztan gram miclo.

Oc enn qvaþ hann.

Veit ec hvar Olafr vti
oslekinn ravþ męki
deilaz mer til mala
minni fyrsta sinni:
hlavt til hafs fyr vtan
Halland konvngr brannda
favgr sverþ rvþo fyrþar
fiølgoþr litvþ bloþi.

Oc enn.

Gengo danskir drengir
dynr varþ gørr með brynior
vtan borþs til iarþar
vrigs malms oc hialma:
svcko sarir reccar
svnnan hafs til grvnna
hár varp havsom þeira
hranngarþr a þravm iarþar.

[1]) *Først skrevet* fira, *men rettet til* fila *i Cd.*

www.libtool.com.cn

Enn at gørva gvnni
gramr biosc við styr ramman
herscilldi bað hallda
hravstgeþr konvngr avstan:
vt førþo liþ litlo
long borþ fyr Staþ norþan
traþo tvnvoll reyþar
tveir dav(g)lingar meira.

Nv sendir Olafr konvngr boþ Sveini konvngi oc settarorþ leggia stefno viþ ser i Konvngahello sem siþr er til konvnga. segir þa Olafr konvngr Dana konvngi at hann vill hallda sett þvilica sem faþir hans toc af Donom. oc avka ecki á. Oc at oþrom costi letr hann von at Norþmenn myni enn freista at gera af sinni hendi ørinn storm er þiccia myndi inom dansca þo at Haralldr konvngr veri frafallinn. Af þesso efni gera þeir sętt annat sinni milli Dana oc Norþmanna. oc her með fastnar Sveinn konvngr Olafi konvngi Jngiriþi dottor sina oc sciliaz þa sattir. Olafr konvngr fecc þat nafn at hann var callaþr Olafr kyrri. sem Steinn qvaþ.

Lond vill Þrønda þengill
þat licar vel scavtnom
oll viþ ørna snilli
eggdiarfr i friþ leggia:
hvgnar þioþ þat er þegna
þralyndr til friþmala
kvgar Engla øgir
Olafr borinn solo.

Þessi friþr stoð siþan langa efi milli landa.

Hafþi nv Olafr konvngr kyrrseto oc hoglifi oc allir hans menn meira en fyrr hefþi verit í Noregi. Þa pryddiz mikit landit. oc gerþiz av*þikct oc gnottafvllt. þa settisc sa cavpstaðr i Noregi er einn er *20b
vegsamligastr' þeira er aðr er getit at frate(c)nom cavpstað i Niþarosi. oc er sia cavpbør callaðr i Biorgyn. gerþiz þar bratt mikit setr avþigra manna. er þangat mest tilflvtning or oðrom londom. Þa hofvz mioc dryccior oc scytningar i cavpstoþom myclo meirr en fyrr hafþi verit. þa hofþo menn drambhosor lercaþar at beini. svmir spento gvllhringom vm fotleggi ser. En þat var fornescio siðr í Noregi. sva oc i Danmorc oc Sviþioðo þar sem voro stor konvngs bv oc veizlostofor. at konvngs haseti var a langpallinn þann er vissi í moti solo. sat þa drotning a vinstra veg fra konvngi. oc var þat þa callat avnndvgi. oc sa sess vegligastr vt ifra hvarntveggia stað til qvenna oc karla er nest var avndvgi. en hinn vvegligastr er ytztr var oc nest dyrom. Oc inn gofgasti maþr sa er gamall var oc vitr. oc veri konvngs raðgiafi kallaðr sem konvngvm hafþi lengi titt verit at hafa með ser gamla spekinga. til þess at vita forna siþo oc dømi forellra sinna. þessi maðr skylldi sitia a enn veþra pall ge(g)nt

www.libtool.com.cn
konvngi. oc het þat et veþra avndvgi. var fra honom til høgra vegs qvenna sęti. en a vinstra veg karla sęti. Oc þa var hofþingiom titt at bera avl vm elld þveran. oc drecca a avnndvgismann sinn. oc þotti þat vera mest virþing at sitia fyr konvngs adryccio. oc til þess at þetta se eigi logit. þa segir Arnorr sva iarlaskalld.

Het ec þa er hvernn vetr satom
hrafns verþgiafa iafnan
lið dracc gramr a goþar
gagnvart scipa sagnir.

Olafr konvngr let setia hapall i veizlostofvm sinom. oc sętti þar haseti sitt a miðian þverpall. oc scipaþi fire ser kertisveinom oc scvtilsveinom. let hann oc hallda kerti fire hveriom tignom manne er sat at borþi hans. let oc scvtilsveina standa viþ iafnmorgom ker[tom sem ti]gnir menn voro til. let hann þa gera stallara stola. oc setti þar a stallara oc spekinga sina. Olafr konvngr toc með ser .c. malam[anna. þeir] voro hirþmenn hans. en fornn lavg voro til þess at konvngr scylldi hafa .lx. hirðmanna. hann hafþi oc .lx. gesta. en aþr hofðo konvngar haft .xxx. Hann hafþi iafnan .lx. þeira manna er at borþi voro oc a vistom oc at veizlom. oc voro þo eigi handgengnir. voro þeir i minna ifirleti. flvttv þeir þat er konvngr þurfti eþa armenn hans eþa foro i cavpferþir. oc voro scylldir í allt konvngs starf. Bøndr spurþv konvng fyr hveria soc hann hefþi meiri hirþ vm sic. enn iner fyrri konvngar hofðo haft. en hann svaraþi a þa lvnd. letzc vera þvi minni firirrazmaðr en hans faþir. at eigi fecc hann betr stillt eþa stiornat rikino. við .cc. manna. en Haralldr konvngr við ix tigo eþa .c. Ok sat longom avstr a Ranriki at eino bvi sino riko. er heitir a Havcstoþom.

Olafr konvngr gipti systor sina Jngigerþi Olafi Sveins syni Dana konvngs. Olafr var konvngr i Danmorc eptir Knvt enn helga broþor sinn. Olafr konvngr gat son við frillo sinni Þoro dottor Arna laga. sa het Magnus er callaþr var berføttr oc svmir menn colloþo aþr lętti styrialldar Magnvs. Hann var manna friþastr sionom. þegar fra var tekinn Olafr faðir hans. oc manna hestr var hann. Var marc[1] gort um þessa .iii. langfeðga. Haralld konvng Olaf konvng oc Magnvs konvng berføt. a Mario kirkio norþr í cavpangi þeiri er Halldr konvngr let gera. var clappaðr cross a steinveggnom við dyrrnar þar er Halldi konvngi var høgt at kyssa á. oc annarr Olafi konvngi .iii. Magnvsi konvngi. oc var sa neþarst mioc miclo. oc allra iafnlangt í milli. Magnvs konvngr var manna kvrteisastr.

[1]) mart *Cd.*

www.libtool.com.cn

Vm daga Olafs konvngs var ar mikit í Noregi. oc margfolld gøzca. oc vm enskis konvngs efi var iafngott i Noregi sem hans siþan er var Haralldr konvngr harfagri. oc með iafnmikilli farselld. oc scipaþi Olafr konvngr þeim morgom lvtom til vegþar. er Haralldr konvngr faðir hans hafþi reist með freco oc halldit sva. Hann var milldr af gvlli oc silfri oc oðrom goþom gripom oc gersimom. en hann hellt fast a rikino. oc olli þvi mest vit hans. oc þar með sa hann hvat konvngdominom høfþi. oc ero morg verc hans at telia þav sem beþi ero goþ oc konvnglig. Hann let reisa steinkirkio at byscvpstolinom í Niþarosi yfir licama ens helga Olafs konvngs ~~foþor~~ sins. frenda oc bio hana til lycta. Oc i þesso ma marka hver hans gøzca hefir verit oc astsemþ við lyðinn. þa ma marca noccot af þeim orþom er hann melti einn dag í micla gilldi. var hann þa catr oc i goþo scapi. oc gørþvz þeir menn til er þetta melto. Herra mikill fognoþr er oss a þvi er þv ert sva katr. Hann sagþi[1]. Nv scal ec katr vera. er ec se beþi a lyþ minom gleþi oc frelsi. oc sitc i samkvndo þeiri er helgvð er enom helga Olafi konvngi frenda minom. En a dogom foþor mins var lyþr þessi vndir aga miclom oc otta. oc falo þa flestir menn gvll sitt oc gersimar. en nv se ec á hveriom yþrom scina þat er á. oc er yðart frelsi min gleþi. Sva friþsamt var vm hans daga. at hann friþaþi beþi fire ser oc sinom lyþ vtanlanz. oc stoþ þo af hans stiornn oc riki mikil ogn. þott hann veri høgr oc hogverr. sem scaldit qvaþ.

Varþi ognar orþom · iorþ sva at engi þorþi
Olafr oc friðmalom · allvallda til kalla.

Oc vm hans daga varþ konvnga scipti i Danmorc oc var Olafr konvngr vinr mikill Knvz Dana konvngs oc for til motz viþ hann. hittvz avstr í Elfi. þar sem konvnga stefna hafþi von verit. Røþir þa Knvtr konvngr at hann villdi at þeir gerþi her vestr til Englandz. slics sem þeir atto at hefna. Olafr konvngr fyrst at vpphafi oc sva Dana konvngr. oc gør nv annat hvart segir[1] hann at ec mon fa þer .lx. scipa. oc gerstv hofþingi fyr liþino. eþa elligar mon ec geraz hofþingi firir. oc fa þv mer .lx. scipa. Þa svaraþi Olafr konvngr. Knvtr konvngr segir hann. þetta mal er þer røþit er mer scapfellt en þat er ocr oiafnt fellt. þer frendr hafit borit til gipto at vinna England með soma oc mikilli framqvemþ. sem Knvtr konvngr riki. nv er oc glíclict at þer moni ettgengt vera. En þa er Haralldr

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

konvngr faþir varr for vestr sliera ørenda. þa fecc hann bana. for þa or landi með allt et bezta liþ. sva at slics hefir siþan eigi costr verit i landino. oc at vpphafi foringians. sem var Haralldr konvngr beþi at viti oc hamingio. var sv for með ollom lvtom agetliga bvin. oc gafsc þo sem þer vissvt. Nv cann ec etla mitt litilręþi. hverso mioc ec em vanførr til at gøraz foringi þessar farar. oc vil ec þvi yþr til kiosa at þer farit með minni eflingo. Siþan fer hann Knvti konvngi .lx. storscipa með agetligom bvnaþi oc travsto liþi. oc setti firir hofþingia sina oc lenda menn. oc var þat męllt at hann hefþi stormannliga til fengit at iafnmorgo liþi. sem segir i sogo Knvz konvngs. at Norþmenn einir rvfv eigi leiþangrinn er saman var cominn. en Danir biþo eigi oc virði hann mikils þat viþ Norþmenn. gaf þeim leyfi at fara í cavpferþir hvert er þeir villdi oc sendi Noregs konvngi dyrligar vingiafar fire sitt liðsinne. en hann lagþi a Dani reiþi micla með fegialldi.

### *Fra Olafi konvngi oc cracokarli.*

Sva barsc at eitt sinne er menn Olafs konvngs hofþo saman dregit lanzscylldir konvngs. at konvngr fretti hvar þeim veri bezt fagnat. Þeir sogþo þat vera i eino[1] fylki er þeim þotti af bera. Konvngr melti. Hvat er til merkia vm at þar veri betra en annarstaþar. Herra sogþo þeir þar er einn bvandcarll sa gamall er hann veit firir marga lvti. oc hofvm ver margs spurt hann. oc hefir hann or leyst. oc þotti oss eigi meþalscemtan við hann at tala. oc þat hyggiom
* 21 ver at hann kvnni fvgls roddo. Konvngr melti. Slict mvn *hegomi mikill oc trvi ec ecki á. Oc þa eitt sinn er konvngr for fyr land fram vm svnd noccor. spurþi hann er þeir sigldo hvat bygþom þar veri a landit vpp. Þeir svoroþo. Herra. fra þesso fylki sogðo ver yðr at oss veri bezt fagnat. Konvngr melti. Hvat hvsi er þat er her stendr vpp fra svndino. Þeir svoroþo. Þat hvs a sa enn froþi maþr er ver sogþom yþr ifra. Oc þar sa þeir eitt hros hia hvsino. þa melti konvngr. Farit nv oc drepit hrossit. Þeir sogþo[2]. Eigi villdim ver honom scaþa gera oc er hann þess vmacligr fra oss. Ec vil raþa segir konvngr. havggvit af hrossino hofvþit. oc varizc[3] at niþr comi bloþit. berit siþan vt a scip vart. oc farit ęptir bvanda. oc segit[2] ecki til hvat þer hafit viþ hrossit gort. oc lif yðart mon við liggia ef þer bregþit af. en segit karli at ec vil finna hann. Siþan fara þeir a land oc gera sem konvngr melti. oc segia karli ørendit.

[1]) eina *Cd.* [2]) s. *Cd.* [3]) varazc *Cd.*

www.libtool.com.cn

oc ferr hann oc hittir konvng. Þa melti konvngr viþ bvanda. Hverr a iorþ þa er þv byr a. Hann svaraþi[1]. Þer eigvð herra oc þer takit leigor af. Þa melti konvngr. Seg oss leiþ fram fyr land. þer mon kunnict vera. Oc hann gerir sva. oc er þeir roa. flygr kraca fram vm scipit oc lętr illiliga. Bvandinn litr til hennar. Konvngr spurþi[1]. Þicci þer noccors vm vert bvandi er crakan scręcti. Era þat siþr sagþi bvandi. Oc i þvi bili flygr onnor craca ifir scipit oc scręctir. oc þa gair bvandi ecki at roa. leicr arin lavs i hendi honom. Þa melti konvngr. Mi(o)c ihvgar þv vm craco þessa hvat hon þicciz segia. Bvandi sagþi[1]. Herra nv er mer grvnr a hvat hon segir[1]. Oc þa flo cracan .iii. sinne oc letr sv verst. oc legse nęr at scipino er hon flygr. en bvandi stendr vpp at moti. en hon screctir ę í moti. oc gair bvandi ecki [ro]þrar. Konvngr melti. Hvat segir[1] hon nv bvandi. Hann sagþi[1]. Eigi er gliclict at ec vita þat. Seg nv segir[1] konvngr. Þa sagþi[1] bvandi.

Segir vetrgo[mol
ve]it ecki sv
oc tvevetr segr
trvi ec eigi at helldr.
en þrevetr segr
þiccira mer gliclict.
qveþr mic roa
a merar hofþi
en þic konvngr
þiof mins fiar.

Konvngr melti. Hvat er nv bvandi. villtv segia mic þiof. eigi melit er þa vel til var. Sva er þat herra segir[1] bvandi. eigi er melt vel. en haft mvno þer hafa viþ mic noccor brogþ. Konvngr sagþi[1]. Sva er oc bvandi oc gerþvm ver til gamans oss. scal ec þer lavna. Fecc honom goþar giafar. oc gaf honom vpp scylldir iarþar þeirar er hann bio a. oc sciliaz þeir nv oc ferr bvandi heim.

Opt verþa þess ravnir at þvi sem fra er sagt at Olafr konvngr var ohnøggr af fegiofvm viþ menn. oc gaf hann allz kyns gørsimar. sva sem Steinn scald segir[1].

Gefr attstvþill iofra
ǫrr oc steinda knorro
hann vill hnøggvi sinnar
habrynioþ scip synia:
þioþ nytr Olafs avþar
annarr konvngr monnom
se þv hverr slict fe reiþir
sic beztan gram miclo.

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

Oc enn qvaþ hann.

Her þengill gleþr hringom
hoddørr sa er ryþr odda
beccsagnir letr bragna
bragningr giofvm fagna:
Norþmonnom gefr nenninn
Noregs konvngr storom
avrr er Engla þverrir
Olafr borinn solo.

Hilmir gefr oc hialma
hirþ sva at enskis virþir
konvngs pryþa þav kleþi
kynstorr firom brynior:
dyggr letr þvngar þiggia
þengill af ser drengi
vas lavnar sva visi
verþvng Hárs gerþar.

Olafr gefr sva at iofra
allz[1] engi ma sniallra
havggvit gull til hylli
hilldinga konr milldi:
gramr er heiþom himni
hann er fremstr konvngmanna
spurþo hverr glict mon gørva
gioflvnd borinn vndir.

Olafr konvngr fecc banasott i Vic avstr a Havcstoþom. oc var fluttr norþr i Þrandheim. oc iarþaþr at Cristzkirkio. Þa hafþi hann verit konvngr at Noregi .vii. vetr oc .xx. er hann andaþiz.

## *Saga Magnus konvngs berfetz.*

Nv voro tecnir til konvnga i Noregi Magnvs sonr Olafs konvngs. hann var avstr i landit. en Þrendir toco til konvngs Hacon son Magnvs Harallz sonar. þann er fyrst hafþi fostrat Sveinki Steinars son avstr í Vic. en siþan Steigarþorir. oc þessi Hacon var callaþr Þorisfostri. hann var allra manna vinselastr við bøndr. Hacon konvngr hafþi farit til Biarmalandz oc barizc þar oc fecc sigr. hann veitti Þrøndom rettarbøtr a marga lvnd. oc helldo þeir oc mest vndir hann konvngdomi. Magnvs konvngr var longom i Vic avstr. oc hafþi sina lenda menn hvarr þeira. oc keþþoz menn þeira sin a milli vm eitt oc annat. oc konvngar voro sattir oc voro litt i einom staþ. Þeir voro einn vetr baþir i Niþarosi. oc var Magnvs vm vetrinn i konvngsgarþi. en Hacon i Scvlagarþi niþr fra Clemens kirkio. oc hellt Hacon þar iolavist. oc a þeim iolom gaf Hacon vpp bvondom iolagiafar oc scvlldir allar i Þrandheime. þetta veitti hann allt Þrøndom oc Vpplendingom ollom þeim er viþ honom toco at konvngi. oc bøtti í morgo rett lanzmanna í moti þvi er þeir gafo honom konvngs nafn.

[1]) gallz *Cd.*

www.libtool.com.cn


En þa toc fyr þessa soc at yfaz hvgr Magnvs konungs. er[1] hann þottiz hafa minna af landi oc scottom en faþir hans hafþi haft eþa foþorbroþir. þotti honom sinn lvtr eigi siþr vpp gefinn i þessi giof þeim til sømþar er þago. þottiz i þesso svivirðr oc mishalldinn af frenda sinom oc raþom þeira Þoris beggia. Oc i annan stað var þeim Haconi konvngi baþom oc Þori mikill vggr i hverso Magnvsi konvngi myndi þiccia. fyri þvi at Magnvs konvngr hellt allan vetrinn .vii. langscipom i einni voc i cavpangi. en vm varit naliga kyndilmesso. þa lagþi hann a brot a nattarþeli. oc tioldoþom scipom. oc hofþo lios vndir. oc lagþi til Hefringar oc bio þar vm nott. oc gerþv þar ellda stora a landi vppi. oc þa vggþi Hacon konvng oc liþ i bønom at þat mondi gørt til svica. oc let blasa liþi vt a Eyrar. oc sotti allr cavpangs lyþr til. oc voro i samnaþi vm nottina. Oc vm morgoninn er lysti. oc Magnvs konvngr sa bøiar lyþ vt a Eyrom. þa hellt hann vt or firþinom. oc svþr i Gvlaþings log. En Hacon konvngr þaccaþi monnom sitt liþ er þeir hofþo synt[2] viþ hann. Hann bio siþan ferþ sina i Vic avstr. oc hellt aþr mot í cavpangi. oc sat konvngr a hesti á motino oc melti. Ollom monnom se þat kvnnict er mitt mal mego nema ef ec køm aptr til bøiar þessa at ver scolom þa lavna hveriom eptir sinom bvrþ oc tilgerning. oc heit ec ollom bøiarmonnom vinatto minni. en mer er a noccorr grvnr vm vilia frenda mins Magnvs konvngs hvernoc at snyr. Allir menn heto honom vingan í moti orþvm hans ef hann þyrfti. oc allr lyþrinn fylgþi honom vt vndir Steinbiorg. en hann flvttisc þa til fiallz vpp. Oc þat er fra sagt at hann for einn dag lengi eptir einni rivpv er flo vndan honom. oc i þeiri reiþ fecc hann vanheilyndi. oc þat sama leiddi ham til bana. oc anndaz hann þar a fiallino. oc como þeir aptr til bøiarins með licit a halfs manaþar fresti. oc gengo menn þa í moti lici hans. oc allir gratandi. þvi at naliga vnno honom allir menn hvgastom. Lic hans var iarþat at Cristz kirkio. oc hofþo þeir fre(n)dr raþit landino eigi fvlla .ii. vetr er Hacon konvngr andaþiz.

Oc eptir andlat Haconar konvngs toco Þrøndir ser konvng Svein son Harallz flettis. at þvi raþi hvrfo margir menn. en þo var forgangsmaðr at þesso Steigarþorir. oc með honom Egill Askels son. Scialgr af Jaþri. oc mestr lvti Þrønda samþycþiz við þetta. oc bioggvz viþ þvi vm at veria land fyr Magnvsi konvngi. sem Þorcell hamarscald segir.

[1]) *Først skrevet* en, *men rettet til* er. [2]) i *tilf. Cd.*

www.libtool.com.cn

Vitt dro sinar sveitir
saman storhvgaþr Þorir
helldr varot þav havlldom
haglig rað með Agli:
snorp fra ec a þvi er vrpo
endr Scialgs vinom lendir
menn [við] morþvals brynni
mein vm afl ser steini.

Þorir for viþ flocci allt Møri hvaratveggio oc viþa vm Þrand[heim].
*21b *drapo menn en suma rento þeir þa er eigi villdo vndir þa ganga eþa þeira liþ. en gerþo viða mikit illvirki. Oc er Magnvs konvngr spurþi þetta. samnaþi hann at ser liþi. oc efldiz at scipom. for norþr at þeim Þori oc hafþi mikit liþ. sva segir Gisl Jllvga son er þa var með konvngi.

Vngr framþi hann sic
þar er alendr villdo
lofsęlan gram
landi ręna:
imþar faxa
en iofvrr sotti
Baleygs viþo
með blam hiorvi[1].

Oc her getr hann þess er Magnvs konvngr for at þeim með liþino avstan or Avslo.

Ytti or Avslo
til Egils fvndar
lofþvngr liþi
landz at crefia:
fylgþo ręsi
oc Rygir svanan
linnz laðgefendr
or logom tvennom.

Oc enn.

Sia knatti þa
siclings flota
vel vigligan
oc vanan sigri:
er firir Yriar
i aga miclom
oþrotlict liþ
arar kniþi.

Oc siþan gengo þeir Magnvs konvngr a land fyr innan Avrvahamra oc atti þar hvsþing. sagþi monnom a þingino at liþ gerisc i mot þeim með hernaþi er þeir gera i sialfs hans riki. oc hafa tekit ser hofþingia þann er ecki er til borinn landz þessa. hann heitr nv a liþit at þeir scyli reca af hondom þetta illþyði. oc allz staþar þar sem menn hafa vndir þa gengit segir[2] hann þa scolo ver brenna fyr þeim

[1]) *I Texten staar* iofri, *men et Punkt over dette Ord henviser til Rettelsen* hiorvi *i Margen.* [2]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

oc drepa þa ef ver megom. hvat megi meiri scomm oc svivirþing gera sinom konvngi þeim er ęttborinn er til lanz þessa. en þat er þeir hafa gort við mic. tekit einn mann smaborinn oc ecki konvngborinn til rikis. sva sem þessi maþr er. var þat nockor varkvnn meðan Hacon frendi varr lifþi at þeir heldi vndir hann riki. oc letom ver þa eptir þvi svifa. en þetta er osęmanda. oc ecki ma ec konvngr heita. nema ec gefa stocc þessom ofriþi. oc olicr em ec elligar minom frendom. oc er [yðr] gott til þessa at veita mer. oc mon þat vel fire melaz af ollom goþom monnom oc rettsynom. Allir rømþo vel mal konvngs. Sva [s]egir [G]isl [Jllv]ga son.

Atti hilmir
hvsþing viþ sia
þat var fyr innan
Avrva·hamra:
biosc at brenna
en bvøndr flyþv
storraþr konvngr
af Staþi vtan.

Hyrr sveimaþi
hallir þurro
gecc har logi
vm heroð þeira:
sia knatti
þar er salir fello
landraþ konvngs
vm liþi Þoris.

Oc er Magnvs konvngr hafþiz slict at sem nv var sagt. oc gerþi þeim slicar refsingar. þa spyrr Haralldr þat oc menn hans. oc foro norþr vndan. sem Gisl segir.

Ravfsc við rosto
rymr varþ i her
helmingr Egils
viþ Hlaþir vtan:

mattv eigi hersar
viþ Haþa drotni
laðgofgoþvm
landi raþa.

Þat er sagt aþr Magnvs konvngr føri at þeim. at hann sendi Sigurþ vllstreng til motz viþ Þori. oc marga aþra vini sina. þeir scaro vpp heravr oc sendo vm land oc somnoþo liþi i moti Þori. oc stefndo þvi liþi ollo til Viggiar. En þeir Þorir oc Sveinn spurþo þetta. oc helldo þangat liþi sino til motz við þa Sigurþ oc qvoþoz eigi mvndo lata fire lendom monnom Magnvs konvngs. Oc þar borþvz þeir Þorir viþ Sigurþ með miclo mannspelli. oc naþv vppgongv oc vrþo øfri þvi sinni. oc veitto mikinn mannscaþa. en Sigvrþr vllstrengr fecc vndan comiz. oc a fvnd Magnvs konvngs. Þeir Þorir flvttvz þaðan til cavpangs. oc hvavrflvþv þar i firþinom. oc er þeir voro bvnir at leggia vt or firþinom. þa logþo þeir scipom sinom i Hefring. oc þa

www.libtool.com.cn

cømr Magnvs konvngr vtan i fiorþinn með miclo liþi. oc þegar logþo þeir Þorir scipom sinom yfir at Vagnvika strond. flyþo þar af scipom oc como niþr i Þexdal i Seliohverfi. oc var Þorir borenn i borom vm fiallit. þvi at hann var hrvmr mioc fyr elli socom þa er þetta var tiþinda. Somnoþvz siþan þeir saman oc fengv ser scip. oc hafþi Þorir gott scip oc mikit er hann atti sialfr. oc foro norþr a Halogaland.

En Magnvs konvngr. for eptir þeim norþr. oc hitti þa norþr a firðinom Harme. oc sa þa hvarir aþra. oc hafþi Magnvs konvngr miclo meira lið. Þeir Þorir lavgþo inn til Seliotvna. oc hvgþvz fengit hafa meginland. en þat var þo eyland oc heitir Vambaholmr. Þa melto menn Þoris fyrr en þeir Magnvs konvngr legði at þeim. Hvar sa menn betra scip. oc eigi mon gørt hafa verit iafnfritt scip siþan Ormr enn langi var gorr. þetta er oc voscom drengiom scipat. oc ero glicligir til goþrar varnar. Oc nv er liþ Magnvs konvngs sotti at þeim. þa reyndoz menn Þoris illa oc flyþo fra honom. oc þa melti Þorir. Vera ma at vart scip se eigi verr scipat en Ormr enn langi. en þess get ec at fleiri felli þar. en her renni fleiri. Oc þvi varþ hann nergetr. þvi at sva com þeira mali at þeir voro .ii. einir eptir allz liþsins Þorir oc Egill. Þa melti Þorir til Egils. Fly nv magr. þat er scaþi mikill ef þv letzc sva goþr maþr oc vascr sem þv ert. Hann svaraþi[1]. Ecki ero menn ofmargir hia þer þott ec siac einn. oc eigi mondi dottir þin þat etla at ec monda flyia fra þer. Þeir finna er þeir ero at landi comnir mioc sva at þar er siar vmhverfis. oc missa þeir þar meginlandz. en þo ma nv ecki at hafa. Sveinn Harallz son fecc vt comiz einscipa hia þeim Magnvsi konvngi. en allt annat liþ flyþi ser hvat. oc var þo þat mioc mikit liþ er gecc a konvngs vald. Þa er scipin rendo saman aþr en Þorir yrþi handtekinn. callaþi Sigurðr vllstrengr a Þori. Ertv heill Steigarþorir. Hann svaraþi[1]. Heill at hondvm en hrvmaþr at fotom. Þa var þetta qveþit.

Spvrþi Vllstrengr orþi
at rendvsc scip hvatla
sverþ bito snarpa fyrþa
slętt hve Þorir mętti:

lvndr qvazc heill at hondom
hiørs frągom þat gørva
gørþi glam a borþi
griotz en hrvmr at fotom.

Nv vorv þeir hanntecnir Þorir oc Egill. Þa melti Sigvrþr. Feitr ertv Þorir. Matr minn velldr þvi oc mvnngat segir[1] Þorir. Siþan var. Þorir leiddr a land vpp. oc með honom Egill af Forlandi enn cvrt-

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

eisasti maþr oc allra manna vascastr. Oc þar a Vambarholmi voro reist galgtre. oc er Þorir ser galgann oc banann opinn fire ser. en þeir voro .ii. einir eptir. þa melti Þorir oc glotti við.

Vorom felagar .iiii. førþom einn viþ styri.

Morg hermþarorþ melto menn við Þori. þeir er hann hafþi aþr scaþa vnnit. fire sumum hafþi hann havggvit bv. sumvm brenda bøi eþa rȩnta vini þeira oc frendr. Þat segia menn at Viðkvnnr Joans son melti. þa er Þorir var leiddr til galgans oc hann reicaþi af gotvnni er hann var fothrvmr. Meirr a stiornn Þorir sagþi[1] hann. meirr a bacborþa. Þetta melti Viþkvþr fyr þvi at Þorir hafði brent bv hans i Biarcey. oc scip gott er hann atti. oc hafþi Þorir melt þa er sneckian logaþi. Hallt meirr a stiornn Viðkvnnr. meirr a bacborþa. Viþkvþr hafþi vndan flyit. oc Joan faþir hans. Vm þa brennv var þetta qveþit.

Breþr i Biarcey miþri
bol þàt er ec veit golast
tera þarft af Þori
þytr vandar bavl standa:
Joan mon eigi fryia
ellz ne rans er qvelldar
sviþr biartr logi breiþan
by leggr reyc til scyia.

Oc er Þorir var leiddr vndir galgann. þa melti hann. Jll ero ill raþ. Oc er vpp reiþ galgatreet. oc snaran var at halsi Þori. þa var hann sva hofvgr at svndr slitnaþi halsinn. oc let hann sva lifit. Oc þvi nest var Egill leiddr vndir galgann. en þrelar konvngs scylldo hengia hann. oc þa melti Egill við þrelana. Eigi mvno þer af þvi þetta viþ oss gera at festa oss vpp. at eigi veri hverr yþar macligri til. Sva segir Þorcell hamarscalld.

Orþ fra ec Agli verþa
vnnar dags a mvnni
sol viþ siclings þrȩla
satt *einarþar latta.
hvernn þeira qvað hera
hialldrblics, en sic miclo
beiþ of mikit eyþir
angr macligra at hanga. *22

Þa melti Egill. Þat etla ec at nv hyggi menn her gott til at sia fotalȩtin var i dag. Hann var i halfsciptom kyrtli. Þa svavroþo menn honom. Etlar þv eigi at þv monir þvi raþa hverso þer scal bregþa viþ banann. Þat mon nv synaz sagþi[1] Egill hvart ec ma necqvi vm

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

raþa. Oc siþan var virgill dreginn a hals honom. oc er hann hof vpp. þa ste hann fetinom avþrom a ristina oc brasc ecki við oc þar let hann lif sitt. oc allir hormoþo slican dreng. er hann scylldi sva fara. Magnvs konvngr sat hia er þeir voro hengþir. oc var sva reiþr at engi hafþi diarfleic til hans manna at biþia Þori griþa ne Agli. Oc þa er Egill hecc. þa melti Magnvs konvngr. Jlla qvomo þer goþir frendr i þavrf. Oc i þvi þotti monnom þat synaz at konvngr villdi beþinn hafa verit at Egill gengi vndan.

Oc eptir þessi verc for Magnvs konvngr aptr inn i Þrandheim. oc refsaþi þar morgom monnom. en þeir vikvz til hans miscvnnar. Sva segir Gisl.

Settvsc siþan
siþr batnaþi
hvgfvllr konvngr
viþ hatendr sina:
þann gaf brognom
er bvendr atto
rett raðspakir
røkþom lavna.

Gramr vann gervan
en glatat þiofom
kavpmonnom friþ
þannz konvngr bøtti:
sva at í Elfi
øxom hlyddi
flavst fagrbvin
í fioro scorþa.

Sveinn Harallz son flyþi svþr til Danmercr. oc var þar til þess. er hann comsc i sętt við Eystein konvng Magnvs son. oc gerþi Eysteinn konvngr hann scvtilsvein sinn. oc hafþi i kęrleicom oc vircþom. Magnvs konvngr er nv einn ifir landino Noregi. eptir þessi tiþindi er nv var sagt.

### *Fra Magnvsi konvngi oc Sveinka Steinars syni.*

Eptir drap Steigarþoris logðo allir rikismenn a valld Magnvs konvngs vm sitt mal. Maþr er nefndr Sveinki. oc var Steinars son. hann bio avstr viþ Elfina enn rikasti maþr oc harþr mioc. hann hafði þa enn ecki gefit sic vpp i valld Magnvs konvngs. þvi at hann hafþi haft micla ast viþ Hacon konvng. oc matti travtt hyggia (af) andlati hans. Magnvs konvngr heimti til sin Sigurþ vllstreng oc segir[1] at hann vill senda hann í Vic avstr at boþa Sveinka af londo(m) oc konvngs eignom. hann hefir ecki enn til var hneigz eþa gørt oss neinn soma. en ec vil at allir lendir menn í mino riki lvti til var eþa stocqvi af eignom ella. þar ero oc lendir menn i Vikinni

¹) .s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

avstr Sveinn bryggiofotr Dagr Eilifs son Kolbeinn clacca. mono þeir flytia vart mal oc veita þer liþ til rettinda oc laga. Sigvrþr melti. Eigi vissa ec vanir þess lenz mannz í Noregi. at .iii. lenda menn þyrfti i moti aþra en oss. Konvngr melti. Ja Sigvrþr vllstrengr. eigi er til þessa tekit ef eigi þarf.

Nv byr Sigvrþr ferþ sina. oc ferr eino scipi avstr til Vikr. oc stefnir saman lendom monnom. oc siþan er þings qvatt vm Vikina. oc þeim til stefnt avstan Elfargrimonom. oc verþr þar fiolmenni mikit. oc voro þeir lendir menn þar meþ Sigvrþi er fyrr voro nefndir. oc segia þeir Sigurþi. at honom mon Sveinki reynaz ecki litill vndir hondom. þvi at hann hefir mikit travst oc valld. oc baþo hann mivcliga fara á viþ hann sinne røþo. oc quoþo þat eina høfa myndo viþ sva rikan mann at gøra með vęgð þat ørendi sem honom var boþit. Sigurþr svaraþi[1]. let at mikill veri afli Sveinka ef þeir .iii. með sino fvlltingi hefþi eigi viþ honom til ręttinda. oc let sitt mal eigi myndo osannlict þiccia. þo at þeir røþiz viþ. Þeir svoroþo. koþoz at viso vilia konvngs mal styþia. oc beggia þeira. en leto honom myndo manninn reynaz mikinn fire ser. Biþa atto menn Sveinka vm hriþ. oc eptir þat var sen ferþ manna. oc var sem a ismol veri at sia. sva var þat liþ vel bvit at vapnom oc bryniom. Coma þeir Sveinki a þingit. oc setiaz i einn hring. þeir hofðo .v. hvndroð manna.

Nv stendr Sigvrþr vpp. oc talar konvngs ørendi oc melti. [Gvþs qveþio oc sina sendir[2] Magnvs konvngr gvðs vinom oc sinom. oc einkom ollom lendom monnom oc rikom bvondom. oc allri alþyþo vt ifra. þar með fogr orþ oc vinganar heit ollom þeim er til hans hneigiaz. Þer monoþ spurt hafa at konvngr hefir reinsat landit af hernaþarmonnom er aþr gerþo mikil illvirki bvondom i þesso landi. villdi guþ nv enda lata a verþa þeira ofstopa. er með fadømom hofo. at taca þann til hofðingia í moti Magnvsi konvngi er ecki var ettborinn til landz þessa. oc for þat mal sem von var. en nv vill konvngr syna sic í allri bliþo til allra sinna manna þeira er til hans vilia þiona. bysc til forysto. oc at vera briost fyr ollom Noregsmonnom storom oc smam. Þar i moti vill hann hafa af sinom lanzmonnom goþa þionosto oc sømiliga fylgþ. oc er monnom einsett at taca vel hans malom sva mikit gott sem hann ma yþr gera. oc sva vill hann viþ þa alla er þess geraz verþir.

Þa stendr maþr vpp i flocci þeira Elfargrimanna mikill vexti oc þrecligr. sa var i loþcapo oc hafþi refþi vm avxl. danscan hott mikinn hafþi hann a hofþi. sa maþr tecr til orþa oc melir. Era hlvms[3]

[1]) s. *Cd.* [2]) [G. q. oc s. s. *Cd.* [3]) hlv̄s *Cd.*

www.libtool.com.cn

vant qvaþ refr dro horpo at isi. Hann setzc þa niþr oc melir eigi fleire orþ. Noccoro siðarr reis Sigurþr vpp. oc toc sva til orþa. Litlar greinir oc tengingar hofom ver konvngs malanna or flocci þeira Elfargrimanna. oc meþalliga vingiarnnliga til var. er vm sic hverr i slico: en at ver gerim berara konvngs ørendit. þa beiþiz hann at taca sinar landzscylldir sannar af rikismonnom iafnvel sem smerom monnom. oc leiþangrsgerþa sem lendir menn ero scyldir til. oc annars konvngligs soma er þer eroþ honom scylldir at veita hans vndirmenn. rennı̄ nv hverr heim hvg vm hve þat mon gort hafa. vnni ser soma sialfom. oc kvnni at lita hvat honom høfir. en vnni konvngi rettra laga ef aþr hefir noccot at scort. oc minniz a hve þesso(m) hefir farit er í mot honom gengo fyr scommo. Sęzc niþr siþan. Sami maþr riss vpp oc fyrr. varpar nacqvat sva hettinom oc melir. Snęliga snvggir sveinar qvoþo Finnar atto andra fala. Setzc niþr siþan. Oc enn stvndo siþarr reis Sigurþr vpp. oc hafþi aþr tekit tal viþ lenda menn. at ecki mondi þurfa lengr at draga fioþr vm scorolict konvngs ørendi. en þeir baþo hann vegiliga męla. oc sogþo[1] at hon(om) mondi maþrenn reynaz afarvþigr. sem finnaz ma á i slicom tilvicom. Sigurþr qvaþ nv ecki myndo þat fa[2] af ser lengr. oc stendr nv vpp oc var reiþvligr varpar veslino er hann hafþi ifir ser blatt at lit. hann var vndir i ravþom scarlaz kyrtli. oc melti. Nv er oc sva at hverr verþr sin at geta. þarf oc ecki lengr ifir þesso at hylma ne af manni at scera. er nv oc set hvers ver þicciom verþir. oc er þat þolanda en hitt er meira er hneisvliga er svarat konvngs ørendi. en oc cømr noccot at þvi sem mellt er at hverr virþir sic. Maþr heitir Sveinki oc er Steinars son. byr avstr viþ Elfina oc hefir lengi setit ifir konvngs lanzscyldom. oc dregr a sic mikit ofrefli oc dramb. en glicligt þicci mer er konvngr mon vilia vera rikare. oc nv vill konvngr hafa af honom rett oc sinar eignir. eþa bioþa honom ella af londom. oc er ecki at slota viþ ne svara scotyrþom. oc mon honom fasc noccorr iafnrikr. þott hann taci ovirþiliga varo mali. oc er honom nv betra en siþarr at snva aleiþis sino mali með soma. en biþa eigi helldr hneisonnar með þriozco sinni. Þa riss Sveinki vpp oc castar hettinom a bac ser aptr oc melir. Putt segir hann. scomm hvnda. scito refar i brvnn carls. heyr a firnn. ermlavss maþr oc af bacscyrtan. hvat boþar þv mer af londom. sendir voro fyrr þessa ørendis .ii. menn þer scylldir Sigurþr vllband het
*22b annarr en *annarr var Gilli bacravf. atti verra nafn en aþrir menn. voro nott i hvsi oc stalo hvars qvomo. hvat boþar þv oss af londom.

¹) s. *Cd.* ²) tioafa *Cd.*

www.libtool.com.cn

oc var minna carp þitt meðan Hacon konvngr fostri minn lifþi. er þv vart sva hreddr ef þv vart a leiþ hans sem mvs í screppv. vartv sva hulþr favtom sem hvndr a scipi. var þer sva troþit i kyl sem corni i belg. vartv sva eltr af oþolom[1] sem arðzgelldingr or stoþi. attir þv einnveg andar rvm sem otr i kelpv. hvatta. lattv goþra gialda vert ef þv cømz með fiorvi a bravt. oc stondvm vpp nv segir hann oc at þeim.

Oc þat eina sa þeir nv raþit Sveinn bryggiofotr oc aþrir lendir menn at sciota hesti vndir Sigurþ. oc riþr hann sva i brot a scoga viþ annan mann. oc lycr sva þesso þingi. at Sve(i)nki ferr heim til bva sinna. en Sigurþr comz norþr til Þrandheims við illan leic. oc for viþ annan mann landveg. com sva til fvndar viþ Magnvs konvng. oc segir[2] honom svabvit. Konvngr melti. Þurftir þu nv nacqvat travstz enna lendo manna minna. Sigurþr svaraþi[2]. letzc enga ferþ slica farit hafa. oc qvaz vna við illa. oc letzc vilia hefna fyr hvernn mvn ef hann mętti. oc eggiar konvng mioc. Konvngr segir. Of mioc dragaz lendir menn þa fram er þeir vilia eigi þess geta er til konvngs cømr. oc hefir þat alldri fyrr vel gefiz i þesso landi. fyrst vm daga Olafs konvngs helga. mal þeira Erlings Scialgs sonar. sva oc vm Einar þambascelfi[3] er iafnaþiz i riki viþ Haralld konvng frenda varnn. sva gafsc nv oc Steigarþori oc Agli. nv kvnna þeir eigi sialfir meta sic. enda er beþi at Sveinki er rikr oc til þess etlar hann. ef hann vill við mic þreyta. Konvngr letr nv bva .v. scip. ferr svþr með landi oc avstr til Vicr. þiggr þar veizlor af lendom monnom sinom. oc segir[2] þeim at hann etlar at hitta Sveinka. oc qvaz etla at hánn mondi einn vilia vera konvngr ifir Noregi. oc eigi mondi hann vilia [at þeir] veri sva ofkatir lendir menn. at sialfs hans menn føri sva stopallt fire þeim oc svivirþliga sem Sigurþr hafði farit. En þeir segia konvngi at maðrinn var beþi ricr oc vdęll. enn orof beþi vapna oc manna.

Nv fara þeir konvngr or Vikinni oc þessir lendir menn með honom Sveinn bryggiofotr oc Dagr oc Kolbeinn clacca. fara þar til er þeir coma fyr bø Sveinka. Þa beiþaz enir lendo menn af konvnginom at vita fyrst tiþindi. oc ganga vpp fra scipom. letzc þeim grvnr á at mannfiolþi mondi vera i scogom. Konvngr biðr þa raþa. oc kallar þo at hann mon bvinn at gera bvondom einhveria hriþ ef þeir føra sic eigi sialfir i hof. Oc er þeir coma vpp a land fra scipom þa sia þeir ferþ Sveinka. var hann cominn a for fra bø sinom meþ her mannz. oc var þat liþ allvel bvit. Þeir enir lendo menn

verþvngar lið
hafþi vngr konvngr
almanna lof.

Þess er oc getit at meþan Sigurðr var með konvngi. at hann atti nacqvarar orrostor oc fecc iafnan sigr. sva segir Jvarr.

Ol hertogi
hrafna i fiorþom
scvlfv sceyti
i Scota bloþi:
þars fyr iofri
avstan comnom
morþals metendr
merki baro.

www.libtool.com.cn

Oc enn.

Bar Sigurði    orr orrosto
sigr at hendi    inn fra Stavri.

Oc enn segir hann.

Haþi hilmir    scyrstr at ollo
hervig fiogor    i Scota velldi.

Oc eptir þetta for Sigurðr vt i lond. oc byriaþi ferþ sina til Roms. oc allt for hann vt til Jorsalalanz oc til Jordanar. oc sotti helga doma þa sem pa(l)marom er titt. sem Jvarr segir[1].

Vann Roms goto    sotti siþan
resir Þrenda    oc synþom hravþ
føti farna    hers oddviti
sa er frama drygþi:    helga doma.

Oc her segir[1] hann fra þvi. er Sigurðr for til Jorsala. oc sotti grof drottins vars. oc keypti ser sva gvþs miscvnn oc mikinn veralldar soma.

Sotti breiþa    aþr i vatni
borg Jorsala    þvi er vigþi gvð
orr oddviti    Sigurþr af ser
vt i londom:    synþir þvegi.

Þat er oc sagt at .v. byscopar gerþo scirslo hans. oc førþo hann i ętt. Sva segir Jvarr.

Gørþo scirslo    sva bar ravnir
vm scioldvngs kyn    at rics konvngs
fim byscopar    þess var enn milldi
þeir er framarst þotto:    Magnvs faþir.

Siþan for Sigurþr vtan af Jorsalalandi vm Gricland. Fracland. Saxland. sem Jvarr segir.[1]

[1]) a. *Cd.*

www.libtool.com.cn

Leto siþan sotti Fracca
svðvigg bvin fremþar rę̨sir
østiz øgir aþr Saxa siot
vtan or Grickiom: Sigvrþr kannaþi.

oc þat segir i qveþino at þa qvemi hann í eyiarnar.

Hell(t) snarr konvngr vigligr vm ver
sneckio einni vestr[1] i eyiar.

Þat er oc sagt at hann hafþiz i cavpferþom við.

### *Fra Sigvrþi slembi.*

Einn vetr var hann a Jslandi með Þorgilsi Odda syni i Savrbø. oc visso fair h(v)err hann var. Þat var vm havstit er savþir voro i rett recnir oc etlaþir til scurþar. oc er þeir hendo savþina. hliop einn savþrenn at honom Sigvrþi sem hann leitaþi þannoc hialpar. Sigurþr rettir at honom hond sina. oc kippir vt or rettinni oc letr hlavpa vpp i fiallit. oc melti. Eigi leita fleiri til travstzins til var. en at travsti scal þat verþa. Þat gørþiz oc vm vetrinn at kona hafþi tekit. oc varþ Þorgisl henne reiþr oc villdi refsa henne. hon hliop þangat til hialpar sem Sigurþr var. oc hann setti hana hia ser i pallinn. Þorgils bað hann fram selia konona oc sagþi (hvat) hon hafþi gort. Sigurþr bað henne friþar. þo hefir hon mitt travst sott. oc gefi henni vpp sokina. Þorgils segir[2] at hon scal viti firir taca. Oc er Sigurþr sa at bvandi vill eigi heyra bøn hans. hleypr hann vpp oc bra sverþi oc bað hann til søkia. Oc er Þorgils sa at hann villdi vigi veria. leizc honom maðrinn með miclo ifirbragþi. oc grvnar hverr vera mon. oc let við beraz at gera a hlvta hennar oc gaf henne friþ. Þar voro fleire vtlendir menn oc hafði Sigurðr minnzt ifirleti. Einn dag er Sigurðr com i stofo teflldi annarr avstmaðr við heimamann Þorgils. sa var scarzmaþr mikill oc barsc mikit á. oc kallaþi avstmaðr a Sigurþ at hann reþi vm taflit með honom. fyr þvi at hann kvnni þat sem aðrar iðrottir. oc er hann leit á þotti honom mioc farit vera taflit. En sa maðr er teflldi við avstmanninn. hafþi saran fot. oc þrvtnaþi ta hans oc vegþi. Sigurþr settiz i pallinn oc tecr eitt stra oc dregr eptir golfino. en ketlingar hliopo eptir golfino. hann dregr ę firir þeim strait. þar til er kømr ifir fot honom. oc nv

[1]) vesta *Cd.* [2]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

lavpa at ketlingarnir oc hnavð[1] i fotinn. en hann sp(r)att vpp oc qvaþ við. en taflit svarfaþiz. gøra þeir nv þrętumal hvarr hafþi. Oc þvi er þessa getit. at hann þotti ner ser taca bragþit. Eigi visso menn fyrr at hann veri lęrðr. en þvatdaginn fyr pascha. þa song hann ifir vatni með presti. ę þotti þess meira vm hann vert sem hann hafþi lengr verit. Oc vm svmarit aþr þeir Þorgils scilþi. melti Sigurþr at hann scylldi kvnnliga senda menn til Sigurþar slembis. Þorgils spyrr[2]. Hvat er þer at honom langt. Hann svarar. Ec em Sigurþr slembidiacn. oc sonr Magnvs konvngs. Scilþo þeir með þvi. oc for hann siþan vtan.

### *Drap Haralls konvngs.*

J þann tima var Haralldr konvngr einn ifir Noregi. oc var þat męlt. at hann veri ecki vitr maþr. oc eigi iafngrimr sem Magnvs Sigurþar son frendi hans. Nv com Sigurþr i Noreg. oc byriar hann ferþ sina a fvnd Harallz konvngs til Biorgyniar. oc gecc bratt a konvngs grið oc flvtti sitt ęrendi. Oc er konvngs raðgiafar vrþo þessa varir. þa røddo menn þat ef Sigurþr veri til rikis leiddr. at hann mondi þeim verþa of storr. sva sem Magnvs hafþi verit. en þeir voro þa mioc i kyrrsęti. oc reþo mioc lendir menn landraþom. oc gafv þeir þat rað til at konvngr leti taca Sigurþ oc drepa hann. oc finna honom þa soc. en hann hafþi verit at vigi Þorkels fostra vestr i eyiom. Þessi raþagørþ for fram. at eitt qvelld siþarla gengo til gestir noccorir þar er Sigurþr var. oc kolloþo hann með ser. toco scvto noccora oc rero a brot fra bønom með Sigurþ. oc norþr vm Holldhello. Sigurþr sat a kisto e(i)nni oc hvgsaþi sitt mal. oc grvnaþi at vera myndo svic. oc hann varþveitto .ii. menn i fyrirrvmino i hoftom. Oc þa er þeir rero catir oc vgþo fatt at ser. þa melti Sigurþr við þa er hann varþveitto. Standit vpp með mer. ec vil ganga a borþ avsa bat minn. Þeir stoþo vpp oc leysto hendr hans. en føtr hans voro i hoptom. en hann greip i herþar þeim baþom. oc steypþi þeim vtanborþs með ser oc sva i kaf. var við sialft at þeir mondo drvcna. aþr þeir yrþi tecnir er þeir røro mikit. en Sigurþr com fiarri vpp oc var þa lavss. oc svam til lanz sva at þeir hofþo hans ecki. Comz hann sva vndan með ras. þvi at hann var allra manna fothvatastr. stefnir hann i fiall vpp. en konvngs menn leitoþo hans alla nott oc fvnndo hann eigi. Hann lagþiz i fiallscor nacqvara. svalaþi honom mioc. for hann af broconom. oc scar ravf a setgeiranom oc smeygþi a sic. toc vt hondonom hia oc hialpaþi sva lifi sino at

[1]) *I Texten staar her* hlavpa, *men et Mærke over Ordet henviser til Rettelsen* hnavð *i Margen.* [2]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

sinne. Konvngs menn hvrfo aptr. oc matto eigi leyna sinom oforom. Sigurþr scilþi nv at eigi var optarr til hialpar at leita a konvngs fvnd. stefnir þa or landi oc til Danmerkr. oc var sv hans sognn. oc at vitnisbvrþ vina hans. at hann hefþi framit scirslo vm faðerni sitt við rað .v. byscopa. Enn vinir Harallz sogþo[1] at þat veri svic oc lygi Dana. At havsti for Sigurþr slembidiacnn af lavnongo norþr í Noreg. oc toco við honom vinir hans oc leyndo honom með ser. Hann var með presti einom. Haralldr konvngr var þa i bønom oc mart rikismanna með honom. þar var oc Jngiriþr drotning. Þav atto einn son er Jngi er nefndr. oc var i Vic avstr at fostri. Haralldr konvngr atti annan son er Sigurþr het. hans moþir var Þora Gutthorms *33 dottir. oc var sa norþr i Þrandheimi *fostraþr. Nv leitaþi Sigurþr vm með tilstilli vina sinna ef hann metti við comaz. at raþa Haralldi konvngi svikreþi oc liftion oc voro i þessom raþom eiþsvarar hans sialfs oc þeir er iafnan sato ifir hans borþi i miclo ifirleti. oc a eino qveldi er þeir etloþo. at fremia þetta velreþi þa røddoz við .ii. menn er sato ifir konvngs borþi. oc melti annarr til konvngs. Herra segir hann. nv hofvm við scotit lavsn þretv ockarrar til yðvarrar orlavsnar. oc hofom við veðiat aski hvnangs hvarr ockarr satt segir. Ec segi at þv mont liggia i nott hia Jngiriþi drotning. en hann segir at þer monoð liggia hia Þoro Gvthorms dottor. Konvngr svaraþi hleiandi oc var mioc ovitandi at sia spurning var sett með sva mikilli vel. oc segir[1] hann mono eiga veþfeit. oc af þvi þottoz þeir vita hvar[2] hans mondi at vitia. En havfvðvorþr var halldinn ifir þvi herbergi er flestir hvgþo at konvngr mondi sofa í oc drotning hvilldi. Oc þat var ena nesto nott eptir Lvcio messo. at Sigurþr slembir oc nacqvarir menn með honom hofþo storreþi með hondom. Sigurþr com til herbergis þess er konvngr hvilldi. oc drapo fyrst varðmenn oc brvto vpp hvrþina. oc gengo inn með brvgðnom sverþom. en konvngr hafþi drvccinn niðr lagz. oc svaf fast oc vacnaþi við þat er menn vago at honom oc melti þat i vvitino. Sart byr þv nv við mic Þora. En hon liop vpp oc melti. Þeir bva sart við þic er verr vilia þer en ec. Þar let Haralldr konvngr lif sitt. Þessir menn gengo inn at honom með Sigurþi. Ogmvndr son Þrandar scaga. Kolbiornn Þorliotz son af Batalldri. Erlendr islendingr. Eptir þat gengo þeir Sigurþr i brot. oc letr hann calla at ser þa menn er heitiz hofþo til foroneytis við hann ef Haralldr konvngr fengi bana. Taca þeir Sigurþr scvto eina oc scipa monnom við arar oc roa vt a vaginn fyr konvngsgarþ. toc þa át lysa af degi. Þa stoð Sigurþr vpp oc talaþi við þa er stoþo a bryggionom oc lysti vigi Harallz a hond ser. oc beiddiz af þeim

[1]) s. *Cd.* [2]) hvart *Cd.*

www.libtool.com.cn

viðtoco at þeir tøki hann til hofþingia. sem hann var ettborinn til. Þangat dreif mart lið or konvngsgarði. oc melto allir a eina lvnd. sogþo at þat scylldi alldregi verþa at þeir þionaþi þeim manne er myrt hafþi broþor sinn. En ef eigi hefir Haralldr konvngr þinn broþir verit. þa er oc ofallit at kalla þig konvng. þvi at þv att ønga ętt til konvnga at telia. Oc lvstv vpp allir vapnataki at þeir scyll(di) vera vtlagir oc friþlavser. oc þvi nest var blasit konvngs lvþri. oc stefnt saman lendom monnom oc hirþmonnom. En Sigurþr oc hans menn sa sinn cost þann venstan at verþa brotto. oc hellt hann norþr a Horþaland. oc atti þar þing við bøndr. oc gengo þeir vndir hann oc gafo honom konvngs nafn. Þa for hann inn i Sognn. oc norþr vm fiall oc i Fiorþo. oc toco flestir vel hans mali. En Jngiriþr drotning oc hirðmenn oc lendir menn bera rað sin saman. oc fylgia Vicveriar henne i Vic avstr. Ferr hon til Jnga sonar sins oc taka hann til konvngs a Borgarþingi. var hann þa a annan vetr. voro i þeim raþom Amvndi oc Þiostolfr Ala son oc margir aðrir storir hofþingiar. En Þrøndr toco til konvngs Sigurþ Harallz son. þa var hann a fiorþa vetr. var hann til konvngs tekinn a Eyraþingi. voro i þeim raþom Ottarr birtingr. Petr Vlfs son. Gothormr a Reini. Ottarr balli oc fiolþi annarra manna. oc sneriz vndir þa brøþr naliga allr lyþr. oc allra hellz fyr þer sacar er faþir þeira var kallaþr heilagr. oc var þeim sva landit svarit. at vndir øngan annan scylldi ganga meðan nacqvarr lifþi sona Harallz. Sva segir[1] Jvarr scald.

Toko siþan
Sigvrþ til landa
Horða(r) oc Sygnir
at Haralld fallinn:
svorþoz margir
menn a þingi
bvþlvngs syni
í broþor stað.

Her vicr hann sva til at þvi sem fyrr var sagt at þeir toco við Sigurþi slembi at konvngi. Haralldr gilli var .xvi. vetr konvngr at Noregi. oc .ii. siþan er þeir borðoz a Fyrileif.

### *Fra Sigurþi konvngi slembi.*

Sigvrþr slembir sotti norþr vm Stað. oc er hann com a Norþmøri voro allt comin fire hann bref oc iartęinir at raþi þeira manna er eigi villdo ganga vndan sonom Harallz. oc fecc hann þegar motstoþor oc vppreist ovina. oc með þvi at hann var liðfar þa foro þeir vndan norþr til Þrandheims. oc leita a fvnd Magnvs Sigurþar sonar ins blinda. For Sigurþr slembir til Holms oc toc þar

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

með valldi or klavstrino Magnvs frenda sinn af navþgom mvncom. en sv er fleire manna sogn at Magnvs føri at vilia sinom. þott annat veri gort til malsbotar honom. oc venti Sigurþr ser af þesso liþsafla sem gafsc. Sigurþr konvngr var inn i bønom. oc voro með honom margir rikir menn. oc var Sigurþi slembi ecki þangat førilict at fara. Sigurþr slember hafþi með ser alla vini sina oc rero inn í ana oc coma festom i konvngs garþ. oc vrþo vndan at leita. þvi at allr lyþr stoð at moti. for siþan i brot. venti ser styrks oc liþsafla af frendom sinom oc Magnvs. oc þat braz eigi með ollo. Flvttiz þa a bravt með Magnvsi þegar eptir iolin. oc þa sotti eptir honom Biornn Erlings son. Gvnnarr af Gimsom. Halldorr Sigvrþar son. Aslacr Haconar son oc þeir brøðr Benedict oc Eiricr. oc hirþen sv er verit hafþi með Magnvsi. oc fiolþi annarra manna. oc fara þeir svþr fyr Møri með floccinn oc allt fyr Ravmsdals mynni oc scipto þar liþi sino. for þa Sigurþr vestr vm haf. en Magnvs til Vpplanda. oc venti ser þar mikils afla. var hann þar vm vetrinn oc vm svmarit. oc hafþi þa mikit liþ. En Jngi biosc í moti með sino liþi. oc hittvsc þar sem heitir i Mynni. varþ þar mikil orrosta oc hafþi Magnvs meira liþ. Sva er sagt at Þiostolfr Ala son hafþi Jnga konvng i killtingo ser meðan bariz var oc gecc vndir merkiom. oc hafþi micla mannravn af erfiþi oc atsocn. oc er þat mal manna at þa hafi Jngi konvngr fengit vanheilindi. þat er hann hafþi alla efi siþan at knytti hrygginn oc annan fotinn oc var sa scemri oc sva aflitill at alldregi varþ hann gengr meþan hann lifþi. en þo sneri mannfallino a hond Magnvsi konvngi. oc fello þessir i onndvrþri fylkyngo. Þorkell oc Halldorr Sigurþar son. Biornn Erlings son. Gvnnarr af Gimsom. oc mikill lvti liðs Magnvs konvngs. aþr en hann villdi flyia. Sva segir Kolli inn prvþi.

Vnnoð avstr fyr Mynni
oddhriþ oc bratt siþan
hilmir fecc vnd hialmi
hrafns ferþar lið sverþom:
logþoð er en eirar
orsynia þic brynio
vngr varþir þv þengill
þitt land saman ranndir.

Oc enn qvað hann.

Fyrr la hans en harra
hringmilldr þaþan villdi
verþvng oll á velli
vigfimr konvngr himni:
svndr klavf siclingr Þrønda
songfvss vm Magnvsi
þer fecz halfo heri
hersciptir iofvrr gipto.

www.libtool.com.cn

Magnvs konvngr flyþi þaðan avstr i Gavtland til Karls Sørqvis sonar. hann var vitr maðr oc agiarnn. Magnvs konvngr oc hans menn sogþo[1] sva hvar sem komo fyr hofþingia. at Noregr mondi vera lavss. *ef *33 b nacqvarir storir hofþingiar villdi søkia er engi var konvngr i landino. oc lendra manna forrað oc stiornn. oc þeir er nv ero hellzt til raþa tecnir af lendom (monnom). þa vex nv avfvnd milli þeira oc vill engi sem annarr. Oc með (þvi) at Karll iarl var agiarnn til rikis oc ahlyþinn vm fortolor. þa samnar hann liþi ok riþr a Vikina avstan. oc gecc mart folk vndir hann fyr hrezlo sacir. Þetta spyrr Þiostolfr Ala son oc Amvndi. þa fara þeir í moti með þat lið er þeir fa. oc hofþo með ser Jnga konvng. Þeir hitta Karll (oc) Gavta her avstr a Krocascogi oc atto þar aðra orrosto. oc varþ þar mikit mannspell. oc fecc Jngi konvngr sigr. Þar fell mart manna af Gavtom. oc flyþi iarl avstr af scoginom. en Jngi konvngr rac flottann allt avstr or riki sino. oc varþ þetta en heþiligsta for. Sva segir[1] Kolli.

Lysa mont hve liosa
lavt hrafn i ben Gavta
avrnn fylldit sic sialldan
sarisa ravþ visi:
golldit varþ þeim er gørþo
glavm herþendom sverþa
ravn er at riki þino
rog a Crokascogi.

Magnvs blindi sotti til Danmarcar a fvnd Eirics eymvna. oc fecc þar goþar viðtocor. bað hann Eiric konvng ef hann villdi fara með Dana her til Noregs oc leggia vndir sic landit. oc hann mon fylgia honom. oc sagði[1] ef hann kømi með mikinn afla. at engi mondi þora at sciota spioti í moti honom. Konvngr bavð vt leiþangri oc for með .cc. scipa norþr í Noreg. oc var Magnvs blindi oc hans menn i liþi með Dana konvngi. Ferr Eiricr avstan vm Vikina. oc foro til hófs nacqvars með specð oc friþi. oc er þeir como i Tvnsberg. var þar fyrir samnaðr lendra manna oc Jngi konvngr. Þar matto þeir eigi a land komasc. oc eigi vatn taca ser. var þar mart drepit af þeim. þaþan helldo þeir inn til Oslo. þar var Þiostolfr Ala son. Sva er sagt at þeir villdo bera scrin Hallvarz ens helga or bønom vm aptanninn. er þeir vrþv varir viþ liþit. oc toco sva margir vndir sem við matto komaz. en sva þvngt var at þeir matto eigi lengra bera en vtar a kirkiogolfit. Vm morgonninn sa þeir scipaliþit er vtan siglldi hia Hofvðey. Þa baro .iiij. menn scrinit or bønom. Þiostolfr gek or bønom oc allt liþit með scrinino. en scrinit for vpp a Ravmariki til Forss. oc var þar .iii. manoþr. Þiostolfr nam

¹) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

staþar fyr ofan bøinn. oc rvnno svmir eptir þeim Þiostolfi. en stafnbvi Eirics varþ sciotastr er Askell het. En Þiostolfr scavt broddør moti honom. oc lavst vndir qverkina. sva at vt kom i hnackann. oc þotti þetta eitt et bezta scot. þvi at ecki var annat bert a honom. Þiostolfr for vpp a Raumariki. oc samnaþi liþi vm nottina. En þeir Eiricr logþo ell(d) i Hallvarzkirkio oc allan bøinn oc brenndo vpp með hringom. Þvi nest com Þiostolfr ofan með miclo liþi. en Eiricr lagþi a brot sino liþi. oc matto þeir hvergi a land comaz þeim megin fiarþar fyŕ samnaþi lanzmanna. en eptir lago .vi. eða .vii. hvar sem þeir como a land. Jngi konvngr var i Hornnborasvndom. oc Amvndi fostri hans Gyrþar son Lavgbersa sonar. oc mikit lið. oc borþoz þeir Eiricr þar. oc drap Jngi konvngr mart manna af honom. Flyþi Eiricr konvngr vnda(n) svðr til Danmarcar. Þat melto menn at eigi hefþi verri ferþ farin verit með miclo liþi. En Eirici þotti Magnvs oc lið hans hafa logit at ser at Noregr mondi avþr fyrir liggia. oc eigi mondi spioti scotit í moti þeim. oc letzc alldregi þeim scylldo slicr vinr sem aþr.

### *Fra sonom Harallz konvngs.*

Nv er at segia fra sonom Harallz konvngs Jnga oc Sigurþi sem sagt hefir vitr maþr oc scynsamr Eiricr Oddz son. oc er þessi frasogn mest eptir sogo Haconar maga lennz mannz. hann sat yfir oc sagþi fra þessom tiþindom er ritat var fyrsta sinne. en hann sialfr oc synir hans voro i þessom ferþom oc i flestom orrostom. voro honom þeir menn kvnnir er her ero nefndir. hefir sa oc er ritaþi sǫgona fleire sannorþa menn nefnda til þessar frasagnar.

### *Fra Sigurþi.*

Sigvrþr slembir com þat svmar i Danmorc oc haþi orrostor .ii. i Eyrarsvndi við Vinðr. aðra svþr við Erri. oc hravþ þar .viij. scip. (oc drap mart manna) en hengþi svma. Dvalþiz hann þa i Svðrlondom vm sceið er hann vissi øngan sinn afla í Noregi. oc var þar mest vm motstoþo sem voro Þrendr oc Mørir. Sva segir[1] Jvarr.

Riso við visa
vestan comnom
Þrøndr oc Mørir
þeir er þrifom nitto:
brvgþvz holþar
i hvga sinom
mennzco milldom
Magnvs syni.

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

Oc fra þvi segir hann er Sigurþr for af Noregi oc hann com i Sviariki. sem her segir.

Drifo til reipa
i roþo veðri
reyndir at risno
resiss þegnar:
vrþo seggir
segls at geta
þa var svalt a sę
en svmir ioso.

Scok veþrvita
í vatom byr
gvlli glestan
vm grams scipi:
kloccar vrþo
en konvngr styrþi
sneccio sneisar
of Sigurþi.

Hratt-hvast skipi
i hvoto veðri
rost riþandi
oc ramir stravmar:
festo seggir
sneckio langa
kynstors iofvrs
við Kalmarnes.

Þa var hann cominn i Dana konvngs velldi. oc gørþi ser þar marga hofþingia at vinom. konvnginn sialfan at vpphafi. sem her segir.

Ser framliga
friþar leitaþi
ilrioþr ara
við Jota gram.

Jvarr getr þess sem fyrr er sagt at hann atti orrosto við Erri.

Møtti Vinþom
sa er vega þorþi
socndiarfr Sigvrþr
svþr við Erri.

Oc enn segir[1] hann.

Hravþ vngr konvngr
.viij. sneccior
vargr gein vm val
Vinþa ferþar
hne fyr eggio
oþioþar lið.

Aþra orrosto atti hann fyr Møri. oc drap þar mart Vinða. sem Jvarr segir[1].

Enn let aþra
avstr fyr Møri
gramr geirþorinn
gvnni haþa.

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

neytti vapna   avrr oddviti
þa er Vinðr hnigo   avþro sinni.

Þaðan hellt hann í Elfina í eystri qvisl oc toc þar .vi. scip af liþi Þoris hvinanntorþa. oc Olafs Harallz sonar kesio. oc ellti Olaf a land vpp. Sem her segir[1].

Vann i Elfi   scvlfv sceyti
þar er iofvrr barþiz   scot mognoþoz
fall folcstara   hn̄igo hringviþir
til foþorleifþar:   hvarratveggio.

Þiostolfr var i Konvngahello oc scylldi þar veria landit. oc Sigurþr hell(t) liþi sino þangat. oc skvtoz þeir á oc matti Sigurþr eigi a land ganga. fello menn af hvarotveggia liþi. oc mart varþ sart. Þar fell Vlfheþinn Savxolfs son norþlennzcr maþr. oc stafnnbvi Sigurþar. Þessa getr Jvarr.

Vann leyfðr konvngr   setto vndan
af liþi Þoris   Olafs liþar
þriv scip hroþin   þeir er or Elfi
i þeiri for:   elltir voro.

Enn þa er Sigurþr la i hofn þeiri er Portyria heitir a Limgarz siþo. oc setti þa scipom er foro i Vikina eða bravt oc rennti. en Tvnbergsmenn gerþo lið at honom oc como a vvart sva at þeir Sigurþr voro a landi oc scipto fengi sino. kom svmt lið ofan at þeim. en þeir lavgþo scipom vm þveran vaginn fyr vtan hofnina. Þar fell mart manna af Sigurþi. þar fell Fiðr geit oc Askell Smiðs son. en Sigurþr comz a scip sitt. oc røri at þeim vt. en scip Vatnorms
* 34 var þar *nest. let hann siga a homlo. en Sigurþr reri vt til hafs. oc komz vndan einscipa. Þa var þetta qveþit.

Varð eigi vel við styrio   Vatnormr i Portyrio.

Sigldo þeir a haf. oc er sigllt var mioc forsc maðr af scipi hans. sa het Kolbeinn Þorlacs son af Batalldri. hann forsc a eptirbati er bvnndinn var við scipit. Sigurþr slembir bra vtleið er hann kom svþr oc var vm vetrinn i Alaborg.

¹) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

*Vm Sigurð konvng slembi.*

Enn of svmarit eptir foro þeir Magnvs baþir saman svnnan .vij. scipom. oc toco þa a Lista a vvart vm nott. er þeir logþo at landi. Þa var firir Benteinn Kolbeins son hirþmaðr Jnga konvngs. oc enn vascasti maþr. þeir gengo þar vpp í netrellding oc komo a vvart oc toco hvs a þeim oc villdo leggia elld i bøinn. Benteinn comz vt oc i hvs noccot meþ herclepom oc var vel bvinn oc etlaþi at veriaz. Þa melti Sigurþr. Hverr vill sveina inn ganga at Benteini. þar er nv vaskliga gort. Engi varþ sciott bvinn til. Benteinn heyrþi hvat þeir melto oc svaraþi. Hverr sem inn gengr þa scal hann finna vapnn fire ser. Myrct var i hvsino. oc stoð Benteinn við dyrrnar með brvgþit sverþ. sciolld hafði hann fire ser oc hialm a hofþi. oc var enn rosqvasti maþr. Sigurþr stoð ifra noccot. oc sa at engi var bvinn til inngongo. þa toc hann grafelld er hann hafði oc ste a oc sneri vm hond ser. oc bra sverþino. oc sneri vpp at hvsino. oc hafþi ecki vm oc var i scyrto einni oc hafþi ecki a hofþi oc feykir inn i hvsit sem kolfi scyti. sv(a) at scio(t)liga var hann i innanverþo hvsino. oc sotti at honvm vtar. oc hio hann þegar banahøgg. oc com sva vt at hann hafþi hofvþit i hendi ser. oc helldr vascligr maðrenn. þvi at allra manna var hann snofvrligastr. sem segir[1] i qveþino.

Hellt a Lista
lofþvngr scipom
avrr fyr Agþir
avstan af nesiom:
hne hersa kyn
herr var i landi
brvnno bygþir
fyr bvðlvngi.

Dre(i)f til scogar
fyr sciolldvngi
landmanna liþ
þar er logar brvnno:
vocþo drengir
meðan dorr roþin
bloð Benteini
aþr bana fengi.

Þeir foro siþan til scipa sinna oc helldo i brot. Sigurþr var mikill maþr oc venn. iarpr a har. oc nacqvat ennisnavþr. blaeygr oc rettleitr. liþr a nefino afrhendr oc fimr. oc hveriom manne gørvari at ser. vm alla lvti. Enn er Jngi konvngr fra drap Benteins. oc þeir brøðr Kolbeins synir Sigvrþr oc Gyrþr. þa gørþi konvngr lið at þeim oc for sialfr. oc toc scip vnda(n) Haconi pvngellto syni Pals oc dottor syní Aslacs Erlings sonar af Sola. oc systrvngi Haconar maga. Jngi konvngr ellti Hacon a land vpp oc lið hans allt. oc toc hvert fat þeira. En þeir flyþo i fiorþo inn vndan. Sigurþr storcr sonr

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

Einriþa i Gavlardal. oc Eiricr hęll broþir hans. oc Anndres kelldoscitr sonr Grims. Enn Sigvrþr oc Magnvs blindi oc Þorleifr sciappa sigldo norðr et ytra .iii. scipom a Halogaland. oc var Magnvs eptir þann vetr i Biarceyio norþr með Viðkvnni Joans syni. en Sigurþr var a Finnmorc þann vetr a lavn. oc meirr en .xx. menn með honom. en hann hio stafna af scipi sino. oc søcþi niþr i Egisfirþi innanverþom. Enn þat var mellt at þeir fengi honom vistir Þorleifr sciappa[1] oc Einarr Ogmvndar son af Sandi oc Gvðrvnar Einars dottvr Ara sonar af Reykianesi af Holom. Þann vetr er sagt at Sigurþr orti viso.

Gott var i gamma
þars ver glaþir drvccom
oc glaþr grams son
gecc meþal beckia:
vara þar gamans vant
at gamans dryckio
þegn gladdi þegn .
þar lannz sem var.

Oc vm varit eptir for hann norþan. oc hafþi scvtor .ii. er Finnar hofþo gort honom. engi var savmr i með sini var bvnndit oc viðiar fyr kne. oc røro .xii. menn a borð sva sciott at ecki toc a vatni. Þetta montv heyrt hafa qveþit.

Fatt eitt fylgir
fvro haleyscri
svipar með segli
sinbvndit scip.

Hann com vt i Vaga oc toc þar Svein prest oc sono hans .ii. oc let drepa þa alla. Sva segir Jvarr. enn nesta vetr eptir er Benteinn var drepinn. at Sigurþr var a valldi Haleyia.

Þann vetr enn nesta
naþra deyþi
hvgfvllr konvngr
með Haleyiom
olli fall
feðga þriggia
vlfs angrtopoþr
vt i Vagom.

Þaþan for hann i Vikar. oc toc þar Vilhialm scinnara lendan mann. oc annan Þorallda kept. oc drap þa baða. Sva segir[2] Jvarr.

Þat var et nesta
norþr i Vagom
vapnascipti
er Vilialmr fell.

Siþan for hann svþr oc møtt(i) Styrcari glesirofo svðr við Byrþo. er hann for svnnan or cavpangi oc drap hann. Sva segir[2] Jvarr.

[1]) scioppa *Cd.* [2]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

Metti siþan
svðr við Byrðo
gramr gvnnþorinn
Glęsirofo:
olli stillir
Styrcars bana
bar benþiþvrr
bloðga vengi.

Oc er hann com svþr til Hvalsness. þa hitti hann Svinagrim oc let hoggva af honom hondina høgri. Sva segir[1] Jvarr.

Veitti visi
fyr Valsnesi
socn snarpliga
Svinagrimi:
hann let missa
milldings hnefa
høgri hanndar
aþr hialldr lykyzc.

Þa for hann svþr a Møri fyr vtan Þrandheimsmynni. oc toc þar Heþin harþmaga oc Kalf klingroavga oc let Heþin vndan ganga en drap Kalf. Þat segir Jvarr at hann tøki Finn honndom.

Møtti Finni
fremþargiornom
orr oddviti
avstr a Qvilldrom:
leto nytan
naddveþrs boþa
Vlfs arfþega
ondo tyna.

Oc enn segir[1] hann.

Vann fyr Møri
milldingr tecr
Heðin með hondom
oc hans liþa:
hann let Kalfi
klingroavga
helldr harðliga
heiptir golldnar.

Oc enn segir[1] hann.

Herscilldi for
harri Sygna
allt ið ytra
eyiar oc strandir.

Oc enn qvað hann.

Sia knatti þar
fyr Sigvrþi
bitra branda
brynior hoggnar
scarþa sciolldo
scopt bloðroþin
veþrblasin vę
of vegondom.

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

Jngi konvngr oc Gyrþr fostri hans spurþo til far(a) Sigurþar. oc sva hvat hann gørþi. þa sendo þeir menn at leita hans Joan kvzo son Kalfs ranga broþor Jvars byscops. oc annan Joan prest smyril. Þeir scipoþo Hreininn er allra scipa var sciotastr .ii. rvm oc .xx. oc foro svþr at leita þeira. En sva sogþo menn. at þeir sei þa en legþi eigi at oc foro aptr við litinn orztir. Sigurþr for til þess er hann com a Horðaland svþr i Herþlo. þar atti Einarr bv son Laxapals. oc var farinn inn i Hamar til gagndagaþings. En þeir toco þar fe allt oc langscip halfþritogt. oc son hans .iiii. vetra gamlan er hvilldi hia vercmanni hans er þeir como. Svmir vildo drepa sveininn en svmir hafa með ser. Vercmaþrinn mælti við þa. Litil hefnd mon yþr i þiccia at drepa. oc litil gøþi at hafa með yþr. oc minn son er sia en eigi Einars. Þeir foro i brot oc hofþo eigi sveininn með ser. En er Einarr com heim gaf hann vercmanni til tveggia avra gvllz. oc letzc avallt scylldo vera vinr hans. Þeir Sigvrþr foro avstr i Vikina. oc toc Finn Savðavlfs son er hann for at heimta lanzscylldir. oc festo hann vpp. oc sigldo siþan svþr[1] til Danmercr.

### *Brefsending Jnga konvngs.*

Þat mellto Vicverir oc Biorgyniar menn at þeim þotti vsannlict er Sigurþr konvngr villdi eigi coma. at veria land með Jnga konvngi brøþr sinom. oc sogþo mikinn mvn er Jngi konvngr var við hascann
*34b allan oc hans lið. oc hafþi margar orrostor haþar við *. . . . . . . en Sigurðr konvngr oc vinir hans sato kyrrir i cavpangi norðr þott favþorbanar hans føri þioðleiþ fyr Þrandheimsmynni. Þa sendi Jngi konvngr bref með innsiglom sinom norðr til Þrandheims. Þat var a ritino. at Jngi konvngr [sendir qveþio[2] Sigurþi brøðr sinom oc hans raþoneyti Saðagyrþi Ogmvndi svipti Ottari birtingi. oc ollom lendom monnom hans. oc sva hirþmonnom oc hvscorlom. vinom ockrom bvondom oc bvþegnom oc allri alþyþo. selom oc veslom. vngom oc gomlom. gvðs oc sina. Vandreþi okor ero ollom monnom kvnnig i þesso landi oc sva øsca sv er þv ert .v. vetra gamall. en ec .iii. vetra. oc megom ecki at hafaz nema við niotim vina ockarra oc goþra manna. en vinir minir þicciaz við vanndreþi comnir. en þer oc yðrir vinir hafit kyrrseti oc hoglifi. Gørit nv sva vel. at þer søkit til mins fvndar sem fiolmennztir. oc verom baþir saman hvatki er i gøriz. Nv er sa ockarr vinr mestr er til þess helldr at við sém sem sattastir. oc iafnhalldnir af ollo. en með þvi at þer afrøkiz oc gørit eigi fara sem þer hafit fyrr gort at navðsynligri orþsendingo minni. scalltv við þvi bvaz at ec mon

[1]) svþr] svðr *Cd.* [2]) [s. q. *Cd.*

www.libtool.com.cn

gera lið a hendr þer. oc scipti þa gvð með ocr. þvi at eigi þicciomc ver standaz mega at hafa fiolmenni með oss sem ver þvrfom við otta þenna en þv tecr lannzscylldir allar halfar við oss i Noregi. Lifit i gvðs friþi. Þa stoð vpp Ottarr birtingr oc melti. Þat er mal Sigurþar konvngs at męla til Jnga konvngs broþor sins. at gvþ þacci honom qveðio sina goþa oc erfiþi oc fiolskylldi oc margfalldan hasca er þv verþr opt við staddr af navðsyniom ockrom. oc sva þinir vinir. En þott svmt þicci helldr avrþict i orþom Jnga konvngs við Sigvrþ broþor sinn. þa hefir hann þo mikit til mals sins vm svma lvti. Nv vil ec sciott lysa ifir mino scapi. ef þar fylgir vili konvngs oc annarra manna at þv Sigurþr farir a fvnd Jnga konvngs broþor þins sem fyrst mattv með þat lið er þv fęr. oc efli hvarr yccarr annan i ollom farselligom lvtom. en almattigr gvð efli baþa ykr. Nv viliom ver heyra orþ þin konvngr. En konvngr var borinn a þingit. bar hann Petr Savðavlfsson. En þetta melti konvngr. Viti allir menn þat. ef ec ma raþa. þa vil ec fara at hitta Jnga broþor minn sem fyrst ma ec. Siþan melti hverr þeira í orþastað annars sem vanþi þeira er til oc tolþo vm tolor langar beþi Gyrðr oc Ogmvndr. oc margir aðrir lendir menn. en þo com i sama staþ niþr sem Ottarr hafþi melt fyr ondverþo. Siþan foro þeir i Vic avstr til fvndar við konvng.

### *Fra Sigvrþ(i) slembi.*

En þat it sama svmar komo þeir Sigurþr slembir með .xxx. scipa ner vetrnottom í Noreg. beþi Dana lið oc Norþmanna. sem her visar til.

Fystiz svnnan
Sigvrþr a lesti
með litit lið
lond at søkia:
biosc með hanom
til herfarar
margs anndvani
Magnvs konvngr.

Hellt þrimtogom
þioðnytr konvngr
sneckiom svnnan
við socn bvinn:
vgþo lyþir
lið Sigvrþar
lec sciolldr við scio(ll)d
a scipom visa.

Þeir brøþr Jngi oc Sigurþr spurþo. oc foro í mot þeim með .xx. scipom allstorom. sem her segir[1].

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

Foro leyfþir
með liþi miclo
Harallz hroþrsynir
herstefno til:
þa er at milldom
Magnvs syni
atroþr a sia
Jngi knvþi.

Þeir hittoz svnnodaginn nesta eptir Marteins messo. en hon var lavgardaginn aðr. tocz þa með þeim orrosta. sem her segir.

Hravt i stongom
þar er hilldingar
við vig vanir
vapna neytto:
horþ spiot bito
beniar sviddo.
herscip rvþvsc
hvarratveggio.

friþr slitnaþi
frenda a millvm
gvþr geisaþi
gecc hilldr saman.
Flvgo hvndrvþom
herstefno til
sargogll vm sia
sveita at drecca:

Stvnþo seggir
stal roðnoþo
scavt biartr konvngr
baþom hondom:
eyddo oddar
iofvrs fvlltrvom
morþ miclaþiz
þa er Magnvs fell.

Þegar i fyrsto hriþ lavgþo Danir fra .xviii. scipom. oc heim svþr. sem her segir.

Flyþo Jotar
.xviii. scipom
þeir er Sigvrþi
svnnan fylgþo:
ravfsc ręsis lið
þa er rikr konvngr
vanr vasforom
vaþna neytti.

Þa hrvþosc scip þeira Sigurþar oc Magnvs. En þa er mioc var hroþit scip Magnvs en hann hvilldi i reckio sinne. þa toc Hreiþarr Griotgarz son er lengi hafþi fylgt honom oc verit hirþmaðr hans. toc hann i fað(m) ser oc villdi hlavpa með hann a annat scip. Þa var Hreiþarr scotinn spioti milli herþanna oc þar i gognom. oc þat sogþo menn at þar fengi Magnvs bana af þvi eno sama scoti. oc fell Hreiþarr a bac aptr a þiliornar. en Magnvs a hann ofan. Oc þat melto allir at hann þotti vel oc prvlliga hafa fylgt sinom lanardrotni. oc gott er hveriom er slican orþrom getr. Þar fell Loþinn

www.libtool.com.cn

af Linostoþom oc Brvsi Þormoz son stafnbvi Sigurþar. Jvarr Kolbeins son oc Havarþr fęgir. Sva segir i drapo Jnga konvngs.

Ravðri dreif þa er rivfa
reð oll fyr gram sciolldo
mioll aþr Magnvs felli
morþgiarnn þrvmo iarna:
harmar øngr þvi at Jngi
attv raþa vel laþi
doct fell drivgt a scocka
drap Sigvrðar vapna.

Synndi sialfr at landi
sniallr en þv bratt allri
vel vm hrosar þvi visi
valkost mvnins fosto:
vlfs bornom varþ arnar
einkar tiþr í viðo
borþ rvþv fregir fyrþar
fvndr Langeyiar svndi.

Þat melti Magnvs konvngr blindi er hann fecc scotit. Þat com .vij. vetrom til siþ. Her fell mikill hlvti liþs þeira. þvi at ecki gecc vndan þat er naþ varþ. Þeir drapo i einom holmi meirr en .lx. manna. Þa fello .ii. islenzkir menn Sigvrþr prestr son Bergþors Mas sonar. annarr Clemet son Ara Einars sonar. En Jvarr scratthanki son Kalfs ens ranga. er siþan var byscop i Þran(d)heime norþr. hann hafþi avallt fylgt Magnvsi. hann comsc a scip Joans koþo broþor sins. Joan atti Cecilio dottvr Gyrþar Barþar sonar oc var þar i liþi .iij. komoz þeir a scip Joans. annarr Arnnbiornn ambi. er siþan atti dottvr Þorsteins í Avþshollti. þriþi var Jvarr dynta Starra son broþir Helga Starra sonar innþrønscr at moþorkyni inn vensti maðr. oc er liþsmenn vrþo varir við at þeir voro þar. þa gripo þeir til vapna oc gengo at þeim Joani. en hann biosk við þeim. oc var við sialft at þar mondi alþyþa beriaz. En þat varþ at sętt með þeim Joani at hann leysti vndan Jvar oc Arnnbiorn. oc festi fe fyr þa. en þat fe var honom gefit siþan. Jvarr dynta var leiddr a land vpp oc havggvinn. þvi at þeir Sigvrþr oc Gyrðr Kolbeins synir villdo eigi fe taca fyrir hann. þvi at þeir kendo honom at hann hefþi verit at drapi broþor þeira. Þat sagþi Jvarr at þat hafþi sva liþit ifir hann at honom þotti mest er nafni hans var leiddr a land vpp vndir øxi oc hvarf til þeira. oc baþ þa hei*la * 35
hittaz. Sva sagþi Gyriþr hvsfreyia Birgis dottir systir Joans erchibyscops at hon letz Jvar byscop þat heyra mela.

### *Fra Sigvrþi konvngi slembi.*

Nv er at segia fra Sigvrþi konvngi slembi at vppgongor tokoz a scip hans. en hann varþiz með miclo ageti oc veitti morgom monnom scaþa. søkia þeir nv aptr at firirrvmino. Sva segir[1] Jvarr.

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

Hravþsc vnd iofri
avstan comnom
bito slog svðrøn
sneckio með stofnom:
þa er skiolldvngs son
af scipi sino
socnførr a sia
svnnz kostaþi.

Siþan konnoþo þeir valinn. oc fvndo eigi Sigurþ slembi oc rero a batom at leita hans. oc fvnndo mann einn a svndi oc villdo drepa. en sa baðsc vndan. oc letzc mvndo segia hvar Sigvrþr slembir veri. oc þat villdo þeir. Scildir oc spiot oc davþir menn flvto viþa a senom hia sciponom. Þa melti maðrinn. Sia mono þer hvar flytr einn ravþr sciolldr þar er hann vndir. Þa rero þeir þangat oc toco hann. oc flvtto hann til lanz. Hann hafþi hlavpit fyr borþ þa er scip hans var hroþit oc steypþi brynionni af ser i kafi. þvi at hann var manna bazt syndr. Hann hafþi ellzvirki a ser. oc var f(n)ioscrinn i valhnotarscvrmsli oc steypt vm vaxi. Hann hafði sciolld ifir ser er hann svam til þess at eigi metti vita hvart sa sciolldr veri eða annarr er margir flvto. Sva sogþo þeir at alldregi myndo þeir hitta hann ef eigi veri þeim sagt til. oc þvi er þess getit hverso hann bio vm ellzvirkit. at þat þotti hvgqvemliga gort at bva sva vm at alldregi vettiz. Sva segir[1] Jvarr.

Varþ a vatni
vikingr tekinn
sa er manna var
mestr fvllhvgi.

Enn þa er þeir como til lanz. var sagt liðsmonnom at Sigvrðr var hanntekinn. þa slo opi a herinn fyr fagnaþi. oc er Sigurþr heyrþi þat melti hann. Margr maðr vandr mon her feginn gørr i dag a mino hofþi. Siþan gecc Þiostolfr Ala son þangat oc melti við hann. Hvi vartv sva diarfr þręls sonrinn at þora at segia at þv verir son Magnvs konvngs. Hann svaraþi. Ecki mattv feðr minom iafna við þinn foþor eða þrel. þvi at litils var þinn faþir verþr hia minom foþor. Sva segir[1] Hallr son Þorgeirs lecnis Steins sonar oc hirþmaðr Jnga konvngs er þar var þa við staddr at þeir reþissmenn konvnganna villdo lata drepa hann þegar. Enn þeir er sinna harma atto mest at reka reþo mest piningo hans. en hann nefndi til þess sono Kolbeins oc Petr Savðavlfs son. en alþyþa manna gecc fra. oc villdo eigi asia. Þa batt Petr með streng handleggi hans sva at ifir vpp gecc holldit. Þa melti Sigurþr. Fast bindr þv nv Petr. Hann svaraþi. Þa kendir þv mer þat er þv drapt Finn broþor minn avstr a Qvilldrom. Þa brvtv þeir fotleggi hans i svndr með øxarhomrom

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

oc sva hanndleggi. oc siþan klvfv þeir svorþ. oc flogo hann or kleþom sinom. oc hyddo hann með svarþsvipom þar til er sva gorla var scinn af honom sem hann veri fleginn kvicr. oc þat segia menn at hann syngi salltara meþan þeir pinndo hann. oc toc þar avallt til sem hann hvarf fra þott øngvit felli a hann a milli. oc bað þa fyr ovinom sinom. Sva segir[1] Jvarr.

Þat tel ec illa
er iofvrr scylldi
kynstor koma
i kvalar slicar:
tecr Sigurþi
siþan engi
maþr røsqvari
vm meþalkafla.

Song salltara
meþan Sigurþ pindo
iofvrs ovinir
yta drottinn:
bað fyr brognom
bavþfreenn iofvrr
þeim er vellscata
veitto pislir.

Oc þa er hann vissi ecki i þenna heim. drogo þeir hann til tres eins oc hengþo hann þar vpp. Sva segir[1] Jvarr.

Fra ec at leti
lif sitt konvngr
þa er salltara
svngit hafþi:

villdi ganga
gramr til scriptar
en þvi þioðkonvngr
þeygi naþi.

Oc er hann var davþr. vrþo allir a eitt sattir beþi vinir hans oc ovinir. at engi maþr hefþi gervari at ser verit en Sigurðr vm alla lvti. sva at menn viti. en þo hefir hann verit ogiptomaðr. Eigi hefi ec fire þvi fara orþa hans getit at eigi hafa ec mart heyrt kent honom at hann hafi melt viþ þa. En Hallr hefir sva sagt at hann melti fatt oc svaraði fam einom monnom þott orþom yrpi a hann. oc sva segir hann. at Sigurþr brasc eigi helldr viþ. en þeir drepi a stocc eða stein. oc þat let hann fylgia. at þat mętti vera of goðan dreng þann er vel veri a þrec bvinn oc hreysti at sva metti stanndaz piningar at þvi at hann helldi mvnni sinom eða brygþi ser litt við. en sva hefir Hallr sagt. at alldregi bra hann mali sino helldr en hann seti a avlbecc milli vina sinna. hvarki melti hann þa hęra ne legra ne scialfhenndra en vanþi hans var til. oc mellti mioc til þess er hann anndaþiz. En prestr sa er þar hafþi kirkiosocn scamt fra. let lic Sigurþar føra þangat til kirkio. en sa var vinr þeira Harallz sona. En þeir lavgþo reiþi a hann firir þetta oc gallt hann þeim fe

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

firir. oc þeir leto føra bravt likit i hreysi. Oc siþan sotto vinir hans likit svnnan or Danmorc oc flvttv svþr til Alaborgar. oc grofo þar at Mario kirkio. Sva sagþi Ketill profastr er varþveitti Mario kirkio. at Sigurþr veri þar grafinn. En Þiostolfr Ala son let føra lic Magnvs konvngs til Oslo. oc grafa i Hallvarz kirkio hia Sigurþi foþvr hans. En Loþin savprvþ førþv þeir til Tvnsberggs. en allt liþ annat grofo þeir þar. oc foro a brot með sigri miclom. Þess minniz Bavþvarr hallti i drapo er hann orti vm Sigvrþ konvng Haralltz son.

Nv scal lyst hve Lista
lęsciarr konvngr harra
gørþiz afregs orþa
efnd þins foþor hefndir:
letoð hialms at holmi
hriþ spurþiz sv viþa
ofkvgi do iofra
allvalldr Sigurþ falla.

Oc enn qvað hann.

Magnvs varþ at morþi
malsniallr i bavþ falla
reþ firir ręsis davþa
rikr þioðkonvngr slicom:
meirr rac þic til þeira
þrecstercr konvngr verka
flagþs hest hafit[1] flestom
fylldom navþr en scylldi.

Þar fell allt oc avrvir
vlfr ravþ a her davþom
teþr i tavgnings[2] veþri
tveir iofrar liþ þeira.

*Drap Ottars birtings.*

Eptir fall Harallz konvngs gilla var Jngiriðr drotning gipt Ottari birting lendom manni oc miclom hofþingia. hann var þrønscr at ętt oc mikill styrcþarmaþr rikis Jnga konvngs meðan hann var i barnnøsco. En Sigurþr konvngr var ecki vinr hans. oc þotti hann allt hallr vera vndir Jnga konvng mag sinn. Ottarr birtingr var drepinn norþr i cavpangi i einvigi vm qvelld er hann gecc til aptansongs. oc er hann heyrþi hvininn af hoggvino. þa bra hann vpp henndinni oc skickionni at moti. oc hvgþi at castat veri snękecki at moti honom sem titt var vngsveinom. Hann fell við hoggit. En Alfr hroþi son hans com þa gangandi i kirkiogarþinn ok sa fall foþor sins oc sva at maðrinn er vegit hafþi hliop avstr vm kirkiona. en Alfr hliop eptir honom. oc drap hann við savnghvss hornit. oc mellto menn at hann hefþi drengiliga hefnt. oc þotti hann myclo meiri maþr siþan en aþr.

[1]) haf̄ *Cd.* [2]) tavgnvngs *Cd.*

www.libtool.com.cn

*(Fra Jnga konvngi oc Sigurþi konvngi.)*

*En er þeir brøþr Jngi konvngr oc Sigurþr konvngr hofþo *35b
verit .vi. vetr konvngar þa com sa maðr vestan af Scotlandi er Eysteinn er nefndr. sem Einarr Scvla son segir.

Jofvrr fystiz avstr avrlyndr oc hravstr.

En þeir hofþo farit eptir honom oc fylgt honom i land Arni sturla Þorleifr Bryniolfs son Kolbeinn hrvga. Eysteinn var tekinn til konvngs a Eyraþingi vm gagndaga. oc svarit honom sva land at hann scylldi hafa þriðivng af Noregi við brøþr sina. oc settvsc þeir brøþr er þeir fvnndvz. En Eysteinn gerþi øngar scirslor eþa tilravnir í Noregi vm faþerni sitt. oc var þvi trvat þar vm er Haralldr sialfr hafþi sagt. Þa var Eysteinn konvngr i Þrandheime er Ottarr birtingr fell. oc þegar stefndi hann til sin bvanda liþi miclo oc for vt til byiarins. En frendr Ottars oc vinir kendo raþit Sigurþi konvngi. er hann var þa oc i cavpangi. oc voro bøndr geystir a hendr honom. en hann bavþ fyr sic scirslor oc festi iarnnbvrþ at hann scylldi sanna mal sitt. oc varþ þat at sett. For Sigvrþr konvngr eptir þat svþr i land oc vrþo þęr scirslor alldregi flvttar. Jngiriþr drotning gat son við Jvari Sveins syni. sa het Ormr. er siþan var kallaþr konvngs broþir. hann var manna friþastr synndom. oc gørþiz mikill hofþingi sem siþan mon getið verþa. Jngiriðr drotning var gipt Arna er kallaþr var konvngs magr. Voro þeira bornn Jngi Nicholas Philippvs oc Jngigerþr er atti Biornn bvccr. oc siþan Simon Kara son.

Einn lendr maþr þeira brøðra Sigurþar oc Jnga het Erlingr sonr Kyrpingaorms oc Ragnhilldar Sveinka dottor. Moþir Kyrpingaorms het[1] en hennar moþir Ragna dottir Orms iarls Scopta sonar oc Jngibiargar dottor Haconar iarls rikia. Erlingr var vitr maðr oc mikill vinr Jnga konvngs. oc með hans raþi var honom gipt Kristin dottir Sigurþar konvngs Jorsalafara. Erlingr atti bv a Stvðlo a Svnnhorþalandi. hann var kallaþr Erlingr scacki. Hann gerþi ferþ sina or landi a bravt oc með honom Einriþi vngi oc enn fleiri lendir menn oc foro vestr til Orcneyia. oc bioggvz til ferþar þaðan Rognvalldr iarl er Kali var kallaþr oc Vilialmr byscop. oc hofþo af Orcneyiom .xv. scip oc siglldo til Svðreyia. oc þaþan vestr til Vallanz þa leið sem siglt hafði Sigurþr Jorsalafari. Þeir siglldo vt vm Norvasvnd.

[1]) *Codex har aabent Rum for Navnet; en Haand fra foregaaende Aarhundrede har udfyldt Lacunen og tilskrevet* Ragna.

www.libtool.com.cn

oc heriopo viþa a Spani a heiðna menn. Litlo siþarr en þeir como vm svndin scilþiz i brot Einriþi vngi með .v. scipom. En Rognvalldr iarll oc Erlingr scacci foro með .x. scip oc hitto a dromvnd einn i hafino oc borþvz viþ þa oc vnno dromvnndinn. Avþvn ravþi er sa nefndr er fyrst gecc vpp a dromvnndinn stafnbvi Erlings. þat var callat fregþarverc. Þeir toco þar allmikit fe oc margar gersimar. Ravgnvalldr iarl oc Erlingr foro vt til Jorsala oc til arinnar Jordanar. oc snero aptr vm havstit oc sigldo til Miclagarz oc leto þar eptir scip sin foro vtan landveg oc helldo heilo þar til er þeir como í Noreg. oc var þeira ferþ allmioc lofoð. Þotti Erlingr scacci siþan myclo meire maþr en aþr. beþi af ferþ sinni oc af qvanfangi þvi er hann fecc. var hann oc spekingr mikill at viti. Hann var mest hallr i allri vinatto til Jnga konvngs.

## *Fra Sigurþi konvngi.*

Sva er sagt at þa er Sigurþr konvngr reið af veizlo i Vic avstr með hirþ sina oc reiþ vm bø þann er ricr maðr atti er Simon het. oc er konvngr reiþ vm bøinn þa heyrþi hann i hvs nacqvat qveþandi sva fagra at honom fannz mikit vm. hann reiþ til hvssins oc sa at þar stoð cona ein við qvernn oc qvað við ageta vel. Konvngr ste af hestinom. oc bað menn sina biþa vti en hann gecc inn einn til konvnnar. En er hann for i brot. þa vissi Simon bvandi hvert ęrendi hann hafþi att til þessar cono. hon het Þora oc var vercakona Simonar. Siþan let hann varðveita cost hennar. oc er stvndir liþv ol sv kona barnn. oc var sa sveinn nefndr Hacon. oc kallaþr sonr Sigurþar konvngs. føddi Simon sveininn vpp með ser. Þar oxo oc vpp synir Simonar Onvndr oc Anndres oc vnnosc þeir mikit. oc scilþi þa ecki nema hel.

## *Fra Eysteini konvngi.*

Eysteinn konvngr varþ vsattr við bønd(r) er hann var staddr i Vic avstr Remi oc Hisingsbva. gerþv þeir samnað at honom en hann barðiz við þa oc hafþi sigr. en drap mart af þeim oc toc giolld oc gisla oc vtlavsnir af svmom. Sva segir[1] Einarr.

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

Vicveriom gallt
varþ þannig hallt
gørreþi gramr
giafmilld(r) oc framr:
flest folc varð hrett
aþr fengi sett
en giolldin ioc
sa er gisla toc.

Vann siclingr sott
með snarpa drott
leyfþ er lyþom kęr
Leicbergi ner:
Remir flyþo rict
oc reiddo slict
avlld festi avð
sem avðlingr bavð.

Litlo siþarr gørþi Eysteinn konvngr før sina or landi vestr vm haf. sigldi til Kataness. oc hann spurþi til hvar Haralldr iarll Madaþar son la i Þorsa. þar lagþi konvngr til með .iii. scvtor. oc kom a þa ovara. en iarll hafþi halfþritøgt scip. oc allfemikit. oc er iarll var vanbvinn við. þa fengo þeir Eysteinn konvngr vppgongor a scipit oc fengo iarll honndom oc hofþo hann með a scip. oc leysti hann sic vt .vii. morcom gvllz. scilþoz þeir at sva bvno. Sva segir[1] Einarr.

Voro songs með sara
syni Maddaþar staddir
mogrennir fremsc manne
mattigr tigir .viij.:

þrimr hattom toc þreytir
þann iarll drasils hranna
hravstr gaf hrescufs nistir
hofvð sitt spocom iofri.

Eysteinn konvngr sigldi þaðan svþr fyr avstan Scotland. oc lagþi til kavpstaþar þess er Apartion heitir. drap þar mart manna en rennti staðina. Sva segir[1] Einarr.

Frett hefi ec at fell
folcs brvstv svell

iofvrr eyddi friþ
Apardionar lið.

Aþra orrosto atti hann svþr við Hiartarpoll. oc kom þeim a flotta. Sva segir[1] Einarr.

Beit bvðlvngs hiorr
bloð fell a dorr
hirþ fylgþiz holl
við Hiartarpoll:

hvginn gladdi heit
hrvþvz Engla beit
ox vitnis vin
valbasta rin.

Eptir þat hellt hann til Hvitabyiar oc barþisc oc fecc þar sigr oc brendi bøinn. Sem her segir.

[1]) s. *Cd.*

www.libtool.com.cn

Joc hilmir hialldr
þar var hiorfa galldr
hiosc hilldar scy
við Hvitaby:
rict let við ronn
ravþsc ylgiar tonn
fecsk fyrþom harmr
fyriscogar garmr.

Eptir þat heriaþi hann viþa vm England. oc þa var Stefnir konvngr a Englandi. Þar nest atti Eysteinn konvngr orrosto við Scorposcer við riddara nacqvara. oc kom þeim a flotta. sem Einarr segir.[1]

Drap doglingr gegn
dreif strengiar regn
við Scorposcer
skialldkønan her:
ravf styriar garþ
þa er stocqva varþ
ranndølom sott
reiðmanna gnott.

Þar nest barþiz hann i Pilavic oc fecc sigr. [Sva segir[2] Einarr.

Ravþ siclingr sverþ
sleit gylþiz ferþ
* 36 prvtt Parta lic
i Pilavic:
vann visi allt
fyr vestan fallt
bran*dr gall við brvn
brent Langatvn.

Langatvn brendi hann siþarst a Englandi aþr þeir foro brot vm havstit oc komo aptr til Noregs. oc røddo menn mioc misiafnt vm þessa ferþ. Eysteinn konvngr þottisc þessa ferþ hafa gort i hefnd þess er Haralldr konvngr Sigurþar son for vestr oc fell þar.

Þeira brøðra for allt vel i milli meþan fostrar þeira lifþo. oc hofþo þeir eina hirð Jngi konvngr oc Sigvrþr. en Eysteinn einn ser. En þa er þeir avndvþvz Gyrðr oc Amvndi Þiostolfr oc Ottarr birtingr. Ogmvndr sviptir oc Ogmvndr son Kyrpingaorms broþir Erlings scacka. þvi at litils var Erlingr virðr meþan Ogmvndr lifþi. Enn er þeir voro allir andaþir. þa skilþo þeir Jngi konvngr oc Sigurðr konvngr hirþina bralliga. Sigurþr konvngr var ofstopamaþr mikill oc veirþar. vm alla lvti þa er hann ox vpp. oc sva var Eysteinn konvngr broþir hans. oc var þat nerr nockvi. en allra var hann fegiarnastr. Jngi konvngr var litt heill. hann var hryggbrotinn. oc sva visnaþi fotr hans annarr. at hann gecc mioc halltr. en hann var þo vinsell mioc við alþyþo.

Einarr Scvla son var með þeim brøðrom Sigurþi oc Eysteini. oc var Eysteinn konvngr mikill vin hans. oc Eysteinn konvngr bað

¹) s. *Cd.* ²) [s. s. *Cd.*

www.libtool.com.cn


